FRÉTTABLAÐIÐ
252. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 25. OKTÓBER 2018

# Fjölskylda José afskipt á Spáni

**SAMFÉLAG** Fjölskylda José Ignacio Soto Roldán, 33 ára Spánverja sem lést á Akureyri fyrir viku, upplifir sig afskipta í því ferli sem fór í hönd eftir lát hans. Lík José var meðal annars yfir nótt í ókældri geymslu Flytjanda. Tilfinningunum sem þau bera í brjósti verði vart lýst með orðum.

José lést síðastliðinn fimmtudag á Akureyri. Kryfja þurfti líkið til að finna út hver dánarorsökin væri. Þar sem enginn réttarmeinafræðingur er á Akureyri þurfti að flytja líkið suður. Í því ferli voru gerð mistök þegar kistunni var komið fyrir í ókældri geymslu.



José Ignacio Soto Roldán

> Það er með miklum sársauka og vanþóknun sem ég rita þessi orð.

Frænka José Ignacio Soto Roldán

Starfsmaður Flytjanda sem uppgötvaði mistökin var vinur José og lét hann fjölskylduna vita.

„Það er með miklum sársauka og vanþóknun sem ég rita þessi orð,“ segir í yfirlýsingu frá frænku José sem send var Fréttablaðinu.

„Sársaukinn sem fráfall José hefur valdið okkur er einn sá mesti sem hugsast getur. Þó hefur það valdið fjölskyldunni enn meiri kvöl að vita til þess að lík hans var gleymt og yfirgefið í ókældri vörugeymslu yfir nótt. Mögulega hefði hann verið þar yfir helgi ef ekki hefði verið fyrir árvökulan starfsmann fyrirtækisins.“

Sendiherra Spánar í Noregi hefur umsjón með málefnum Spánar á Íslandi. Fjölskyldan ber sendiherranum ekki vel söguna og að þau séu í raun í myrkri.

Vinir José hér á landi lýsa því að þeir hafi í raun þurft að þjóna sem milliliðir og að gífurlega erfitt sé að fá svör við þeim spurningum sem þeir hafa. Þá hafi fjölskyldan ekki heyrt orð frá Flytjanda vegna málsins. Tilfinningunum sem þau bera í brjósti sé erfitt að lýsa. – **jóe** / **sjá síðu 2**

# Flett ofan af uppflettunum

**PERSÓNUVERND** Skattgreiðendur gætu átt rétt á að fá upplýsingar um hver óskaði eftir og fékk persónuupplýsingar þeirra í sínar hendur á vefsíðunni Tekjur.is. Þetta segir Jóhann Tómas Sigurðsson lögmaður. – **tfh** / **sjá síðu 6**

# Bréfsprengjur í Bandaríkjunum

**BANDARÍKIN** Bréfsprengjur stílaðar á Obama-fjölskylduna og Clinton-hjónin auk tveggja annarra Demókrata og fjölmiðilsins CNN vöktu óhug í Bandaríkjunum í gær. Donald Trump sagði árásina svívirðilega.

Virk sprengja og dularfullt duft var sent á fréttastofu CNN. Sendingin var stöðuð á John Brennan, fyrrverandi yfirmann CIA, sem verið hefur tíður gestur hjá CNN. – **þea** / **sjá síðu 8**

# Hvað veit Facebook um þig?




| | |
|---|---|
| Nei | 59,7% |
| Já | 31,1% |
| Ekki á Facebook | 7,2% |
| Veit ekki | 1,9% |
| Vildi ekki svara | 0,1% |




Facebook safnar ýmsum upplýsingum um notendur sína. Hægt er að nálgast skrá sem geymir öll gögn um aðgang hvers og eins. → 10

Fjöldi ritrýndra vísindagreina hefur verið birtur um neikvæða líkams- og sjálfsmynd einstaklinga sem nota samfélagsmiðla frá degi til dags. Kvíði, þunglyndi og félagsfælni eru vandamál sem oft eru nefnd í því samhengi. Á þetta við um fólk á öllum aldri.

Togstreitan við það að vera sífellt tengd samfélagsmiðlum tengist meðal annars hræðslunni við að missa af einhverju og einnig glansímyndinni sem er víða. Fullorðnir ánetjast miðlinum ekki síður en börn og unglingar með ófyrirséðum afleiðingum. Miðað við það hversu margir nota Facebook og hversu mikið í senn, er vert að spyrja að því hversu örugg Facebook er.

Eitt af því sem Facebook safnar um notendur sína eru samtöl um allt mögulegt. Það kæmi sér eflaust illa fyrir marga ef slíkt myndi leka. Fréttablaðið tekur saman hættur Facebook, kosti og galla.

**Óhætt er að kalla Facebook frumskóg upplýsinga og þá er margt sem gott er að hafa í huga.**

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Katrín Atladóttir vill að skattheimtu sé stillt í hóf. 20

**SPORT** Ísland kafsigldi Grikkland eftir hæga byrjun á leiknum. 22

**MENNING** Bubbi fær fjórar stjörnur fyrir ljóðabókina Rof. 30

**LÍFIÐ** Sjálfur David Gilmour, gítarleikari Pink Floyd, hrósar Todmobile fyrir útgáfu af Awaken á YouTube. 38

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður



Norðan og norðvestan 8-13 og él eða dálítil snjókoma norðan til, en yfirleitt bjartviðri syðra. Hiti nálægt frostmarki. SJÁ SÍÐU 26

# Jafnréttisbaráttan stendur enn




Kvennafrí var á Arnarhóli í gær. „Okkur hefur í alvörunni tekist að eyða heilli plánetu á styttri tíma en okkur hefur tekist að viðurkenna konur sem menn,“ las Karitas Mörtudóttir Bjarkadóttir háskólanemi úr ljóði sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá Arnarhóli er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðsappinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Jón Trausti vill 10,5 milljónir í bætur frá ríkinu

**DÓMSMÁL** Jón Trausti Lúthersson fer fram á 10,5 milljónir í skaðabætur frá ríkinu vegna ólögmæts gæsluvarðhalds en hann sat í einangrun í 21 dag vegna rannsóknar á dauða Arnars Jónssonar Aspar í fyrra.

Sveinn Gestur Tryggvason var einn ákærður og dæmdur fyrir að hafa verið valdur að dauða Arnars, með hættulegri líkamsárás, en sex manns voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins. Auk Jóns Trausta hafa bræðurnir Marcin Wieslaw og Rafal Marek Nabakowski einnig krafist bóta en þeir sættu einangrun í viku vegna málsins.



Jón Trausti Lúthersson

Ríkislögmaður hefur þegar hafnað bótakröfu Jóns Trausta með þeim rökum að hann hafi sjálfur valdið eða stuðlað að gæsluvarðhaldinu, þar sem hann hafi ekki sýnt samvinnu við rannsókn málsins, gefið litlar eða óljósar skýringar á atburðarás og hafnað því að veita lögreglu leyfi til að skoða símann sinn.

„Það er fráleitt að halda því fram að hann hafi sjálfur stuðlað að einangrun sem hann sætti í 21 dag. Framburður hans var afdráttarlaus allan tímann og í samræmi við frásagnir vitna,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Jóns Trausta.

Bótaréttur Jóns er í stefnu byggður á því að ekki hafi verið færðar sönnur á meinta háttsemi hans og sakir á hendur honum hafi verið felldar niður. Hans eina aðkoma að andláti Arnars hafi falist í því að afvopna hann og yfirbuga. Frásögn hans hafi verið óbreytt frá fyrstu yfirheyrslu og allt þar til hann hafi gefið skýrslu í aðalmeðferð sakamálsins gegn Sveini Gesti. **– aá**



Gylfi Arnbjörnsson flytur setningarræðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Forseti kvaddi

**FÉLAGSMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, fráfarandi forseti ASÍ, kvaddi félagsmenn í setningarræðu á þingi sambandsins í gær.

Gylfi sagði ASÍ og samfélagið standa frammi fyrir miklum áskorunum nú þegar undirbúningur kjarasamninga stæði sem hæst og toppi hagsveiflunnar hefði verið náð.

Þá gagnrýndi hann stjórnvöld fyrir að hafa á undanförnum árum hirt lungann af þeim ávinningi sem kjarasamningar hefðu tryggt þeim tækjulægstu. **– sar**




# Finnst sárt að hafa ekki fengið afsökunarbeiðni

Mistök voru gerð við flutning á líki 33 ára Spánverja sem lést hér á landi í liðinni viku. Fjölskyldu hins látna á Spáni sárnar að enginn hafi beðið þau afsökunar og vottað samúð sína. Samskiptaleysi sendiráðsins vekur þeim einnig gremju.

**SAMFÉLAG** Fjölskylda José Ignacio Soto Roldán íhugar að kanna réttargrundvöll sinn vegna máls hans. Sárast finnst þeim að enn hafi enginn frá Flytjanda haft samband við þau, beðist afsökunar á mistökunum og vottað þeim samúð sína vegna málsins.

José var 33 ára Spánverji, ættaður frá smábæ skammt frá Granada í Andalúsíuhéraði Spánar, en fjölskylda hans er ekki efnuð. Vinur hans hafði komið hingað til lands fyrir þremur árum og lofaði landið. Það varð því úr að José fluttist hingað til Akureyrar fyrir um þremur vikum.

Að morgni fimmtudagsins fyrir viku vöknuðu vinir José til að fara til vinnu. Það var þá sem þeir tóku eftir því að hann var lífvana. Lögregla var kölluð til og vinunum tjáð að flytja þyrfti líkið til Reykjavíkur til að framkvæma á því krufningu. Sá flutningur myndi fara fram á mánudag.

Að sögn vina og aðstandenda kom það því nokkuð flatt upp á þá þegar líkið var flutt suður strax á föstudagskvöld. Þegar líkið kom til Reykjavíkur voru þau mistök gerð að í stað þess að kistunni væri komið fyrir í kældri geymslu var hún geymd yfir nótt í geymslu þar sem hitastigið stýrist af veðrinu utandyra.

Fréttablaðið spurðist fyrir hjá lögreglunni og útfararstofunni á Akureyri hvers vegna lík José var flutt svo fljótt en upphaflega var stefnt að því að líkið yrði krufið á þriðjudag. Lögreglan benti á útfararstofuna sem vildi engu svara um ástæður hins snögga flutnings.



Lík José Roldán var yfir nótt í ókældri geymslu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**» José Roldán var 33 ára, ættaður frá smábæ skammt frá Granada í Andalúsíuhéraði á Spáni. Vinur hans kom hingað til Íslands fyrir þremur árum og lofaði landið. Það varð því úr að José fluttist hingað til Akureyrar fyrir þremur vikum.**

Fjölskylda José hefur óskað eftir því að vinir hans hér á landi fái að sjá líkið áður en útförin og líkbrennsla fer fram.

Þau svör hafa aftur á móti fengist frá sendiráði Spánar í Ósló að slíkt sé ekki æskilegt. Fyrirhugað er að vinir José muni taka við duftkeri hans og flytja það með sér í handfarangri til Spánar þar sem hann verður lagður til hinstu hvílu. Að sögn fjölskyldu og vina eru dagarnir fram að því í lausu lofti og þau viti í raun lítið sem ekkert um stöðu mála.

Fjallað var um málið í fréttamiðli Spánverja á Íslandi í gær. Viðbrögð við þeirri umfjöllun og upplifun fjölskyldunnar af málinu öllu hefur vakið talsverða athygli. Þeir sem deila fréttinni velta því meðal annars fyrir sér hvort öðruvísi hefði verið búið um hnútana hefði verið um Íslending að ræða.

joli@frettabladid.is

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA



**FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS**

**BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI**




HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 06/17, ekinn 75 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
**4.250 þús. kr.**




NISSAN Micra Tekna Bose
Nýskr. 08/17, ekinn 20 þ.km, dísil, 5 gírar.
VERÐ:
**2.490 þús. kr.**




TOYOTA Yaris Live
Nýskr. 05/15, ekinn 57 þ.km, bensín, 5 gírar.
VERÐ:
**1.490 þús. kr.**




HONDA HRV 2wd
Nýskr. 06/16, ekinn 15 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ:
**2.990 þús. kr.**




VW Golf Highline
Nýskr. 05/15, ekinn 47 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ:
**2.990 þús. kr.**




TOYOTA Land Cruiser 150 GX
Nýskr. 05/17, ekinn 46 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
**7.990 þús. kr.**




HYUNDAI I30 Style+
Nýskr. 06/17, ekinn 23 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ:
**3.550 þús. kr.**




SKODA Octavia Ambition Combi
Nýskr. 10/15, ekinn 45 þ.km, bensín, 6 gírar.
VERÐ:
**2.290 þús. kr.**




RENAULT Kadjar Bose 2wd
Nýskr. 08/17, ekinn 24 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
**3.890 þús. kr.**




RENAULT Captur Intens
Nýskr. 02/17 ekinn 24 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
**2.890 þús. kr.**




NISSAN Qashqai Tekna 2wd
Nýskr. 09/17, ekinn 9 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
**4.490 þús. kr.**




SKODA Yeti Ambition
Nýskr. 06/16, ekinn 72 þ.km, dísil, 6 gírar.
VERÐ:
**2.890 þús. kr.**




NISSAN Qashqai Acenta 2wd
Nýskr. 07/17, ekinn 17 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ:
**3.190 þús. kr.**




RENAULT Clio Zen Sport Tourer
Nýskr. 05/18, ekinn 26 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
**2.590 þús. kr.**




NISSAN Juke Acenta
Nýskr. 04/16, ekinn 20 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ:
**2.690 þús. kr.**




HYUNDAI Tucson Style
Nýskr. 02/17, ekinn 29 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
**4.990 þús. kr.**




HONDA Accord
Nýskr. 06/14, ekinn 62 þ.km, bensín, 6 gírar.
VERÐ:
**2.190 þús. kr.**




HYUNDAI Santa Fe III Style
Nýskr. 06/15 ekinn 68 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
**4.890 þús. kr.**




NISSAN Pulsar Acenta
Nýskr. 05/18, ekinn 25 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ:
**2.890 þús. kr.**




DACIA Duster Comfort 2wd
Nýskr. 05/18, ekinn 25 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
**2.990 þús. kr.**

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli. ENNEMM / SÍA / NM90539

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
**www.facebook.com/bilaland.is**

**Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.**

**bílaland**







Þess var krafist á Arnarhóli í gær að stjórnvöld setji jafnrétti kynja og baráttu gegn kynbundnu ofbeldi í forgang.







# Gagnkvæm virðing á pláss

Mjög fjölmennt var á Arnarhóli í gær á baráttufundi í tilefni af kvennafrídeginum. Meðal þeirra sem þar fluttu ávarp var Áslaug Thelma Einarsdóttir, sem nýlega var sagt upp störfum hjá Orku náttúrunnar. Hún hafði kvartað undan kynferðislegri áreitni framkvæmdastjóra fyrirtækisins. „Það á enginn að þurfa að óttast velferð sína eða lífsviðurværi við það eitt að setja eðlileg mörk. Það er enginn staður lengur fyrir rudda og dóna á vinnustöðum. En það er nóg pláss fyrir gagnkvæma virðingu,“ sagði Áslaug.





# Landsréttur sýknaði í gær alla þrjá í Aurum-Holding málinu

**DÓMSMÁL** Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, Magnús Arnar Arngrímsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis, og Jón Ásgeir Jóhannesson voru allir sýknaðir í Landsrétti í gær í svokölluðu Aurum Holding-máli.

Málið snýst um meint umboðssvik og hlutdeild í tengslum við sex milljarða króna lánveitingu Glitnis til félagsins FS38 ehf. árið 2008. Félagið var í eigu Pálma Haraldssonar.

Lárus og Magnús Arnar voru ákærðir fyrir umboðssvik vegna lánsins. Einnig var Jón Ásgeir, sem var einn aðaleigenda Glitnis, ákærður fyrir hlutdeild í umboðssvikunum.

Lárus og Magnús voru sakfelldir í héraðsdómi í nóvember 2016 en Jón Ásgeir og Bjarni Jóhannesson, fyrrverandi viðskiptastjóri hjá Glitni, voru sýknaðir. Lárus hlaut eins árs fangelsisdóm en Magnús tveggja ára. Báðir áfrýjuðu til Hæstaréttar en málið var síðan fært niður til Landsréttar.

Upphaflega var ákært í málinu árið 2012 og það tekið fyrir tveimur árum síðar. Allir fjórir voru þá sýknaðir og málinu áfrýjað til Hæstaréttar. Í apríl 2015 ógilti Hæstiréttur dóm héraðsdóms. Málið var því aftur tekið fyrir í héraði í nóvember 2016.

Ríkið var í gær dæmt til að greiða samtals 22,3 milljónir króna til lögmanna þeirra sem sýknaðir voru. **– db**



**Lögmenn sakborninga ganga til dóms í Landsrétti í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Håkan Juholt.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Svíar vilja fleiri Íslendinga í nám

**MENNTAMÁL** „Frá því að ég tók við embætti sendiherra fyrir um ári hef ég tekið eftir auknum áhuga íslenskra námsmanna á námi í Svíþjóð," segir Håkan Juholt, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi.

**»** **Samkvæmt tölum frá LÍN voru 165 íslenskir námsmenn í sænskum háskólum á síðasta ári.**

Sendiráðið stendur fyrir viðburðinum „Námstækifæri í Svíþjóð" á morgun milli klukkan 12 og 16 á Litla Torgi Háskóla Íslands. Þeir háskólar sem verða með kynningu eru Chalmers-tækniháskólinn í Gautaborg, Gautaborgarháskóli, Háskólinn í Lundi, Linné-háskóli, Umeå-háskóli og Jönköping-háskóli.

Håkan segir gott orð fara af Íslendingum í sænskum háskólum.

„Íslenskir námsmenn eru vel metnir í Svíþjóð og þessir skólar eru mjög áhugasamir um að fá fleiri Íslendinga í nám," segir Håkan. **– sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Þurfum að senda þau skilaboð að iðnnám loki engum leiðum

**Níu þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram frumvarp sem myndi jafna stöðu sveinsprófs og stúdentsprófs sem inntökuskilyrðis í háskóla. Fyrsti flutningsmaður frumvarpsins segir að þótt ýmislegt hafi verið gert sé mikilvægt að taka stærri skref til að efla iðnnám. Formaður Samiðnar fagnar frumvarpinu.**

**MENNTAMÁL** „Við þurfum að þora að leggja fjölbreytt mat á nemendurna sem koma úr skólakerfinu okkar og senda krökkum og foreldrum þau skilaboð að það loki ekki leiðum að velja iðnnám. Þetta eru skilaboð sem við verðum að senda því fólk er fast í þessari kreddu, að maður verði að hafa stúdentspróf," segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Hún hefur ásamt átta flokkssystkinum sínum lagt fram frumvarp á Alþingi um að sveinspróf verði metið til jafns við stúdentspróf sem inntökuskilyrði í háskóla.

„Það hefur ýmislegt verið gert til að efla iðnnám en við erum samt ekki að sjá neinar umtalsverðar breytingar á fjölda þeirra sem fara í iðnnám. Við þurfum að ráðast í miklu stærri breytingar. Þótt þetta frumvarp snúi aðeins að þessu eina atriði held ég að það yrði mikil breyting ef við færum að gefa stúdentsprófi og sveinsprófi sama vægi."

Áslaug Arna bendir á að of miklar skorður séu settar á möguleika fólks til að sækja sér aukna menntun þótt háskólum yrði áfram í sjálfsvald sett að setja sérstakar inntökukröfur í einstaka greinum. „Það mun reynast okkur dýrmætt ef við fáum inn í háskólana fólk með fjölbreyttari bakgrunn."

Hún segir að hér sé líka um ímyndarvanda að ræða. „Hluti þess vanda er sá að löggjafinn er búinn að ákveða að þetta sé svona. Löggjafinn á ekki að mismuna þessum námsleiðum."

Í gær fór einnig fram sérstök umræða á Alþingi um stöðu iðnmenntunar þar sem Áslaug Arna var málshefjandi en Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra tók einnig þátt.

„Ráðherrann fór yfir ýmsar kerfisbreytingar sem unnið er að og tók vel í umræðuna. Ég vildi setja þetta á dagskrá því ég tel vandann alvarlegri en fólk gerir sér grein fyrir. Þrátt fyrir stafræna byltingu verður áfram þörf fyrir fólk með þessa færni og þekkingu þótt störfin breytist. Frumvarpið er hugsað sem eitt skref af mörgum sem þarf að taka."

Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar, segist fagna frumvarpinu. „Við höfum lengi sagt að við viljum hindranalaust nám og teljum að við fengjum meira streymi inn í iðngreinarnar með svona breytingu. Það er mjög mikilvægt að fá samfellu í framhaldsnámið."

Hann segir að iðnmenntun ætti að nýtast vel sem grunnur inn í margt háskólanám og tekur sem dæmi verkfræði og arkitektúr. „Ef af þessu yrði myndi fjölbreytni í framhaldsnáminu aukast því það væri ekki bara fólk með stúdentspróf að koma inn í háskólana."

**sighvatur@frettabladid.is**



**Hlutfall nemenda í starfsnámi á framhaldsskólastigi er töluvert lægra á Íslandi en að meðaltali í ESB.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég vildi setja þetta á dagskrá því ég tel vandann alvarlegri en fólk gerir sér grein fyrir.**
>
> Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

ramisland.is

RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST





TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM 3500 SLT, LARAMIE EÐA LIMITED.
RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 6.260.000 ÁN VSK.
KR. 7.762.400 MEÐ VSK.

RAM 3500 LIMITED 40" BREYTTUR

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM

GILDIR TIL 29.10.18

# TAX FREE




## AF ÖLLUM VÖRUM

## Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

ERUM Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - BÍLDSHÖFÐA - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

# Ekki óeðlilegt að Seðlabankinn grípi inn í gjaldeyrismarkaðinn

Kristrún Mjöll Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku banka, segir ekki óeðlilegt að Seðlabanki Íslands grípi inn í gjaldeyrismarkaðinn þegar eins konar „spírall“ skapast á markaðinum, líkt og gerðist á miðvikudag. Slíkar aðstæður geti valdið því að gengi krónunnar hreyfist meira en undirliggjandi forsendur séu fyrir.

Seðlabankinn greip inn í markaðinn með því að selja samtals níu milljónir evra, jafnvirði um 1,2 milljarða króna, eftir að gengi krónunnar hafði veikst skarpt. Veikingin kom einkum til af því að ekki fundust nægilega margir kaupendur á gjaldeyrismarkaði að krónum sem bandaríski stórbankinn Goldman Sachs hafði boðið til sölu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.



**Kristrún Mjöll Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku.**

Þetta er í annað sinn í haust sem Seðlabankinn grípur inn í markaðinn en hann seldi gjaldeyri fyrir 1,2 milljarða króna um miðjan síðasta mánuð. Voru það fyrstu inngrip bankans í tíu mánuði. Í báðum tilfellum stöðvuðu kaup bankans á krónum gengisveikinguna sem gekk að mestu til baka.

„Ef um er að ræða lengri tíma þróun sem efnahagslegar forsendur eru fyrir, svo sem veikingu krónunnar yfir nokkurra mánaða tímabil vegna minnkandi viðskiptaafgangs, þá væri mjög óeðlilegt og kostnaðarsamt ef Seðlabankinn myndi grípa inn í til þess að reyna að eiga við þá langtímaþróun,“ segir Kristrún í samtali við Fréttablaðið.

Hins vegar geti ákveðnar sveiflur skapast á gjaldeyrismarkaði sem geri það að verkum að það gæti þótt eðlilegt að Seðlabankinn grípi inn í. Þróunin á síðustu vikum sé gott dæmi um það.

„Það ætti ekki að koma neinum á óvart,“ útskýrir Kristrún, „að gengið hafi verið að veikjast. Það er margt sem bendir til þess að það hafi verið pressa í þá áttina þó svo að það hafi ekki komið neitt stórt utanaðkomandi áfall. Viðskiptaafgangur hefur farið minnkandi en það er fyrst og fremst skortur á fjármagnsflæði sem hefur ýtt undir þessa miklu veikingu sem við höfum séð nú á skömmum tíma. Fáir fjárfestar hafa viljað kaupa krónur.

Það getur gert það að verkum að ef einn stór fjárfestir vill selja krónur fyrir háa upphæð, eins og gerðist fyrr í vikunni, þá eru einfaldlega ekki nógu margir kaupendur á markaðinum. Fjármagnið hringlar þannig í kerfinu og það skapast eins konar spírall á markaðinum sem getur valdið því að gengið hreyfist umtalsvert meira en undirliggjandi forsendur eru fyrir,“ segir Kristrún. Undir slíkum kringumstæðum sé ekkert óeðlilegt við að Seðlabankinn grípi inn í. **kristinningi@frettabladid.is**

# Tekjur.is gæti þurft að nafngreina þá sem sækja upplýsingar af vefsíðunni

**Vefsíðan Tekjur.is gæti þurft að gefa upp hvaða áskrifendur flettu öðrum upp á síðunni. Beiðnin þyrfti að koma frá þeim sem upplýsingarnar varða.**

Skattgreiðendur gætu átt rétt á að fá upplýsingar um hver óskaði eftir og fékk persónuupplýsingar þeirra í hendur á vefsíðunni Tekjur.is. Þetta segir Jóhann Tómas Sigurðsson, lögmaður og annar eigandi Lagahvols.

Á síðustu vikum hefur verið fjallað um vefsíðuna Tekjur.is sem birtir upplýsingar um tekjur allra skattgreiðenda. Eru upplýsingarnar byggðar á skattskrá 2017 sem gefin er út af Ríkisskattstjóra. Notendur kaupa aðgang að vefsíðunni og geta í kjölfarið flett upp tekjum skattgreiðenda.

Lögbannskröfu á Tekjur.is var hafnað af sýslumanni í síðustu viku en Persónuvernd hóf í kjölfarið athugun á því hvort heimild væri fyrir vinnslu þessara upplýsinga. Hafði Viskubrunnur ehf., ábyrgðaraðili vefsins, frest til 23. október til að svara stofnuninni.

„Það hefur verið fjallað um ágreining um heimild til að vinna upplýsingarnar en réttindi skattgreiðenda, það er hins skráða, hafa fengið minni athygli. Þú sem skattgreiðandi getur sent fyrirspurn til þess sem er að vinna upplýsingarnar og honum ber þá skylda til þess að veita tilteknar upplýsingar,“ segir Jóhann Tómas.



Áskrifendur geta sótt upplýsingar um tekjur skatttgreiðenda á vefsíðunni Tekjur.is. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Jóhann vísar í lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem tóku gildi í sumar en þannig voru ákvæði svokallaðrar GDPR-reglugerðar lögfest á Íslandi. Segir Jóhann að lögin veiti einstaklingum heimild til að óska eftir upplýsingum um hvaða notendur hafi flett upp tekjum viðkomandi frá því að vefsíðan fór í loftið.

„Þá vaknar sú spurning hvaða upplýsingar ábyrgðaraðilanum ber að veita. Það veltur á því hvort réttur skattgreiðanda, það er hins skráða, sé sterkari en réttur áskrifanda til þess að vera ekki nafngreindur. Ég tel að sterk rök hnígi að því en komi upp ágreiningur er það hlutverk Persónuverndar að skera úr um það.“

Jóhann segir að til þess að hægt verði að skera úr um málið þurfi skattgreiðandi að senda beiðni á Tekjur.is þess efnis að gefið verði upp hvaða áskrifendur hafi sótt upplýsingar um viðkomandi. Verði svar vefsins á þá leið að ekki sé unnt að nafngreina áskrifendurna er hægt að óska eftir áliti Persónuverndar.

> **Það kann að vera niðurstaðan að nágranninn á efri hæðinni eða frændi þinn fái upplýsingar um að þú hafi flett honum upp á vefnum.**
>
> Jóhann Tómas Sigurðsson, lögmaður



„Það kann að vera niðurstaðan að nágranninn á efri hæðinni eða frændi þinn fái upplýsingar um það að þú hafir flett honum upp á vefnum. Hin sakleysislega uppflettíng í skjóli nafnleyndar er því aldrei án ábyrgðar.“

Samkvæmt lögunum getur viðkomandi sent fyrirspurn reglulega, jafnvel í hverjum mánuði, og á rétt á að fá svör án endurgjalds, eða gegn hóflegu gjaldi. Þá ber vefsíðunni að bregðast við fyrirspurninni innan hæfilegs tíma, og í síðasta lagi mánuði eftir að fyrirspurnin barst. **thorsteinn@frettabladid.is**







24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Voveiflegir atburðir í Bandaríkjunum

**Bréfsprengjur hafa í vikunni verið sendar á áhrifamenn innan bandaríska vinstrisins og á fréttastofu CNN. Trump forseti ítrekað gagnrýnt skotmörkin. Forsetinn fordæmdi árásina harðlega og sagði hana svívirðilega.**



Barack Obama, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna. MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP



Hillary Clinton, fyrrverandi forsetaframbjóðandi.



Bill Clinton forseti.



George Soros spákaupmaður.



Debbie Wasserman Schultz þingmaður.

**BANDARÍKIN** Upp komst um sendingu bréfsprengja til nokkurra háttsettra Demókrata í Bandaríkjunum í gær auk fjölmiðilsins CNN. Málið hefur vakið óhug í Bandaríkjunum og kjörnir fulltrúar fordæma verknaðinn. Árásartilraunirnar hafa verið settar í samhengi við ítrekaðar árásir Repúblikana gegn Demókrötunum og CNN. Enginn lýsti yfir ábyrgð á árásartilraununum.

Starfsmenn leyniþjónustustofnunarinnar sem gætir öryggis forseta Bandaríkjanna (e. Secret Service) sögðu í gær frá því að sprengjur hefðu verið sendar á heimili Obama-fjölskyldunnar í Washington og á heimili Clinton-hjónanna í New York í gær og í fyrradag.

Virk sprengja, auk dularfulls hvíts dufts, var send á fréttastofu CNN í New York sem er til húsa í Time Warner Center. Sprengjan fannst í póstherberginu og gerðu starfsmenn þar öryggisgæslu viðvart. Sprengjan var stíluð á John Brennan, fyrrverandi yfirmann leyniþjónustunnar CIA, sem hefur verið tíður gestur á CNN.

Einnig fannst sprengja á skrifstofu Demókratans Debbie Wasserman Schultz, sem áður gegndi formennsku í miðstjórn flokksins, í Flórída. Skrifstofan var rýmd í kjölfarið. Annar grunsamlegur pakki fannst í Maryland þar sem póstur til þingmanna er flokkaður og rannsakaður. Sá pakki var ætlaður þingmanninum Maxine Waters.

Sams konar mál kom upp í úthverfi New York á mánudaginn er sprengja fannst í póstkassa hins frjálslynda milljarðamærings George Soros, sem stutt hefur Demókrata.

Yfirmaður rannsóknarinnar á árásunum sagði á blaðamannafundi í gær að talið væri að málin tengdust. Um væri að ræða rörsprengjur.

Andrew Cuomo, ríkisstjóri New York, sagði svo á blaðamannafundi fyrir utan Time Warner Center að grunsamlegur pakki hefði verið sendur á skrifstofu hans. Í ljós kom að um gervisprengju var að ræða og er sendingin ekki talin tengd hinum.

Allir pakkarnir áttu það sameiginlegt að á þeim stóð að þeir skyldu endursendast til Debbie Wasserman Schultz. Pakkinn sem fannst á skrifstofu Schultz átti sum sé ekki að fara þangað heldur til Erics Holder, fyrrverandi dómsmálaráðherra, en rangt heimilisfang var skrifað á pakkann.

Þá var einnig greint frá því að pakkinn sem sendur var Soros hefði, öfugt við hina, verið settur í póstkassa hans en ekki sendur með pósti. Að auki sagði Jake Tapper, fréttamaður á CNN, að þar sem sprengjurnar hefðu verið virkar væri ljóst að ætlun árásarmannsins hefði verið að fremja fjöldamorð.

Bent hefur verið á, meðal annars í umfjöllun The New York Times, að Repúblikanar, og þá sérstaklega forsetinn, hafa beint sjónum sínum að öllum skotmörkum sprengjusendinganna.

Trump hefur til að mynda kallað Hillary Clinton spillta, Bill Clinton kynferðisofbeldismann, sagt Soros stýra komu ólöglegra innflytjenda til landsins, Obama ljúga um fæðingarstað sinn, krafist þess að Schultz verði fangelsuð og kallað CNN „þjóðaróvin“.

Hafa margir því kennt forsetanum um að hafa skapað svo sundrað andrúmsloft í Bandaríkjunum að ódæðisverk sem þessi þrífast. Þannig sagði Alexander Soros, sonur George, að með tilkomu Trumps í stjórnmálin hefði landslagið breyst. Hvítir þjóðernishyggjumenn og gyðingahatarar hefðu stigið fram og hatur í garð andstæðinga í stjórnmálum aukist.

Hillary Clinton sagði í ræðu á fjáröflun í Flórída fyrir komandi þingkosningar að hún væri afar þakklát leyniþjónustunni. „En þetta eru uggvænlegir tímar, er það ekki? Og á þessum tímum er bandarískt samfélag sundrað. Við verðum að gera allt sem við getum til að sameina það á ný. Við verðum líka að kjósa frambjóðendur sem vilja berjast fyrir þessu sama markmiði.“

Donald Trump fordæmdi árásirnar líkt og aðrir Repúblikanar. Í ávarpi í gær sagði hann alríkisrannsókn hafna á málinu. Ríkisstjórnin myndi rannsaka málið af fullum þunga og „draga þá sem bera ábyrgð á þessum fyrirlitlegu gjörðum til ábyrgðar“. Aukinheldur sagði forsetinn að bandarískt samfélag þyrfti að standa saman á tímum sem þessum. Pólitískt ofbeldi væri ekki liðið í Bandaríkjunum.

thorgnyr@frettabladid.is

## Tala um falskan fána

Hörðustu stuðningsmenn forsetans, svokallaða hitt hægrið (e. alt-right), voru ekki sannfærðir um að raunveruleg hætta hefði verið á ferðum. Á spjallborði tileinkuðu forsetanum á Reddit mátti lesa samsæriskenningar um að Hillary Clinton, Soros eða Demókratar hefðu sjálfir skipulagt árásirnar til þess að láta Repúblikana líta illa út nú þegar tæpar tvær vikur eru til þingkosninga.

Sams konar kenningar mátti lesa á Twitter. Þar sagði Michael Flynn yngri, sonur fyrrverandi þjóðaröryggisráðgjafa Trumps sem hefur verið ákærður fyrir að ljúga að alríkislögreglunni vegna Rússarannsóknarinnar, að tímasetningin væri grunsamleg. „Þetta gæti verið versta pólitíska bellibragð sem ég hef séð á ævinni,“ tísti Flynn áður en hann eyddi tístinu og sagðist ekki vita hvort um „falskan fána“ væri að ræða.


MÁLÞING UM
**PÓSTÞJÓNUSTU**

Íslandspóstur býður til opins fundar um breytingar í póstþjónustu og leiðir til þess að tryggja framtíð hennar á Íslandi.

**Fundurinn verður haldinn í Rímu, fundarsal á 1. hæð í Hörpu, þriðjudaginn 30. október, kl. 14:00 - 16:30.**

**DAGSKRÁ**

**Ávarp**
Bjarni Jónsson, stjórnarformaður Íslandspósts

**Lagaumgjörð póstþjónustu**
Andri Árnason, hrl.

**Mat á alþjónustubyrði Íslandspósts**
Sofia Nyström, Copenhagen Economics

**Rekstrargrundvöllur póstþjónustunnar á Íslandi**
Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts

**Verkefni eftirlitsaðila á fallandi markaði**
Cathrine Grimseid, Norwegian Communication Authority

**Þróun póstþjónustunnar: Staða og möguleg viðbrögð**
Henrik Ballebye, Copenhagen Economics

**Vinsamlegast skráið ykkur hjá irisa@postur.is eða í síma 580 1000**

PÓSTURINN

# VETRARFJÖR BRIMBORGAR!

**GILDIR TIL 31. OKTÓBER!**

**AFSLÁTTUR**
**+ VETRARDEKK**

***KOMDU STRAX Í DAG!***

Komdu í Vetrarfjör Brimborgar í dag.
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
***– við eigum rétta bílinn fyrir þig!***

Ú R V A L  O G  Þ J Ó N U S T A     A L L T  Á  E I N U M  S T A Ð

## FORD FIESTA TREND EDITION

**1,1i bensín, 85 hö, 5 dyra og 5 gíra beinskiptur**

Einkenni Ford Fiesta eru ríkulegur staðalbúnaður, frábærir akstursseiginleikar, fimm stjörnu öryggi og lágur rekstrarkostnaður. Aukabúnaður umfram ríkulegan staðalbúnað: Málmlitur.

Verð með aukabúnaði: 2.455.000 kr.
**Tilboðsverð: 2.250.000 kr.**

**- 205.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



## CITROËN C4 CACTUS FEEL

**1,2 bensín, 110 hö, beinskiptur**

Citroën þægindi, meira pláss, meiri möguleikar.

Verð: 2.890.000 kr.
**Tilboðsverð: 2.590.000 kr.**

**- 300.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



## MAZDA2 NISEKO

**1,5 bensín, 90 hö, sjálfskiptur**

Einstök hönnun og akstursupplifun, vel búinn bíll.

Verð með málmlit: 2.650.000 kr.
**Tilboðsverð: 2.400.000 kr.**

**- 250.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



## VOLVO V40CC

**D2 Momentum, 120 hö, sjálfskiptur**

Volvo V40 Cross Country er hannaður fyrir ævintýralegt líf í borg og bæ. Með notendavænni tækni og nútímalegri hönnun er valið augljóst.

Verð með aukabúnaði: 4.779.000 kr.
**Tilboðsverð: 4.190.000 kr.**

**- 589.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



VOLVO 30 ÁR HJÁ BRIMBORG

## PEUGEOT 308 ACTIVE STW

**1,6 dísil, 120 hö, sjálfskiptur**

Falleg hönnun og framúrskarandi gæði.
Sérlega stórt farangursrými.

Verð með málmlit: 3.640.000 kr.
**Tilboðsverð: 3.190.000 kr.**

**- 450.000 kr.**
**+ VETRARDEKK**



***– Komdu í reynsluakstur í dag!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

**brimborg.is**

## TILVERAN

# Vafasamt að spjalla um hvað sem er

**Ekki er hægt að tryggja að enginn komist í skilaboðin sem þú hefur sent í gegnum Facebook. Flestir nota sömu lykilorð alls staðar og þeim lykilorðum er síendurtekið lekið. Blaðamaður var örfáar mínútur að finna síðu þar sem hægt var að kaupa aðgang að stolnum lykilorðum.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Síðustu tvö ár hafa verið erfið fyrir Facebook og forstjórann Mark Zuckerberg. Ítrekað hafa komið upp hneykslismál um meðferð persónulegra upplýsinga. Zuckerberg hefur verið kallaður fyrir bandaríska þingið til þess að svara spurningum og toppar úr tæknigeiranum, til að mynda Tim Cook hjá Apple, hafa gagnrýnt starfshætti fyrirtækisins.

Kjarni þessara hneykslismála er meðferð persónulegra upplýsinga og áróður, einkum í tengslum við bandarísku forsetakosningarnar árið 2016. Eftirminnilegast þessara hneykslismála og líklega stærst er málið sem kennt er við Cambridge Analytica. Það snýst í grófum dráttum um að greiningarfyrirtækið Cambridge Analytica sótti sér og nýtti persónuleg gögn Facebook-notenda til þess að hafa áhrif á kosningarnar, Donald Trump í hag.

Annað hneyksli leit svo dagsins ljós í september. Þá kom í ljós að óprúttnir aðilar nýttu sér öryggisgalla til þess að brjótast inn í aðganga tuga milljóna notenda.

Mikið hefur verið fjallað um hættuna sem felst í falsfréttum og áróðri á Facebook og um sölu Facebook á aðgangi að notendum til auglýsenda. Með öll þessi mál í huga er vert að velta fyrir sér því ótrúlega magni persónulegra upplýsinga sem er að finna á Facebook. Bæði upplýsingar sem eru fyrir allra augum og sérstaklega þær sem eru geymdar í samtölum notenda á milli.

### Spjallað á Messenger

Blaðamaður gerði lauslega athugun og komst að því að á venjulegum degi fær hann og sendir þriggja stafa tölu skilaboða. Þar hefur blaðamaður rætt um flest á milli himins og jarðar.

En hversu vernduð eru samtöl á Facebook? Samkvæmt samfélagsmiðlinum er stuðst við sömu samskiptastaðla og tíðkast í bönkum og vefverslunum. Þá er einnig hægt að kveikja sérstaklega á dulkóðun fyrir samtöl sín. Geri maður það verða skilaboð dulkóðuð í báðar áttir. Það ætti að þýða að Facebook geti ekki einu sinni nálgast samtölin.

Yfirmenn hjá Facebook hafa ítrekað lýst því yfir að fyrirtækið lesi ekki samtöl notenda. Þó hefur Zuckerberg viðurkennt að fyrirtækið skanni myndir og hlekki sem sendir eru í gegnum Messenger til þess að tryggja að viðkomandi efni standist „samfélagsstaðla“ miðilsins. „Kerfi okkar skynja hvað er í gangi. Við getum komið í veg fyrir sendingu svona skilaboða,“ sagði Zuckerberg í viðtali við Vox í apríl um sendingar skilaboða um þjóðarmorð á Róhingjum í Mjanmar.

### Það sem Facebook veit um þig



Blaðamaður, sem hefur verið með aðgang að Facebook í um áratug, sendi inn beiðni um að allar upplýsingar sem Facebook hefur að geyma um notandann yrðu teknar saman. Nokkrum mínútum seinna fékk blaðamaður tilkynningu um að pakkinn væri tilbúinn til niðurhals. Í möppunni voru sex gígabæti af skrám. Alls voru skrárnar 18.137 í 2.271 möppu.

Í pakkanum mátti til að mynda finna netföng og símanúmer margra vina blaðamanns, auglýsingar sem smellt hefur verið á, öll ummæli sem blaðamaður hefur skrifað á Facebook og öll „læk“. Þá gat blaðamaður einnig séð allar vinabeiðnir, eydda vini, alla viðburði sem blaðamaður hefur fengið boð á og svör við þeim boðum, allar færslur, leitarsögu, innskráningarsögu, myndir og myndbönd og skráðar staðsetningar blaðamanns í hnitum.

Finna mátti, í auglýsingamöppunni, lista yfir „auglýsendur sem hafa hlaðið upp tengiliðalista með þínum upplýsingum“. Á þeim lista mátti finna erlend tæknifyrirtæki á borð við Airbnb og Massdrop, tölvuleikjaframleiðendur, Donald Trump Bandaríkjaforseta, Arion banka og Aur.

Mappan merkt „messages“ var þó langstærsti hluti gagnapakkans. Í henni voru 16.929 skrár í 2.236 möppum. Alls 5,76 gígabæt. Öll samskipti blaðamanns við aðra Facebook-notendur mátti finna í möppunni, svo lengi sem þeim hafði ekki verið eytt áður.

### Tengsl á Facebook hjá meðalnotanda







Facebook hefur einnig sagt í svari við fyrirspurn Bloomberg að fyrirtækið nýti ekki samtöl notenda til þess að komast að því hvaða auglýsingum væri best að beina að þeim. Ekki eru allir sannfærðir um þessi orð og hafa fjölmargir tjáð sig á netinu um að hafa fengið auglýsingu um ákveðna vöru eftir að hafa rætt um vöruna í Messenger. Vitaskuld gæti þó verið um tilviljun að ræða.

### Geta samtöl lekið?

Trúlega óttast mun fleiri að samtölum þeirra sé hreinlega lekið á netið en að einhverjir starfsmenn Facebook lesi skilaboðin sér til gamans. Fullyrða má að í skilaboðum flestra, ef ekki allra, notenda er að finna einhverjar upplýsingar sem þola illa dagsins ljós. Það gætu verið upplýsingar um sjúkdóma, afar viðkvæm leyndarmál, baktal, nektarmyndir og í rauninni hvað sem er.

Af þessum leka hefur ekki enn orðið. Hins vegar héldu margir notendur víða um heim því fram árið 2012 að gömul skilaboð væru sýnileg á tímalínu þeirra. Facebook fullyrti ítrekað að ekki væri um gömul skilaboð að ræða en notendur voru ekki sannfærðir.

En möguleikinn á því að einhver ráðist á Facebook er alltaf fyrir hendi. Ekki þyrfti að leka samtölum allra, enda væri það trúlega of mikill fjöldi skráa til þess að tölvuþrjótur gæti hlaðið þeim upp einn síns liðs. Hins vegar er öllu líklegra að lykilorðum notenda verði einhvern tímann stolið. Slíkt hefur til dæmis komið fyrir notendur Adobe, Adult Friend Finder, Ashley Madison, Bitly, BitTorrent, Comcast, Dailymotion, Dropbox, Epic Games, Forbes og League of Legends svo fátt eitt sé nefnt.

Öryggiskerfi Facebook er að öllum líkindum sterkara en hjá fyrrgreindum aðilum og því erfiðara að stela upplýsingum um lykilorð og notendanöfn. En notendum Facebook stafar einnig ógn af því að lykilorðum notenda annarra síðna sé stolið. Samkvæmt könnun LogMeIn frá því fyrr á árinu, sem gerð var víðs vegar um heim, nota 59 prósent fólks sama lykilorðið alls staðar. Sé því lekið á einum stað gæti óprúttinn aðili keypt sér aðgang að gagnabanka með lykilorðum sem lekið hefur verið og prófað lykilorð sem þar er að finna til að freista þess að komast inn á Facebook-aðgang viðkomandi einstaklings.

Blaðamaður var til að mynda sjálfur örfáar mínútur að finna slíkan gagnabanka. Þar var hægt að greiða fyrir aðgang með rafmyntinni Bitcoin og fletta upp stolnum lykilorðum eftir tölvupóstföngum, notendanöfnum, símanúmerum og eftirnöfnum.

### Að tryggja öryggi sitt

Til þess að minnka líkurnar á því að aðrir geti komist í samtöl manns á Facebook er hægt að grípa til ýmissa varúðarráðstafana. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að nota ekki sama lykilorð fyrir alla sína aðganga og í öðru lagi er gott að kveikja á svokallaðri tveggja þátta auðkenningu. Með henni er nauðsyn að staðfesta hverja nýja innskráningu með því að slá inn kóða sem notandi fær sendan í farsíma sinn.

En best er ef til vill að hafa í huga að það sem sent er í gegnum Messenger verður aldrei fullkomlega öruggt. Því ættu notendur að hafa í huga að ræða um viðkvæm málefni á öðrum vettvangi. Hvort sem það er einfaldlega undir fjögur augu eða í gegnum dulkóðuð og öruggari forrit á borð við Wickr eða Telegram.



BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



# Mikilvægt að taka tillit til barnanna

**Þegar mynd hefur verið birt á miðlinum öðlast Facebook réttinn á því að nota myndina gjaldfrjálst. Það eitt er umhugsunarvert og ágætis vani fyrir foreldra að hafa það í huga þegar þeir birta myndir af börnum sínum á Facebook. Hödd Vilhjálmsdóttir almannatengill segir börn eiga rétt á tillitssemi.**



Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is

Þegar mynd eða umfjöllun er komin inn á samfélagsmiðla missir maður að mestu vald yfir efninu og einstaklingar hafa lent í því að það sem sett er inn er svo nýtt í öðrum tilgangi en lagt var upp með,“ segir Hödd Vilhjálmsdóttir almannatengill um börn á samfélagsmiðlum. Hödd starfaði lengi í fjölmiðlum og hefur skrifað mikið um börn og samfélagsmiðla. Þá skrifaði hún meistararitgerð sína í lögfræði um friðhelgi einkalífs barna þegar kemur að samfélagsmiðlum og fjölmiðlum og kom meðal annars inn á hvernig foreldrar fjalla um börnin sín.

„Þarna vegur upp á móti hvort öðru annars vegar réttur foreldris til að fjalla um barnið sitt og hins vegar réttur barnsins til þess að ekki sé fjallað um það.“

Hún segir það nauðsynlegt að foreldrar séu meðvitaðir um að birta síður myndir eða stöðuuppfærslur um börnin sín sem geti orðið til þess að þeim verði strítt eða einhvers konar upplýsingar séu birtar sem þau vilji ekki hafa fyrir allra augum, til dæmis persónuleg mál.

„Mín skoðun er sú að eftir því sem börn eldast og þroskast eiga þau að fá að hafa meira um það að segja hvernig birtingarmynd þeirra er á samfélagsmiðlum. Foreldrar verða auðvitað að taka tillit til þess,“ segir Hödd og tekur fram að fullorðið fólk sé meðvitað um hvernig það vill birtast sjónum annarra á slíkum miðlum. „Þegar umfjöllunarefnið erum við sjálf viljum við að vel sé farið með ímynd okkar. Börn eiga eðlilega rétt á sömu tillitssemi og sumt á einfaldlega ekki heima á netinu eða samfélagsmiðlum,“ segir hún.

„Sjálf hef ég verið dugleg að birta myndir af dætrum mínum en verið meðvituð um að það sé ekki efni sem getur komi þeim illa. Eftir því sem dóttir mín eldist finn ég að hún hefur sterkari skoðanir á því hvað fer inn og vill fá að stýra því sjálf. Ég skil það vel og virði,“ segir Hödd.

„Börn eru alveg jafn viðkvæm og við, ef ekki viðkvæmari, sérstaklega þegar þau eru farin að gera sér grein fyrir þessum heimi. Unglingar eru mjög meðvitaðir og í rauninni fer stór hluti af lífi þeirra fram í gegnum samfélagsmiðla. Þeir eru mikið í símanum og að öllu jöfnu klárari en við á þessum miðlum því þetta gerist hraðar hjá þeim.“



**Hödd segir börn vera jafn viðkvæm ef ekki viðkvæmari en fullorðna fólkið, sérstaklega þegar þau átta sig á þessum tækniheimi.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Mín skoðun er sú að eftir því sem börn eldast og þroskast eiga þau að fá að hafa meira um það að segja hvernig birtingarmynd þeirra er á samfélagsmiðlum.**

Hödd Vilhjálmsdóttir, almannatengill



# Sjálfsmynd og samfélagsmiðlar

Það er ekki ofsögum sagt að börn og unglingar nú til dags séu upptekin af snjalltækjum og forritum sem þeim tengjast. Hver kannast ekki við að reyna að ná sambandi við unglinginn sem situr niðursokkinn í símann sinn? Hann er að svara á Instagram, Snapchat eða Facebook mismunandi nauðsynlegum skilaboðum eða tékka á því hversu mörg læk hann eða hún fékk við síðasta innslag.

Það þarf væntanlega lítið að fjölyrða um það að þessi hegðun er farin að hafa áhrif á daglegt líf einstaklinga. Þess utan er ljóst að samanburður sá sem fæst með stöðugri skoðun á því sem aðrir hafa birt og svo maður sjálfur getur litið annað skapað en óöryggi og vanlíðan. Ýmsar rannsóknir eru til sem hafa sýnt fram á slíkt og er því mikilvægt að bregðast við.

En hvað er til bragðs að taka, unglingurinn er algerlega handviss um það að athafnir hans á samfélagsmiðlum skipti máli og að aðrir í hans umhverfi meti hann að verðleikum eftir því hvernig honum gengur að fóta sig í þessari gerviveröld. Ítrekaðar myndatökur fyrir hina fullkomnu mynd með tilkomu snjalltækjanna, lagfæringar með forritum til að breyta ásýnd eru staðalbúnaður, enginn lítur svona út í raun og veru. Það að skapa glansímyndina tekur á og ekki síst ef hún er ekki raunveruleg.

Það þarf ekki að fletta lengi í birtum vísindagreinum til að átta sig á því að líkamsmynd og sjálfsmynd einstaklinga sem eru notendur þessarar tækni er verulega neikvæð. Sjúkdómar líkt og kvíði, þunglyndi og félagsfælni eru vandamál sem oft eru nefnd til sögunnar. Átröskunarsjúkdómar, einmanaleiki og skert geta til tjáningar hafa líka verið nefnd. Í einni rannsókn kom fram að allt að 24% unglinga væru sítengd netinu og streymi frá samfélagsmiðlum. Þau gátu ekki hvílst, áttu erfitt með að einbeita sér og sofa og svo framvegis. Flestir einstaklingar gáfu þau skilaboð að þeir vildu ekki missa af neinu og það skapaði streituástand hjá þeim. Ekki eru til neinar langtímarannsóknir á þessum áhrifum enda tæknin tiltölulega ný, hún er þó klárlega ávanabindandi, fullorðnir ánetjast líkt og börn eða unglingar með ófyrirséðum afleiðingum.

Við þurfum því að skoða af alvöru hvaða leiðir eru færar til sjálfstyrkingar einstaklinga á þessum viðkvæma aldri og mögulega beita þeirri tækni sem virðist vera að trufla okkur. Ef við lítum á samfélagsmiðla sem óvin eingöngu mun okkur ekki takast að sigra í þessu stríði, við verðum að finna veikleika þeirra og nýta þá í þágu okkar. Boð og bönn þýða lítið, fræðsla er lykilatriði og að efla færni til tjáningar. Það er til dæmis merkilegt að í stað þess að hringja er fólk að senda skilaboð, það sér að viðkomandi hefur opnað þau en svarar ekki strax, þá tekur við mislöng bið eftir viðbrögðum sem skilar spennuástandi. Hví ekki að hringja bara og afgreiða málið, eða hittast?

**Ekki eru til neinar langtímarannsóknir á þessum áhrifum enda tæknin tiltölulega ný, hún er þó klárlega ávanabindandi, fullorðnir ánetjast líkt og börn eða unglingar með ófyrirséðum afleiðingum.**

Teitur Guðmundsson læknir



Doktor.is



**Henrý hefur skoðanir á samfélagsmiðlinum Facebook.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kostir og ókostir Facebook

Henrý Alexander Henrýsson, sérfræðingur hjá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, hefur mikið skoðað umhverfi Facebook. Fréttablaðið fékk Henrý til að nefna fimm helstu kosti og galla við miðilinn.

## Fimm kostir

- Ókeypis, auðvelt að setja upp og einfalt í notkun. Hentar að því leyti öllum kynslóðum og fólki með ólíkan menntunarbakgrunn. Er samfélag þar sem jafnrétti ríkir varðandi aðgang.
- Miðillinn gerir margs konar skipulagsvinnu félagslífs einfalda í framkvæmd, ef maður man eftir að bjóða líka þeim sem ekki eru á Facebook.
- Fólk hefur tækifæri til að halda gömlum vinskap við, endurnýja kynni og jafnvel stofna til nýrra án mikillar fyrirhafnar.
- Allir geta tjáð sig um menn og málefni – jafnvel fólk sem er þögult og óframfærið á samkomum og vinnustöðum.
- Geggjað auðvelt að póka vini sína (gera það annars ekki allir enn þá?).

## Fimm ókostir

- Það er einstakt að svona stórt samfélag verði til án þess að siðferði innan þess fái að þróast með. Tilraunir Facebook til að skrá reglur og láta nefndir og starfsmenn ákvarða hvað er ásættanlegt og hvað ámælisvert eru dæmdar til að mistakast.
- Einokunartilburðir fyrirtækisins ættu að hringja viðvörunarbjöllum. Eðlileg samkeppnissjónarmið hafa gleymst og kominn tími til að stjórnvöld sýni valdþrek og brjóti fyrirtækið upp.
- Nýleg dæmi hafa sýnt að Facebook er meiri ógn við lýðræði heldur en stoð. Þetta var fyrirsjáanlegt og átti ekki að koma á óvart.
- Persónuvernd hefur aldrei verið í hávegum hjá fyrirtækinu. Í raun er ótrúlegt hvað fólk kom almennt af fjöllum nýverið þegar umræða skapaðist um þær persónuupplýsingar notenda sem skapa tekjugrundvöll fyrirtækisins.
- Þótt það sé kannski ekki Facebook sjálfu að kenna þá er óþolandi að stofnanir og félög ætlist til þess að fólk sé í viðskiptum við bandarískt einkafyrirtæki. Það hefur í mörg ár verið fáránlega erfitt að ala upp börn í Reykjavík ef maður hefur ekki aðgang að Facebook.

# Meira amerískt




**Brooklyn Bread**

Frábærir pizzabotnar og brauðstangir beint frá Brooklyn!

verð frá **649** kr/pk




**Shake´n Bake**

Hjúpaðu eins og ekta Ameríkani

verð frá **599** kr/pk




**Reese´s**

Í öllu sínu veldi

verð frá **129** kr/stk




**Late July**

Lífrænt korn snakk margar bragðtegundir

**749** kr/pk




**Ice Breakers Mints**

Bættu andrúmsloftið

**349** kr/pk




**Eggo vöfflur**

Ekki hrista bara rista

verð frá **799** kr/pk




**Cool Whip**

Frábært á vöfflurnar

verð frá **399** kr/stk

HAGKAUP *Meira svona alla daga*


N1 kortið
hefur stækkað
um 44.673.640 km²
N1
N1
Nú flýgur þú út
á N1 punktum
Pakkaðu í töskurnar kæri N1 korthafi. Nú getur þú notað N1 punktana til að kaupa gjafabréf í flug með Icelandair eða WOW air ef þú átt 10.000 punkta eða fleiri. Þú byrjar draumaferðina á því að tékka þig inn á N1.is og ganga frá kaupunum þar. Svo bara flýgurðu út í heim á N1 punktunum þínum. Góða ferð!
Sjá nánar á mitt.n1.is


Góða ferð!
N1
ENNEMM / SÍA / NM90475
Alltaf til staðar
N1

TILVERAN

# Ættum að geta borðað vörurnar

**Hið andlega og líkamlega helst í hendur, segir Eva Dögg Rúnarsdóttir, sem lengi hefur grúskað í fræðum um hreinar snyrti- og hreinsivörur. Hún gefur lesendum Fréttablaðsins þrjár uppskriftir sem gætu verið upphafið að eiturefnalausum lífsstíl.**

Eva Dögg er jógakennari og markaðsstýra Brauð & Co. Eva Dögg og Anna Sóley Viðarsdóttir mynda dúóið Ampersand Alkemí þar sem þær hafa lengi aflað sér mikillar þekkingar um eiturefnalausan lífsstíl. Þær hafa verið með hreinar vörur í sölu fyrir húð og heimili og senn gefa þær út bók um efnið.



Eva Dögg Rúnarsdóttir jógakennari.

„Það er betra fyrir þig og heiminn að útbúa hreinar vörur upp á eigin spýtur. Það er umhverfisvænt og oft mun ódýrara. Það er líka bara einfaldara og líka oftast skemmtilegra! Flestallar snyrti- og heimilisvörur eru fullar af aukaefnum sem gera meira illt en gott,“ segir Eva Dögg.

„Með því að útbúa hreinar vörur sjálf, vitum við nákvæmlega hvert innihaldið er og vitum að hvorki menn né dýr þurfa að þjást við gerð varanna. Ekki þarf að notast við fullt af einnota umbúðum og oft á tíðum er hægt að notast við það sem er nú þegar til í eldhúsinu.“

Húðin er stærsta líffærið okkar og í raun væri best ef krem og önnur efni sem við berum á húðina væru svo hrein að í lagi væri að leggja sér þau til munns. „Þú átt að mega borða snyrti- eða hreinsivöruna, þó hún sé kannski ekkert góð á bragðið. En við viljum ekki bera á okkur eiturefni, viljum ekki anda að okkur eiturefnum og ekki bursta tennurnar upp úr einhverju sem getur leitt af sér hina verstu sjúkdóma.“

Eva Dögg er búin að vera að grúska í fræðum á bak við eiturefnalausan lífsstíl í fleiri ár og sækir þekkingu sína víða. Hún sækir sér einnig innblástur í Ayurveda, í jógafræðin og náttúruna.

„Við Anna Sóley erum sífellt að prófa okkur áfram, gera mistök og læra af þeim og þróa þannig uppskriftirnar og auka þekkinguna. Mér finnst þetta líka bara svo rosalega skemmtilegt. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á kremum og snyrtivörum,“ segir Eva Dögg sem verður með fræðslu um hreinar vörur í Gerðubergi þann 7. nóvember kl. 20.

„Fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í átt að eiturefnalausum lífsstíl er gott að byrja rólega og kannski skipta út öllum snyrtivörum yfir í hreinni merki. Prófa að gera eitt heimilissprey, eitt jógasprey og einn maska og þá fer þetta að vinda upp á sig. Þessu ferli má kannski líkja við að skipta um mataræði. Maður þarf að gefa sér tíma og gera þetta á sínum hraða.“





**Andlitssprey**
100 ml flaska
Sirka 80 ml nornahesli
3 dropar E-vítamínolía
8 dropar argan- eða jojobaolía
10 dropar lavender
8 dropar sandalviður
8 dropar geranium
2-3 dropar piparmynta

■ Þetta hressandi andlitssprey er fyrir allar húðgerðir. Mikið er af olíum í uppskriftinni og ef vill þá er einnig hægt að nota jurtate sem vökva í staðinn. Lavenderte, kamillute og grænt te er í uppáhaldi hjá mér.



**Jógasprey**
100 ml flaska
Helmingur vatn
Helmingur nornahesli
3 dropar salvía (sage)
15 dropar lavender
8 dropar frankincense
5 dropar Palo Santo

■ Þetta jógasprey er kjörið til að þrífa jógamottuna. Það drepur bakteríur, sveppi og er sérstaklega gott ef maður er mikið í hot yoga. Lavender er róandi og hjartaopnandi, salvía er hreinsandi og frankincense og Palo Santo eru heilagar olíur og sérstaklega góðar fyrir hugleiðslu og til að tengjast sjöundu orkustöðinni. Það er hægt að nota þetta sprey sem andlits- og líkamssprey og til að spreyja yfir áruna.

- Eva Dögg notar einungis hreinar olíur frá Young Living en það er hægt að finna innihald í spreyin í heilsubúðum, heilsudeildum og sumum apótekum.
- Það má skipta nornahesli út fyrir eplaedik.
- Muna að hrista spreyin vel fyrir notkun.
- Hressandi að geyma í ísskáp.



**Næringarhársprey**
100 ml flaska
Helmingur eplaedik
Helmingur vatn
10 dropar rósmarín
10 dropar lavender
10 dropar sandalviður

■ Það þarf ekki að nota alla dropana en lavender er róandi, hreinsandi og sýkladrepandi og með einstaklega góðri lykt. Rósmarín eykur hárvöxtinn. Sandalviður eykur einnig hárvöxtinn og er sérstaklega nærandi og rakagefandi fyrir húð og hár. Eplaedik virkar eins og næring, einnig jafnar það pH-gildi hársins og eykur glans. Best að spreyja þessu vel í nýþvegið/skolað hár og láta liggja í hárinu í svona 20 mínútur/hálftíma og skola svo úr. Einnig getur maður bætt smá kókosolíu við, sett hárið í tvo hnúta og notað sem djúpnæringarmaska yfir nótt.

# Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins













**Fallegt einbýlishús í Stigahlíð 64 er til sölu. Húsið var endurnýjað og uppgert á árunum 2008-2009. Húsið er skráð samtals 350,3 fm, þar af er tvöfaldur bílskúr 61,9 fm. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar. Gólfefni er sandsteinsflísar og plankaparket. Lúmex sá um lýsingarhönnun. Glæsilegur stigi er upp á aðra hæð. Alls eru þrjú fullbúin baðherbergi og eitt gestasalerni og fimm svefnherbergi með sérsmíðuðum fataskápum. Fataherbergi, baðherbergi og svalir eru í hjónasvítu og einnig er baðherbergi inn af rúmgóðri svítu á neðri hæð. Stofur eru tvær og fallegur gasarinn er í húsinu. Eldhúsið er sérlega vel útbúið með miklum innréttingum, stórri eyju með marmara á borðum og vönduðum Miele-heimilistækjum. Gert er ráð fyrir tvöföldum ísskáp. Húsið er með gólfhitakerfi.**


PIER
RUIT gólfvasar,
stærri 49.900,- minni 29.900,-
99 cm á hæð
80cm á hæð
TALISA velúr sófi
165x88xH95
99.900,-
REGINA velúr sófi
L130xW92xH107
99.900,-
TAX FREE
AF ÖLLUM VÖRUM
AUBREY bekkur 113x35xH46cm
19.990,-
CILLA velúr kollar Þ35xH42cm
12.990,-
BUSBY velúr kollar Þ35xH42cm
12.990,-
Ný sending af glösum!
1.290,-
SANPAOLO velúr sófi
L225xW90xH83cm
149.900,-
Verð frá 1.990,-
Þeir eru komnir!
Jólavörurnar streyma inn til okkar
www.pier.is
SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS
Gildir 25. okt.óber - 31. október. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Afslátturinn nemur 19,36% sem verslunin sjálf veitir og er greiddur fullur virðisaukaskattur af sölunni
PIER
BRINGING IT HOME

# TILVERAN

## Fleiri konur stíga fram

Í það minnsta sautján konur telja sig hafa orðið fyrir kynferðislegu broti af hálfu manns sem meðhöndlar fólk með stoðkerfisvanda. Maðurinn var kærður fyrr á árinu fyrir meint kynferðisbrot gegn nokkrum konum sem voru í meðferð hjá honum og rannsakar lögreglan á höfuðborgarsvæðinu málið.

Sigrún Jóhannsdóttir, réttargæslumaður kvennanna sem kærðu manninn, sagði fleiri konur hafa leitað til sín eftir að Fréttablaðið greindi fyrst frá málinu á fimmtudag. „Ég vona einlæglega að lögreglan fari að taka þetta mál fastari tökum,“ nefndi hún. Steinbergur Finnbogason, lögmaður mannsins, vísaði ásökununum á bug og sagði þær hafa komið skjólstæðingi sínum mjög á óvart.

Þá sögðu Osteópatafélag Íslands og Sjúkranuddarafélag Íslands félagsmenn sína hafa heyrt sögur af meðhöndlaranum í gegnum tíðina. „Við höfum fengið til okkar fólk sem hefur leitað álits um það hvort aðferðir sem hann beitir þyki eðlilegar. Við fordæmum svona starfsaðferðir,“ sögðu félögin.

## Þungur og vaxandi launakostnaður

Launakostnaður félaga í Kauphöllinni hefur almennt vaxið hraðar en tekjur og rekstrarhagnaður félaganna frá árinu 2015. Athugun Fréttablaðsins leiddi í ljós að hlutfall launakostnaðar af tekjum fimmtán félaga sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar hefði hækkað á undanförnum fjórum árum en á sama tíma hefði launakostnaður tólf skráðra félaga vaxið umfram rekstrarhagnað þeirra.

**» Launakostnaður á Íslandi hækkaði um meira en 50 prósent umfram launakostnað fyrirtækja í samkeppnislöndunum frá júlí 2015 til júlí 2018.**

Er það í samræmi við tölur Hagstofu Íslands sem sýna að laun hafi almennt hækkað að meðaltali um 26,8 prósent frá júlí 2015 til júlí 2018.

Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar, sagði í samtali við blaðið að til lengdar gæti ekkert atvinnulíf staðið undir viðlíka launahækkunum. Þá tók Seðlabankinn fram í nýju riti að „öljóst“ væri hve mikið svigrúm fyrirtæki hefðu til þess að mæta launahækkunum.




# Vikan



Vaxandi launakostnaður fyrirtækja, nýr þjálfari kvennalandsliðsins í fótbolta, deilur um lögleiðingu kannabisefna og kærur á hendur meðhöndlara voru meðal helstu mála sem Fréttablaðið greindi frá í vikunni.





## Deilt um lögleiðingu kannabisefna

Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar og fyrrverandi þingmaður, segir að tími sé kominn til þess að Ísland stígi sama skref og Úrúgvæ, Kanada og ýmis ríki Bandaríkjanna og lögleiði kannabisefni. Rangt sé að setja fólk á sakaskrá fyrir minni háttar fíkniefnabrot.

**» Kanada bættist nýverið í hóp ríkja sem lögleiða neyslu, vörslu og ræktun kannabisefna í afþreyingarskyni.**

„Jafnvel þótt það myndi draga eitthvað úr heildarneyslu verðum við að spyrja okkur hvort allir þeir einstaklingar sem við refsum og fangelsum og drepum í þessu stríði, hvort það sé ekki allt of hár fórnarkostnaður þegar kemur að því að tækla eitthvað sem í grunninn er lýðheilsumál,“ nefndi Pawel í samtali við Fréttablaðið.

Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna, tók í annan streng og sagði Íslendinga þurfa að stíga varlega til jarðar í þessum efnum. Varast þyrfti áróður um að slík efni væru holl og góð.

## Nýr maður í brúnni

Jón Þór Hauksson var fyrr í vikunni kynntur sem næsti þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta. Tekur hann við starfinu af Frey Alexanderssyni sem hætti störfum fyrr í haust eftir að landsliðinu mistókst að komast á heimsmeistaramótið sem fram fer næsta sumar.

**» Jón Þór Hauksson tekur við af Frey Alexanderssyni sem nýr þjálfari kvennalandsliðsins í fótbolta..**

„Þetta er frábært lið með frábærum einstaklingum og ég get ekki beðið eftir því að hefja störf,“ sagði Jón Þór á blaðamannafundi KSÍ en hann hefur undanfarið sinnt starfi aðstoðarþjálfara karlaliðs Stjörnunnar.

Jón Þór sagði næsta markmið landsliðsins að komast á Evrópumótið árið 2021 en liðið hefur komist á síðustu þrjú Evrópumót. „Íslensk knattspyrna er bara komin á þann stað að við eigum alltaf að stefna að því að koma okkur í möguleika á því að komast á þessi stórmót,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

# Fólkið á götunni

## Tekur þú þátt í hrekkjavökuhátíðinni?

**Annars verð ég ekkert nema kátur pabbi í ár. Dóttir mín Lísa er að eiga sína fyrstu hrekkjavöku og við erum búin að kaupa á hana geimfarabúning.**

Bobby Breiðholt



**Karítas Óðinsdóttir**
Ég verð plötusnúður á Prikinu og byrja á miðnætti! Kannski verð ég í búningi, kemur í ljós.



**Geoffrey Þór Huntington-Williams**
Ég hef ekki lagt það í vana minn að halda Hrekkjavökuna hátíðlega. Hef samt gaman af henni, sérstaklega skreytingum ölduhúsanna og öðrum spúkí víbrum. Enginn búningur fyrir mig, en ég ætla að vera extra samkvæmur sjálfum mér á þessum álagstímum.



**Bobby Breiðholt,**
Ég dýrka Spooky Season og reyni að horfa á eins mikið af hryllingsmyndum og ég get. Ég mæli sérstaklega með Hereditary. Annars verð ég ekkert nema kátur pabbi í ár. Dóttir mín Lísa er að eiga sína fyrstu hrekkjavöku og við erum búin að kaupa á hana geimfarabúning. Þannig að hún heldur uppi fjörinu í ár.



**Auður Ómarsdóttir**
Nei.

## Hvar gerðir þú síðast góð kaup?

**Ég gerði svo glimrandi góð kaup í Rúmfatalagernum á Smáratorgi þegar allt jóladótið þeirra var á spottprís í september.**

Íris Lind Verudóttir



**Erna Erlendsdóttir**
Ég skellti mér í Betra bak og keypti mér nýtt rúm eftir mikla leit að rétta rúminu, en þeir selja allra besta rúmið að mínu mati sem heitir Serta Royalty, ávísun á góðan svefn. Þar sem ég er mikið að breyta og bæta þessa dagana fjárfesti ég einnig í nýjum AEG-heimilistækjum frá Ormsson.



**Dóra Hrund Gunnarsdóttir**
Ég keypti mér skó í Skóbúð Húsavíkur. Þar er besta verðið á landinu og langbesta þjónustan.



**Íris Lind Verudóttir**
Ég gerði svo glimrandi góð kaup í Rúmfatalagernum á Smáratorgi þegar allt jóladótið þeirra var á spottprís í september, jóladót sem er í raun ekkert jólalegt svo að ég get í raun notað það allt árið um kring.



**Soffía Kristín Jónsdóttir**
Bestu kaup ársins hingað til eru klárlega húsið mitt í Mývatnssveit sem ég og kærastinn minn keyptum í júlí og erum búin að vera að gera upp. Góð fjárfesting á fallegasta stað landsins.

Tékk KRISTALL

# AFSLÁTTARDAGAR

## 25. – 29. OKTÓBER

**-20%**

**ÖLL SÖFNUNAR STELL - GLÖS - HNÍFAPÖR**







iittala

**-15%**







SYLVIA SILFUR MATARSTELL
20% AFSLÁTTUR



SATIN RÚMFÖT
VERÐ FRÁ KR.6.995



HNÍFAPARATÖSKUR F/12 M/FYLGIH.
FRÁ KR.24.995



TARÍNUR M/HITARA&AUSU
NÚ AÐEINS KR.10.435



IVV PRIMULA VASAR,
MARGIR LITIR 10% AFSL



HITAFAT, HELDUR HEITU OG
KÖLDU 10–20% AFSL



ÍTALSKIR SPEGLAR
30% AFSL

ÝMIS
ÖNNUR
TILBOÐ
Í GANGI

**OPNUNARTÍMI**
**25. – 29. OKTÓBER**
**MÁN – FÖS KL.11:00 – 18:00**
**LAUGARDAG KL.11:00 – 16:00**

ÞAÐ ER STUTT TIL JÓLA
NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími 568 9955

Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðsvörum.

# Vitleysa reiðinnar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

En sá sem reiður er, hann er vitlaus, sagði sá lærði maður Jón Vídalín. Svo margt djúpvitur hafði Vídalín að segja um reiðina að kalla má hann mann allra tíma. Vissulega var það ekki skoðun Vídalíns að menn ættu aldrei að reiðast, hann gerði sér fyllilega grein fyrir að til er nokkuð sem heitir réttlát reiði. Hann varaði hins vegar við þeirri reiði sem eitrar út frá sér og veldur sömuleiðis skaða þeim sem lætur hana taka af sér völdin. Reiði getur auðveldlega rænt mann viti og flæmir um leið skynsemina á braut.

Hin áminnandi rödd Vídalíns er þó ekki líkleg til að slá í gegn á öllum stöðum. Vídalín myndi sem dæmi örugglega ekki fá mörg like á lokuðum Facebooksíðum þar sem kynin keppast við að koma rothöggi hvort á annað. Þar hópa karlmenn sig saman og níða niður konur sem þeim finnst ógna tilveru sinni, gott ef þær eru ekki komnar vel á veg með að leggja líf þeirra í rúst. Konur hafa síðan umráð yfir eigin Facebook-síðum þar sem karlmenn eru afgreiddir sem andstyggileg fyrirbæri sem séu stöðugt til leiðinda og ama. Á lokuðum Facebook-síðum baðar fólk sig í svívirðingum, reynir stöðugt að toppa hvað annað og finnst sér yfirleitt takast alveg ágætlega upp.

Hið grimmilega kynjastríð á Facebook fer að mestu fyrir ofan garð og neðan hjá þorra fólks sem kemur ekki auga á ógnina sem á að felast í samskiptum við hitt kynið. Það sér fréttir af reiða fólkinu á netmiðlum fjölmiðla og að sjálfsögðu hváir það, því sjálfu myndi því aldrei koma til hugar að láta út úr sér hluti eins og sagðir eru á þessum síðum. Það þýðir ekki að fólk sem er yfirvegað sé skaplaust, það hefur skap, en er ekki svo illa innrætt og ókurteist að það leyfi sér að hella úr skálum reiði sinnar yfir aðra. Almennt kann fólk sig og er annt um mannorð sitt. Enda verður það sér ekki auðveldlega til skammar, eins og fólkið á lokuðu Facebook-síðunum.

Kannski er það bara ágætt skipting að fólk sem leggur greinilega ekkert upp úr kurteisi fái útrás fyrir gremju og frústrasjónir í lokuðum klúbbi, innan um einstaklinga sem eru orðnir fangar reiðinnar. Einhvers staðar verða vondir að vera. En ósköp hljómar það ankannalega þegar þessir einstaklingar neita að horfast í augu við að sitthvað sé athugavert við orðbragð þeirra. Þeir segjast vera í heilagri baráttu fyrir mannréttindum sem hitt kynið vill hafa af þeim. Um leið á málstaðurinn að vera svo brýnn og mikilvægur að ekki sé hægt að vera á rangri braut. Staðreyndin er hins vegar sú að það er ekkert réttlætanlegt við fyrirlitningu á hinu kyninu.

Eins og hinn góði og merki Vídalín benti á þá drepur sá sem lætur reiðina stjórna sér „gott mannorð sitt, hann drepur góða samvisku, já, sálina ef til vill, ef hann meltir reiðina með sér þar til hún úldnar í hjartanu.“

Þetta kallast svo sannarlega að hitta naglann á höfuðið!

**Staðreyndin er hins vegar sú að það er ekkert réttlætanlegt við fyrirlitningu á hinu kyninu.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Alþingi götunnar**

**Þingmenn Pírata lögðu fram áhugavert lagafrumvarp í gær. Þar er lagt til að tíu almennir borgarar fái í hverjum mánuði að ávarpa þingfund um málefni líðandi stundar. Hver ræða má ekki vera lengri en tvær mínútur og formið því það sama og í liðnum Störf þingsins, sem stundum er kallaður hálftími hálfvitanna. Forvitnilegt yrði að sjá hvaða nafngift þessar 20 mínútur almennings fengju en hér er stungið upp á Alþingi götunnar. Ef af þessu verður fengjum við úr því skorið hvort það sé þverskurður þjóðarinnar sem situr á Alþingi.**

**Óhappdrætti ríkisins**

**Samkvæmt frumvarpinu skulu borgararnir sem hlotnast sá heiður að fá að ávarpa Alþingi valdir af handahófi úr kjörskrá. Forsætisnefnd þingsins er falin nánari útfærsla og yrði áhugavert að sjá hvernig framkvæmdinni yrði háttað. Maður gæti séð fyrir sér að höfðað yrði til borgaralegrar skyldu þeirra sem yrðu dregnir út og fólk hreinlega skikkað til að mæta. Miðað við hvernig kosningaþátttaka hefur verið að þróast og afar lítið traust almennings á Alþingi er ekkert víst að það yrði mjög eftirsóknarvert að vinna í þessu happdrætti. Svo verður maður bara að vona Pírata vegna að Pia Kjærsgaard sé ekkert á leiðinni inn á kjörskrá á Íslandi.**

sighvatur@frettabladid.is

# 22 milljónir á dag…



Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Meirihluti borgarstjórnar í Reykjavík felldi nýlega tillögu mína um lægri skatta á atvinnuhúsnæði. Skattar og gjöld borgarinnar eru flest í lögbundnu hámarki. Samt hækkuðu skuldir á síðasta kjörtímabili um 36 milljarða eða tæp 60%. Nýr meirihluti siglir áhyggjulaus sömu leið, því skuldir borgarsjóðs hafa vaxið um 650 milljónir á mánuði frá áramótum, eða um rúmar 22 milljónir á hverjum einasta degi það sem af er ári. Þrátt fyrir mikla árlega tekjuaukningu aukast útgjöldin enn hraðar og þeir sjá sem vilja, að rekstur borgarinnar er ekki sjálfbær. Hinir fjölmörgu og stóru tekjustofnar duga samt ekki borginni. Í stað þess að lækka gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur og rýmka þar með fjárráð borgarbúa er áætlað að borgin greiði sér 14 milljarða króna í arð á næstu fjórum árum. Gjaldskrárhækkanir fyrri ára eru með óbeinum hætti orðnar tekjustofn borgarinnar. Eru þá ótaldir íþyngjandi eignaskattar sem hækka leiguverð og minnka áhuga fyrirtækja og fólks á að búa og starfa í borginni. Hækkun eignaverðs skilar sér því miður ekki sjálfkrafa í veski borgarbúa í lok mánaðar.

Nálgun Reykjavíkurborgar ætti að vera að skilgreina lögbundin verkefni sín, kostnaðargreina þau og afla síðan þeirra tekna sem til þarf. Meirihlutinn í borginni snýr þessu alveg á haus. Spáð er hversu mikið skattgreiðslur borgarbúa og fyrirtækja aukast og hversu mikið má auka skuldir. Þeim fjármunum er síðan ráðstafað í verkefni sem sátt ríkir um en ekki síður hin, sem alls engin sátt ríkir um. Nokkur þeirra hafa verið í umræðunni síðustu vikur en skyldu þau vera fleiri?

Nauðsynlegt er að tryggja að umsvif borgarinnar fari ekki úr böndunum. Fylgjast þarf með að grunnþjónustu sé sinnt vel en fjármunum ekki ráðstafað óvarlega. Þannig mætti sleppa ýmsum fasteignaverkefnum og spara umtalsverða fjármuni. Við höfum upplifað góðæri síðustu ár. En þessi ósjálfbæra útgjalda- og skuldaaukning kemur í bakið á borgarbúum þegar hægir á hagkerfinu.

Skattheimtu verður að stilla í hóf svo fólk haldi eftir þeim fjármunum sem ekki er brýn þörf á í samneysluna. Nú þegar hillir undir samdrátt í hagkerfinu eru skattalækkanir besta kjarabótin, því fáir fara betur með skattfé en greiðendur þess.

**Nú þegar hillir undir samdrátt í hagkerfinu eru skattalækkanir besta kjarabótin, því fáir fara betur með skattfé en greiðendur þess.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 25. OKTÓBER 2018



**Vetrartískan í ár einkennist af stórum, hlýjum slám, töff leðurkjólum, hnífskörpum plíseringum og rómantískum brúnum tónum. Veturinn verður bæði svalur og hlýr ef eitthvað er að marka það sem bar fyrir augu á tískupöllunum þegar vetrartískan var kynnt þar.**

tíska →8






Hulda Karlotta Kristjánsdóttir er hönnuður hjá ZO•ON sem kynnir um þessar mundir glæsilega vetrarlínu sína í verslunum. MYND/ANTON BRINK

# Glæsilegar vetrarflíkur

Útivistarfyrirtækið ZO•ON hannar föt sem eru bæði smart á götuna en með alla virkni fyrir góða útivist. Nýja vetrarlínan inniheldur fjölbreytt úrval sem hentar vel fyrir breytilegt veður hér á landi og áhersla er lögð á fjölnota flíkur. ZO•ON hefur fengið frábærar viðtökur í Finnlandi undanfarið ár. →2

Eins og fyrri ár býður ZO•ON upp á glæsilegar vetrarflíkur fyrir fólk á öllum aldri. Vetrarlínan í ár einkennist af góðum parkaúlpum, léttum dúnjökkum og flottum „hybrid“ jökkum að sögn Huldu Karlottu Kristjánsdóttur, hönnuðar hjá ZO•ON. „Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval sem hentar vel fyrir okkar breytilega veður hér á landi. Í nýju vetrarlínunni höldum við okkur innan rammans „urban outdoor“ og leggjum meiri áherslu á fjölnota flíkur.“



Þrauka, 39.990 kr.

Hún segir litina í vetrarlínunni halda áfram að tengjast íslensku náttúrunni. „Við erum að koma með tvo nýja og ferska liti, dökkgrænan og dökkgulan, sem hafa nú þegar fengið mjög góðar viðtökur frá viðskiptavinum okkar. Núna í vetur munum við kynna til sögunnar nýja og ferska dúnjakkalínu. Frægi Esjujakkinn okkar kemur með nýju útliti og er frábær til að nota undir t.d. Hyljuregnkápuna okkar. Þykkari dúnflíkur eru líka að koma sterkar inn og þar má nefna glænýja dúnkápu sem ber heitið Flatey en hún á eftir að verða frábær í frostinu í vetur. Vinsæla Mjallarúlpan kemur með breyttu sniði og er nú þrjár flíkur í einni (e. 3-in-1) úlpa sem hægt er að nota sem parkaúlpu, regnkápu og léttan sumarjakka. Sannarlega frábær flík fyrir fjölbreytta veðrið okkar.“

## Hvetja til útiveru

Þegar horft var til hönnunar vetrarlínunnar í ár var mikil áhersla lögð á útlit, virkni og gæði að sögn Huldu Karlottu. „Þegar við höfum hönnun á nýju vetrarlínunni var stór þáttur af hönnuninni að huga að fjölnota flíkum sem henta við mismunandi tækifæri, jafnt útivist og við daglega notkun. Fötin okkar hvetja fólk til að drífa sig út og ferðast óhindrað á milli borgar og náttúru, hvernig sem viðrar.“

Þrátt fyrir að nýjar vörur séu stöðugt settar á markað eru sumar vetrarvörur alltaf jafn vinsælar ár eftir ár að sögn Huldu Karlottu. „Ein af vinsælustu úlpum okkar til margra ára er Jaki sem er klassísk parkaúlpa með loðkraga. Hún selst alltaf vel og fæst í fallegum litum. Orri parkaúlpan okkar hefur einnig fengið mjög góðar viðtökur. Hún kom ný inn í fyrra og seldist fljótt upp. Núna í vetur verður hún fáanleg í þremur litum með gráum veglegum gerviloðkraga og er síðari en aðrar parkaúlpur í línunni okkar.“

## Góð einangrun lykilatriði

Barnalínan frá ZO•ON hefur frá



Vetrarflíkur ZO•ON eru hannaðar fyrir breytilegt veðurfar hérlendis.



Esja kostar 26.990 kr.



Úrvalið er glæsilegt.



Berjast kostar 59.990 kr.



Flatey er á 36.990 kr.



Glymur kostar 19.990 kr.



Orri kostar 74.990 kr.



Eldey er á 69.990 kr.



**Framhald af forsíðu** ➪

upphafi notið mikilla vinsælda enda hönnuð með þarfir barnanna í huga. „Barnaflíkurnar eru úr liprum og slitsterkum efnum og hafa góða einangrun sem eru lykilatriðin í barnalínunni okkar. Barnaúlpurnar okkar eru hannaðar með það í huga að þær nánast vaxa með börnunum enda er hægt að lengja ermarnar á þeim um eina stærð. Þetta hefur vakið mikla lukku og endingin á úlpunum verður mun lengri fyrir vikið.“

## Frábærar viðtökur

Um ár er síðan fyrirtækið hóf að selja vörur sínar á erlendum mörkuðum og varð Finnland fyrir valinu sem fyrsta markaðssvæðið utan Íslands. Hulda Karlotta segir viðtökurnar hafa verið frábærar. „Við erum í skýjunum yfir þessum góðu móttökum í Finnlandi og sjáum nú yfir 40% vöxt á milli ára í sölu þar í landi. Um leið höfum við einnig verið að skoða aðra markaði en viljum flýta okkur hægt í þeim efnum og stíga þessi skref rólega og vinna þau vel.“

> Við viljum mæta þörfum viðskiptavina okkar og hanna útivistarföt sem virka jafnt í borginni og náttúrunni.

## Í stöðugri þróun

Margt hefur breyst frá því ZO•ON var stofnað árið 1994 að sögn Huldu Karlottu. „Fyrirtækið hefur þróast mikið síðustu árin og í dag skilgreinum við ZO•ON sem borgarútivistarmerki (e. urban outdoor brand).

Við viljum mæta þörfum viðskiptavina okkar og hanna útivistarföt sem virka jafnt í borginni og náttúrunni. Allar flíkur í línunni er hannaðar með það í huga að gæði og útlit spili vel saman og eru fjölnota. Við hönnum föt sem eru smart á götuna en með alla virkni fyrir góða útivist.“

Nánari upplýsingar um vetrarflíkur ZO•ON má finna á zo-on.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,


SHIMANO
RolfPRIMA
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HVAÐ SEM ÞÚ GERIR.
HVERT SEM ÞÚ FERÐ.
CUBE RAFMAGNSHJÓL.
Nagladekkin eru komin!
Nagladekkin eru komin!
LOUISGARNEAU
ParkTool
Tacx
STAGES
#becube #triverslun
DT SWISS
*RFR Power Ljósasett
Verð: 3.890kr
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
*CUBE HPA 2000
Verð: 35.990kr
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

# Kuldinn næðir um New York

Vetrarhörkur eru tíðar í New York borg. Stjörnurnar fara ekki varhluta af þeimog þurfa að klæða sig eftir veðri þegar þær spóka sig á götum Manhattan. Eins og með allt annað gera þær það með stæl.



Rosie Huntington-Whiteley tekur sig vel út í þessum fallega skinnjakka.



David Beckham vel klæddur í tvöfaldan jakka og með húfu á hausnum.



Dakota Fanning er hálf kuldaleg þrátt fyrir mokkakápuna hvítu.

Jennifer Lopez klæðir kuldann vel af sér í þessari úlpu og gæðalegu loðhúfu.





Gigi Hadid fer ekki troðnar slóðir en er örugglega afar hlýtt í þessari bleiku flík.



Það væsir ekki um Kendall Jenner í þessum þykka mokkajakka.



Victoria Beckham er vön kuldanum í New York og lætur yfirleitt nægja að smeygja sér í smart ullarkápu.





CHANEL KYNNING
Í SIGURBOGANUM
24.–27. OKTÓBER

Við kynnum jólalitina 2018 frá Chanel.

Gréta Boða verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf.

20% afsláttur
af öllum vörum frá Chanel meðan á kynningu stendur

SIGURBOGINN

# VETRARTÍSKAN

VAGABOND
SHOEMAKERS



**Vagabond Grace**
19.995



**Vagabond Kenova**
19.995



**Vagabond Tilda**
21.995



**Vagabond Kenova**
22.995



**Vagabond Jessie**
16.995



**Vagabond Diane**
24.995



**Vagabond Salvatore**
Herraskór
22.995



**Vagabond Steve**
Herraskór
22.995



**Vagabond Johnny**
Herraskór
19.995

# Kaupfélagið

Kringlan - Smáralind

# Hrifinn af framtíðarflíkum

## Fataskápur Einars Stefánssonar úr Vök er mikið bland í poka þegar kemur að vörumerkjum en honum finnst gaman að blanda saman ólíkum flíkum.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Árið hefur verið ansi viðburðaríkt hjá tónlistarmanninum Einari Hrafni Stefánssyni en hljómsveit hans Vök hefur túrað mikið um Evrópu við ansi öfgakenndar aðstæður. „Árið byrjaði á tæpu tveggja mánaða tónleikaferðalagi um Evrópu á einum kaldasta vetri sem ég hef upplifað. Stórum hluta sumarsins eyddum við svo í hljóðveri í London án loftkælingar í einni mestu hitabylgju í sögu Bretlandseyja. Ansi öfgafullt ár hingað til svona þegar maður spáir í því. Við erum nýlega búin að gefa út tvö lög af komandi breiðskífu og munum gefa út nokkur í viðbót í aðdraganda útgáfu plötunnar en hún á að koma út fyrri part árs 2019.“

### Hrifinn af svörtu

Einar lýsir fatastíl sínum þannig að hann sé einfaldur en um leið samkvæmur sjálfum sér. „Ég vann í nokkur ár sem „freelance“ hljóðtæknimaður og einkennisbúningur rótarans er svart, svart, svart. Því á ég á mikið af dökkum fötum sem er mjög einfalt að klæðast. Svört föt eru bæði grennandi (gott fyrir pabbakroppinn) og líta nánast alltaf út fyrir að vera nýþvegin. Maður þarf ekkert að spá í kaffislettum eða slíku. Svart passar við allt og maður getur sett allar svartar flíkur í sömu þvottavél.“

Sá einstaklingur sem hefur haft mest áhrif á fatasmekk hans er nánasti vinur hans og samstarfsmaður, Klemens Hannigan, en klæðaburður hans er yfirleitt óaðfinnanlegur segir Einar. „Fyrrverandi hljómsveitarfélagi og núverandi markaðsstjóri Húrra Reykjavík, Ólafur Alexander, hefur líka haft sín áhrif en hann hefur verið duglegur að hvetja mig til að kaupa „framtíðarflíkur“, s.s. föt sem maður mun nota mikið og lengi.“

*Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast?*

Ég vil trúa því að hann sé að þroskast og þróast á jákvæðan veg. Í dag fjárfesti ég miklu meira í gæðaflíkum heldur en áður fyrr og vel mér föt vandlega. Ég kaupi yfirleitt bara flík ef ég er handviss að ég muni vera í henni og hún verði að framtíðarflík í fataskápnum.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?*

Ég kaupi stundum föt þegar ég er á tónleikaferðalögum, þá sjaldan sem maður fær frídag. Heima hef ég stundum farið í Húrra Reykjavík og herrafatabúðin hans Jörmundar í kjallaranum á Laugavegi 25 klikkar líka seint. Jörmundur er algjör klassi af manni og ef það er í rauninni einhver sem maður ætti að taka til fyrirmyndar hvað varðar tísku þá er það hann. Maður fer sjaldnast tómhentur út þaðan.

*Hvaða litir eru í uppáhaldi?*

Eins klisjukennt og það hljómar er svart í algjöru uppáhaldi. Það er tímalaus litur og helst alltaf í tísku.

*Áttu minningar um gömul tískuslys?*

Á tímabili í 10. bekk stundaði ég tilraunastarfsemi með mjög litríkan fatasmekk. Ég átti það til að blanda saman t.d. rauðum buxum við fjólubláa peysu og ljósbláa húfu. Það voru til myndir en ég er búinn að brenna þær.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn þá?*

Það er gamli svarti rúskinnsjakkinn minn sem passar við allt og hentar næstum því öllum árstíðum. Það er mikið tilfinningalegt gildi í honum. Ég lét meira að segja taka hann í gegn hjá skósmiði í fyrra og núna er hann eins og nýr!

*Áttu þér uppáhaldsverslanir?*

Fataskápurinn minn er frekar mikið bland í poka hvað varðar vörumerki og mér finnst gaman að blanda saman ólíkum samsetningum. Það er líka einstaklega auðvelt þegar maður er að vinna með svona takmarkaða litapallettu. Það getur þó verið gaman að fara í Uniqlo. Úrvalið þar er einfalt og mínímalískt sem ég fíla. Ég hef líka oft fundið aðeins meira „trendy“ föt í Urban Outfitters.

*Áttu þér uppáhaldsflík?*

Mér finnst erfitt að eiga eina uppáhaldsflík því stór hluti af fataskápnum hefur tilfinningalegt gildi fyrir mér. Í augnablikinu er það líklegast skyrta frá vörumerkinu Zplish sem ég fann í New York um daginn. Hún öskraði á mig í búðinni. Hún smellpassar líkamsforminu mínu sem er líka frekar sjaldgæft. Skyrtur eiga það til að vera ermastuttar á mér.

*Bestu og verstu fatakaup?*

Bestu var fóðraður Levi's gallajakki sem ég fann á 5.000 kall í Rauða krossinum fyrir nokkrum árum. Alvöru framtíðarflík. Verstu fatakaupin eru jakki sem ég fann á tónleikaferðalagi í Hollandi árið 2015. Þetta var svona pínu fleginn og fínlegur jakki sem mér fannst æðislega flottur í búðinni og keypti án þess að hugsa. Þegar ég kom svo heim fattaði ég í raun hversu fáránlegur ég var í honum. Algjört lestarslys.

*Notar þú einhverja fylgihluti?*

Ég er ekki mikið fyrir skart en ég á það til að nota úrið sem ég fékk frá belgíska tískufyrirtækinu Komono. Vök var í samstarfi með þeim fyrir haustlínuna í fyrra. Vegan Dr. Martenarnir mínir mættu líka teljast sem fylgihlutur þar sem þeir eru miklu meira en bara skór. Þetta eru óþægilegustu skór sem ég hef á ævinni verið í en þeir mega eiga það að þeir eru nánast alltaf eins og glænýir.



Hér klæðist Einar rúllukragabol frá 66°Norður, jakka frá Wood Wood og buxum frá Libertine Libertine. Skórnir eru vegan Dr. Martens.



Hér klæðist Einar buxum frá Libertine Libertine, rúllukragabol frá Samsoe og peysu frá Asos.



Bolurinn er Urban Outfitters og skyrtan frá Zplish. Buxurnar koma frá Selected. MYNDIR/ANTON BRINK






SPORTÍS

MÖRKIN 6 - 108 RVK - S: 520-1000 - SPORTIS.IS

# Hlýtt og svalt í vetur

Flestir kætast þegar vetrartískan kemur í verslanir enda ágætis tilbreyting frá blómakjólum og bleiku tjulli sem oft vill einkenna sumartískuna. Vetrartískan í ár einkennist af stórum, hlýjum slám, töff leðurkjólum, hnífskörpum plíseringum og rómantískum brúnum tónum. Veturinn verður bæði svalur og hlýr ef eitthvað er að marka það sem bar fyrir augu á tískupöllunum þegar vetrartískan var kynnt þar.



Plíserað er málið í vetur, hnífskarpar fellingar í hnésíðum pilsum. Vertu í plíseruðu pilsi við buxur, gróf stígvél eða með stórri, þykkri peysu eins og þessi fyrirsæta á sýningarpalli hjá Sportmax.



Áhrif áttunda áratugarins á vetrartískuna leyna sér ekki eins og þessi brúna rúskinnskápa frá Etro ber fagurt vitni um.



Framtíðin er komin og hún er silfurbjört. Silfur- og málmkennd efni munu endurvarpa jóla- og norðurljósunum í vetur og ekki verður óalgengt að sjá gangandi diskókúlur létta svartasta skammdegið, kannski í þessari dásemdardragt frá Balmain.



Dýramynstur eiga upp á tískupallborðið í vetur enda kunna dýrin að bregðast við breyttu hitastigi. Þessi kjóll er hugverk tískuhönnuðarins Ashley Williams.



Það gerist ekki svalara en svart leður. Leður- og pleðurkjólar verða áberandi í haust og vetur, af öllum síddum og sniðum þó svart verði sennilega mest áberandi. Hér má sjá kjól frá Soniu Rykiel sem er bæði svalur og sjóðheitur í senn.



Að slá um sig í slá er góð vetrarskemmtun. Slár eru bæði hlýjar og notadrjúgar þegar kólna fer, og passa afskaplega vel einmitt yfir leðurjakka eða flottar yfirhafnir sem eru ekki alveg nógu þykkar til að takast á við vetur á norðlægari slóðum. Þessi konunglega blómaslá er frá Erdem.







HAUSTÚTSALA
30-50%
afsláttur af völdum vörum
MOS MOSH
MOS MOSH dúnúlpa
Einnig til í svörtu
~~Verð 36.980~~
Tilboðsverð nú 25.886
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Listin við að lagskipta

**Þegar vetrarvindar byrja að blása teygjum við okkur í hlýju fötin. En margir kjósa að klæða sig frekar í nokkur lög en að draga fram þykk kuldaföt. Hér eru nokkur góð ráð til að negla laglega lagskiptingu.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Það er eðlilegt að vilja dúða sig þegar vetrarkuldinn byrjar að stinga, en það lítur ekki alltaf mjög glæsilega út að fara í hnausþykka úlpu eða hrúga bara á sig flíkum. Til að líta vel út þarf að temja sér listina við lagskiptingu. Hér eru nokkur góð ráð til að hafa í huga þegar maður klæðir sig fyrir veturinn.

## Að lita lögin

Hlutlausir litir virka vel í lagskiptingu og það er bæði hægt að leika sér með ólíka tóna eða halda sig við einn lit.

Ef maður heldur sig við einn lit er mikilvægt að velja efni með ólíka áferð. Það bætir við dýpt og fjölbreytileika og annars er hætta á að fá of flatt og einsleitt útlit.

Ef maður ætlar að halda sig við einlitt útlit er ekki gott að velja mjög skæra liti, því þá er hætta á að líta út eins og sögupersóna í barnaefni. Það er betra að nota frekar hlutlausa liti, sérstaklega ef maður vill vera látlaus í klæðaburði.



Jakkar geta virkað vel sem millilag, eins og rússneska fyrirsætan Irina Liss sýnir hér á götum New York-borgar. MYNDIR/NORDIC-PHOTOS/GETTY

Það þurfa ekki öll fötin að vera í litum sem passa fullkomlega saman, en það ætti bara ein flík að vera „hávær“ og skera sig úr frá öllum hinum. Ef þú heldur þig almennt við hlutlausa liti er hægt að nota trefil eða húfu sem mest áberandi flíkina til að setja tóninn.

Það er líka alveg óhætt að nota mynstur, jafnvel þó maður vilji halda sig við einfaldan og látlausan klæðaburð. Hógvært mynstur sem passar við litasamsetningu klæðnaðarins getur átt mjög vel við, sérstaklega sem millilag.

## Margar leiðir til að lagskipta

Jakkar þurfa ekki endilega að vera ysta lagið. Léttir jakkar og leðurjakkar geta virkað vel sem millilag. Lykillinn er að velja bara nógu létta flík og para hana við stóra kápu.

Það er líka gott vera í ólíkum lögum af prjónuðum fötum. Þau líta vel út og vernda mann vel gegn kuldanum. Þá er samt gott að blanda saman léttari og þyngri prjónuðum flíkum, eða ólíkum síddum og litum, til að aðskilja lögin.



Fyrirsætan Johannes Huebl sýnir hér hvernig það er snyrtilegast að vera í stysta laginu innst og auka síddina með hverju lagi.



Hér sýnir fyrirsætan Anastasia Ivanova hvernig hægt er að setja aukna dýpt í einlitan klæðaburð með því að velja efni með ólíka áferð.



Treflar í yfirstærð eru góð leið til að fá lagskipt útlit. Þeir geta hangið yfir öxlina eða hálsinn eða flætt niður í kringum líkamann.

Treflar í yfirstærð eru góð leið til að fá lagskipt útlit þó að maður sé ekki í mörgum lögum. Því stærri, því betra. Það er hægt að láta þá hanga yfir öxlina eða hálsinn eða láta þá flæða niður í kringum líkamann. Slíkir treflar geta líka bætt aukinni dýpt í lagskipt útlit.

## Síddir skipta máli

Karlar ættu að reyna að láta klæðafald hvers nýs lags vera síðari en lagsins á undan. Þannig ætti fyrsta lagið, til dæmis stuttermabolur, að vera styst, en svo ætti peysan sem kemur þar yfir að vera með síðari klæðafald en bolurinn og næsta lag þar á eftir ætti að vera ennþá síðara. Auðvitað eru til undantekningar við þessa reglu, en almennt lítur það ekki snyrtilega út ef innri lög ná niður fyrir ytri lög.



Stærðir 38-58
FLOTT VETRARFÖT,
FYRIR FLOTTAR KONUR
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460
Verslunin Belladonna




Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030




Verð gildir til og með **28. október** eða meðan birgðir endast

KJARNAFÆÐI

ÍSLENSKT Lambakjöt

Af nýslátruðu 2018



**2.098** kr. kg

**Kjarnafæði Lambahryggur**
Lundarpartur, af nýslátruðu



**1.998** kr. kg

**Kjarnafæði Lambahryggur**
Heill, af nýslátruðu




**1.259** kr. kg

**Íslandslamb Lambalæri**
Sérskorið, af nýslátruðu

Af nýslátruðu 2018



**895** kr. kg

**Kjarnafæði Lambasúpukjöt**
Ferskt, 1. fl., af nýslátruðu

Ferskt ÍSLENSKT hráefni



**1.198** kr. kg

**FK Blandað Hakk**
Naut/Lamb, ferskt

LÁGT VERÐ ALLA DAGA




MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ




**298** kr. 770 g

**Myllu Heimilisbrauð**
770 g

500g




**895** kr. 500 g

**OS Samlokuostur**
Í sneiðum, 500 g



**259** kr. 120 g

**Bónus Skinka**
Silkiskorin, 120 g

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Ýmislegt fyrir HREKKJAVÖKU veisluna



**198** kr. stk.

**Halloween Fata**
Nokkrir litir




**BLÖÐRUR**
með LED lýsingu

**198** kr. pk.

**Halloween Blöðrur**
Með LED lýsingu, 3 stk.



**298** kr. stk.

**Halloween Pappalukt**
Með LED peru




**598** kr. 508 g

**Mix of Minis Nammipoki**
55 stykki, 508 g

**SAMA VERÐ UM LAND ALLT**



**398** kr. pk

**Halloween Kertahaus**
Fyrir sprittkerti




**98** kr. 330 ml

**Ceres Jóla Hvítöl**
Danskt, 330 ml




**298** kr. 400 g

**Bónus Piparkökur**
400 g

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LJÓSASERÍUR
## samtengjanlegar




**5.998**
kr. stk.

**LED Ljósasería**
20 rauðar eða hvítar LED perur
9,3 m, E27, samtengjanleg

**3.598**
kr. stk.

**LED Ljósasería**
10 hvítar LED perur
6,3 m, E27, samtengjanleg




**LED**
PERUR

**200**
LUMENS

LÍFTÍMI
**25.000**
KLUKKUSTUNDIR

**IP44**

**E27**

**198**
kr. stk.

**LED Ljósaperur**
2,5W, E27, 5 litir

**259**
kr. stk.

**LED Ljósaperur**
5W, E27, 5 litir

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

CINZIA ROCCA HÁGÆÐA ULLARKÁPURNAR KOMNAR




CREENSTONE | © EINSTÖK HÖNNUN OG GÆÐI




Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Þurrka eða þvo?

**Ef það er eitthvað sem allir þurfa að eiga, þá er það hlý og góð vetraryfirhöfn. Kápur, jakkar og úlpur endast betur ef þær fá rétta umhirðu.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Gott er að eiga nokkrar vetraryfirhafnir til skiptanna, enda er íslenskur vetur oft langur og kaldur. Falleg ullarkápa, hlý dúnúlpa og þykkur jakki eru flíkur sem koma að miklu gagni yfir vetrartímann. Yfirhafnir endast almennt betur ef þær fá rétta umhirðu og þvott. Alltaf er best að lesa vel þvottaleiðbeiningar á flíkum áður en þeim er skellt í þvottavélina eða farið með þær í hreinsun.



Frakkar fara í hreinsun.

## Heldur lit og lögun

Ullin góða er náttúrulegt efni sem má þvo í fremur köldu vatni. Samt sem áður má ekki þvo ullarkápur í þvottavél heldur á að setja þær í hreinsun. Ástæðan er sú að flestar yfirhafnir úr ull eru blandaðar með öðrum efnum og svo getur fóðrið stækkað eða minnkað í þvotti. Með því að fara með ullarkápu í hreinsun heldur hún bæði lögun og lit og verður ekki tuskuleg. Ef aðeins þarf að fríska upp á ullarkápuna er hægt að hengja hana á herðatré út á snúru í klukkutíma eða svo. Það má pressa ullarkápu ef hún er krumpuð en þá þarf að gæta þess að straujárnið sé stillt á lágan hita. Það sama gildir um ullarjakka og -frakka.

## Þurrkað með tennisbolta

Margir eiga góðar dúnúlpur eða dúnvesti en hlýrri og léttari flíkur er vart hægt að fá. Mikilvægt er að halda dúninum hreinum, þurrum og léttum en með því móti lengjast lífdagar flíkurinnar svo um munar. Það er í lagi að setja dúnúlpu í þvottavélina, þvo við lágan hita og nota sérstakt þvottaefni fyrir dún. Það er einnig í lagi að setja dúnúlpu í þurrkara við lágan hita. Gott er að setja 2-3 tennisbolta með í þurrkarann til að dúnninn verði léttur í sér.



Vetraryfirhafnir fá lengra líf með réttri umhirðu. MYNDIR/NORDIC PHOTOS/GETTY

## Rafmagnað flís

Flísjakkar koma sér vel í svölu veðri en þá er gott að þvo í þvottavél og fylgja vel þvottaleiðbeiningum sem fylgja þeim. Best er að hengja flísfatnað til þerris, úti eða inni. Í lagi er að setja flísfatnað í þurrkara en þá við lægsta mögulega hita. Það á alls ekki að láta flísfatnað þorna til fullnustu í þurrkara heldur taka hann út á meðan hann er enn rakur og hengja upp. Flísið getur orðið rafmagnað við að þurrkast í þurrkara.

## Hár hiti óvinurinn

Gervipelsar hafa sjaldan verið vinsælli en nú en margir eru í vafa um hvernig eigi að hreinsa þá. Best er að lesa vel leiðbeiningarnar á flíkinni. Pelsinn er, eins og nafnið bendir til, úr gerviefnablöndu og líklegast þarf að fara með hann í hreinsun. Hár hiti er versti óvinur gervipelsins og það ætti aldrei að setja slíka flík í þurrkara.

Vatnsheldir útivistarjakkar standa alltaf fyrir sínu, hvort sem er um sumar eða vetur. Þá má oftast þvo í þvottavél en það verður að nota sérstakt þvottaefni sem fæst í útivistarverslunum. Útivistarjakka ætti aldrei að setja í þurrkara heldur hengja á herðatré til þerris.

Gervileðurjakkar og -kápur búa yfir þeim góða kosti að vera létt í umhirðu. Hægt er að þurrka bletti af gervileðri með rökum klút. Oftast má henda flíkum úr gervileðri í þvottavélina og þvo við lágan hita og lágan snúningshraða. Gervileðurflíkur má alls ekki setja í þurrkara, þær geta einfaldlega bráðnað.


FÁÐU ÞÉR SJÁLFSKIPTAN KARL

Opel Karl er afburðaknár 5 dyra bíll með öllu tilheyrandi.
Þýsk gæði á ótrúlegu verði!




Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni

Opel Karl Enjoy. Verð: 2.190.000 kr.
Tilboðsverð, sjálfskiptur: 1.990.000 kr.

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel Karl á opel.is/karl eða í sýningarsölum okkar í Reykjavík og Reykjanesbæ

Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

# VETUR Í ELLINGSEN

Columbia Sportswear Company · MILLET · DIDRIKSONS · DEVOLD NORWAY 1853 · SOREL · THE NORTH FACE



DIDRIKSONS MARCEL
STÆRÐ S–XXXL
**VERÐ 29.995 KR.**



COLUMBIA TIMBERLINE RIDGE
STÆRÐ S–XL
**VERÐ 39.995 KR.**



COLUMBIA GRANDEUR PEAK
STÆRÐ S–XL
**VERÐ 29.995 KR.**



DIDRIKSONS NADINE
STÆRÐ 36–44
**VERÐ 29.995 KR.**



MILLET K DOWN
STÆRÐ S–XL
**VERÐ 59.995 KR.**



MILLET ELEVATION
STÆRÐ S–XL
**VERÐ 49.995 KR.**



THE NORTH FACE NUPTSE III
STÆRÐ S–XL
**VERÐ 32.995 KR.**



THE NORTH FACE NUPTSE III
STÆRÐ S–XL
**VERÐ 28.995 KR.**



DEVOLD EGGA PEYSA
STÆRÐ S–XL
**VERÐ 24.995 KR.**



DEVOLD TINDEN SPACER PEYSA
STÆRÐ M–XXL
**VERÐ 29.995 KR.**



SOREL TOFINO II
STÆRÐ 36–41
**VERÐ 29.995 KR.**



SOREL CARIBOU SLIM
STÆRÐ 37–41
**VERÐ 24.995 KR.**

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

**WWW.ELLINGSEN.IS**


Á frumsýningu Alice Through the Looking Glass í Madríd á Spáni 2016.

# Þægindin í fyrirrúmi flesta daga

**Afmælisbarn dagsins, hin 29 ára gamla Mia Wasikowska, kýs þægindin umfram annað í sínu daglega lífi. Hún hefur þó ekkert á móti því að stríla sig upp við sérstök tilefni, eins og þegar hún gengur rauða dregilinn.**

Mia Wasikowska er áströlsk leikkona sem gert hefur garðinn frægan undanfarin ár með eftirtektarverðum leik. Hún steig sín fyrstu leiklistarspor fimmtán ára gömul í áströlsku þáttunum All Saints. Frægðin bankaði á dyrnar þegar hún lék í gæðaþáttunum frá HBO, In Treatment. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna í gegnum tíðina en meðal helstu kvikmynda sem hún hefur leikið í má nefna Alice in Wonderland, Jane Eyre, Lawless, Madame Bovary, The Kids Are All Right og Crimson Peak.

Mia æfði ballett af krafti til fjórtán ára aldurs en blöskraði þrýstingurinn í átt að fullkomnu útliti og hætti. Hún er mikill áhugaljósmyndari og tekur myndir á ferðalögum sínum og á tökustöðum með Rolleiflex-myndavél. Við tökur á myndinni Jane Eyre lét hún sauma leynivasa á búninga sína til að hún gæti falið þar litla myndavél sem hún notaði á milli taka.

Þegar kemur að klæðavali kýs leikkonan þægindin fram yfir allt annað í sínu daglega lífi. Þegar papparassar smella af henni myndum úti á götu er hún yfirleitt ómáluð og í kósí fötum. Hún hefur þó ekkert á móti því að stríla sig upp þegar tilefni er til og hefur unnið með stílistanum Ryan Hastings þegar rauði dregillinn kallar. Hún segist fíla hönnuði á borð við Miu Miu, Rodarte og Roland Mouret.


Miu finnst alger óþarfi að punta sig hversdags.


Í skrautlegum svörtum og silfurlitum kjól á frumsýningu Alice Through the Looking Glass í Hollywood.


Svartklædd í þægilegum jakka í partíi til að fagna frumsýningu Alice Through the Looking Glass í London 2016.


Í silfurlitum kjól fyrir sýningu á Madame Bovary á kvikmyndahátíð í London 2014.


Ljósklædd í grænu pilsi á kvikmyndahátíðinni í Cannes.


Glæsileg á Evrópufrumsýningu Alice Through whe Looking Glass í London 2016.

VINSÆLU KULDASKÓRNIR MEÐ MANNBRODDUNUM

ERU KOMNIR FYRIR DÖMUR OG HERRA



Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

BASLER MaxMara BRAX

SIXMIX®

# VETRARTÍSKAN



**SIX MIX ÖKKLASKÓR**
EINNIG TIL Í VÍNRAUÐU
VERÐ **24.995**



**SIX MIX KULDASKÓR**
EINNIG TIL Í BRÚNU
VERÐ **16.995**



**SIX MIX KULDASKÓR**
EINNIG TIL Í GRÁU OG SVÖRTU
VERÐ: **19.995**



**SIX MIX ÖKKLASKÓR**
EINNIG TIL Í SVÖRTU OG BRÚNU
VERÐ **19.995**



**SIXMIX ÖKKLASKÓR**
EINNIG TIL Í BRÚNU,
VÍNRAUÐU OG GRÁU
VERÐ **15.995**



**SIX MIX ÖKKLASKÓR**
EINNIG TIL Í SVÖRTU
VERÐ: **19995**



**SIX MIX KULDASKÓR**
EINNIG TIL Í SVÖRTU
VERÐ **16.995**



**SIX MIX ÖKKLASKÓR**
VERÐ: **19.995**



**SIX MIX ÖKKLASKÓR**
EINNIG TIL Í VÍNRAUÐU
VERÐ: **18.995**

KOX
KRINGLUNNI

# Líður vel í sálinni í lopapeysu

**Sveitastúlkan og lopahönnuðurinn Védís Jónsdóttir segir íslenskar lopapeysur umvefja bæði líkama og sál. Hún festist óvart í lopanum og er höfundur margra fegurstu lopapeysa landsins.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég ólst upp í sveit og var síteiknandi sem barn. Afi, sem var bóndi, skildi ekkert í því af hverju ég gæti ekki teiknað hund eða hest þegar ég sat dagana langa við að teikna hátískuskvísur í brjáluðum fötum. Það fannst honum einkennileg ástríða hjá sveitabarni. Mig dreymdi um að verða listmálari þegar ég yrði stór en mála með ullinni í staðinn,“ segir Védís sem er konan á bak við töfrandi litadýrð íslensks lopa sem lendir á prjónum íslenskra prjónakvenna í formi léttlopa, plötulopa, Álafosslopa eða einbands.

„Sem sveitastúlka kunni ég tökin á ullinni og íslensku sauðkindinni. Ég var auðvitað í sauðburði og kann að rýja kind, en það voru amma og mamma sem kenndu mér að prjóna og sauma. Ég ólst því upp við að búa til föt heima og uppgötvaði seinna mér til ánægju að ég gat farið í skóla til að læra meira,“ segir Védís sem lauk fjögurra ára námi í fatahönnun við Danmarks Design skólann í Kaupmannahöfn.

„Þar lærði ég allt mögulegt og meðal annars prjóna- og litahönnun. Eftir útskrift bauðst mér svo starf hjá Álafossi heitnum og festist hálfpartinn í lopanum,“ segir Védís og hlær.

Hún er nýflutt heim til Íslands eftir níu ára búsetu í New York og Róm.

„Þá vann ég „freelance“ fyrir Ístex og Rammagerðina að hönnun á værðarvoðum og lopapeysum. Ég hef líka hannað fyrir ýmsa handverkshópa, eins og Borgarfjarðarpeysurnar og skagfirsku hestapeysurnar Undir bláhimni og Undir gráhimni. Ég er heilluð af litadýrð náttúrunnar og hef frá því í barnæsku brotið upp landslag í liti.“





**Hér má sjá hluta af nýrri hönnun Védísar sem handavinnufólk getur prjónað.** MYNDIR/GUÐMUNDUR ÞÓR KÁRASON



**Védís Jónsdóttir hefur hannað margar af fegurstu lopapeysum lýðveldisins.** MYND/STEFÁN

## Óvænt yrkisefni

Yrkisefni Védísar í lopanum kemur úr ólíkum áttum.

„Það geta verið form í náttúrunni eða fólk á gangi en líka tónlist eða bíómyndir. Til dæmis lagið Fönn, fönn, fönn með Stuðmönnum en þá snjóaði líka svo fallega úti, og stundum hlusta ég á sama lagið aftur og aftur, eða ákveðna plötu eða listamann. Þannig hlustaði ég á The Beast eftir Jóhann Jóhannsson þegar ég hannaði nýju peysuna Leysingar og ein af mínum vinsælustu peysum, Riddarinn, birtist mér þegar ég horfði á samúræjamynd þar sem riddarar riðu yfir hæð með fána. Auðvitað er þetta langsótt en svona kemur þetta til mín. Líka úr fréttum, eins og peysan Órói sem varð til eftir að ég sá sprenginguna í gljúfrinu vegna Kárahnjúkavirkjunar og hannaði rammíslenskt munstur sem ég síðan sprengdi á peysuna,“ segir Védís sem þróar hugmyndir sínar og prjónar margar prufur af mismunandi litasamsetningum til að finna hvernig munstrin liggja best og hvort í þeim sé hljómur sem virkar.

„Ég hanna iðulega í grátónum því það gefur gott jafnvægi en mörg af mínum munstrum ganga jafn vel í sauðalitum og litríkum samsetningum.“

Í vikunni kom út lopauppskriftabókin Lopi 38 sem Védís vann fyrir Ístex, en það er fyrsta bókin sem kemur út alfarið með hönnun Védísar í níu ár.

„Lopabækurnar er hugsaðar fyrir handavinnufólk þar sem hver og einn getur prjónað sér flík eftir uppskrift að eigin vali. Umhverfisvænna verður það ekki og fólk fær fallega og úthugsaða hönnun sem allir ættu að hafa efni á, enda er verð á íslensku handprjónabandi hagstætt. Litaúrvalið er líka gífurlegt, bæði sauðalitir og litir sem ég hef hannað fyrir Ístex, mikið af samkembdum litum þannig að úr verður ómótstæðileg litadýrð íslenskrar náttúru.“

## Lopapeysa allra meina bót

Védís segir það notalega tilfinningu að sjá aðra klæðast flíkum sem hún hefur hannað.

„Þær verða víða á vegi mínum og mér finnst indælt að sjá fólk klæðast peysunum mínum hvort sem það er í sjónvarpi eða á förnum vegi. Þegar við birtum okkar fyrstu uppskrift á netinu, af lítilli, renndri lopapeysu, mætti ég svo mörgum í henni á Menningarnótt að ég hætti að telja. Ég velkist ekki í vafa þegar ég sé mína eigin hönnun, né þegar aðrir hönnuðir taka hana yfir í sínar flíkur og setja sitt nafn við þar sem ég þekki vel mín munstur.“

Hún segir íslensku ullina alltaf eiga við og vera sígildan efnivið í tísku samtímans.

„Íslenska ullin er yndisleg, hlý, notaleg og temprandi. Það er þetta samband af togi og þeli og hvað hún er létt sem gerir hana einstaka. Við eigum að halda í íslenska arfinn og klæðast lopa við lífsins tilefni. Nú er í tísku að vera jafnt í þröngri lopapeysu við víðar buxur eða stórri peysu við þröngar leggings, og allt þar á milli. Þá eru ullarkjólar líka hæstmóðins enda er kona í léttum ullarkjól undurfín,“ segir Védís sem sjálf klæðist lopa, jafnt í sveit og borg.

„Ég nota ullarflíkur eftir mismunandi stemningu og nota jafnt sauðaliti sem og litríkari flíkur. Ullin er það besta í íslenskum vetrarkulda og alltumvefjandi fyrir líkama og sál því manni líður svo vel í sálinni þegar maður fer í lopapeysu. Hún aðlagast hita mannslíkamans og stingur ekki því hárin leggjast niður næst líkamanum. Það þarf heldur ekki að þvo lopapeysuna heldur er alveg nóg að viðra hana,“ segir Védís og hvetur sem flesta til að taka fram prjónana nú þegar Vetur konungur heldur innreið sína.

„Það er svo huggulegt að njóta þess að setjast niður og prjóna. Nú er stóraukinn áhugi á íslenskri ull á Norðurlöndunum, og ekki síst í Svíþjóð sem kaupir mikið af íslenskum lopa. Hringlaga axlarstykki íslenskra lopapeysa þykir töfrandi og beina athyglinni að andliti þess sem klæðist þeim. Íslensk lopapeysa er líka hlý yfir axlir og brjóst, einmitt þar sem manni á að vera hlýtt þegar kuldaboli blæs, og algjörlega frábær fyrir vöðvabólguna. Því er allra meina bót að eiga lopapeysu og helst í mörgum litaútfærslum líka,“ segir Védís brosmild.

VEGAN

Fimmtudaginn 1. nóvember er alþjóðlegi vegan dagurinn.
Í tilefni hans ætlar Fréttblaðið að gefa út sérblaðið Vegan þann sama dag.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Arnar Magnússon
Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
arnarm@frettabladid.is Sími: 512 5442

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




Skyrta
12.990
Buxur
13.990

Levi´s Kringlunni - Levi´s Smáralind

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf - S. 894 9690**

## Til sölu



**Glæsilegur rafmagnsbíll.**
**NISSAN LEAF ACENTA 24 KW**

- Árgerð 2012
- Ekinn 51 þ.km.
- Næsta skoðun 2020
- Glæný heilsársdekk

**Verð kr: 1.590.000.-**
**Upplýsingar veitir Garðar hjá Netbílum í síma 588-5300**




## Bílar & Farartæki

### Bílar til sölu

BETRIBILASALAN.IS



NISSAN X-TRAIL 7 MANNA ACENTA PLUS Árgerð 2017, ekinn 68 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.110195.



MMC OUTLANDER INSTYLE PHEV Árgerð 2016, ekinn 43 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.150.000. Rnr.130056.



VOLVO XC90 T8 INSCRIPTION HYBRID Árgerð 2016, ekinn 28 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 8.300.000. Rnr.130009.



FORD FUSION HYBRID Árgerð 2015, ekinn 49 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.750.000. Rnr.110146.

**Betri bílasalan**
**Ármúla 4, 108 Reykjavík**
**Sími: 571 7166**
**Netfang: sala@betribilasalan.is**
**www.betribilasalan.is**

BETRIBILAKAUP.IS



2017 Volvo V60 D6 AWD Hybrid
3.790.000 kr. 2017, ekinn 15.000 km



2016 Volvo XC90 T8 Inscription
6.990.000 kr. 2016, ekinn 68.000 km



2017 BMW 330e Sportline
4.090.000 kr. 2017, ekinn 31.000 km



2018 BMW 330e M-Sport 4.890.000 kr. 2018, ekinn 8.000 km

**Betri bílakaup ehf.**
**Ármúla 4, 108 Reykjavík**
**Sími: 511 2777**
**Netfang: sala@betribilakaup.is**
**www.betribilakaup.is**




SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Viðgerðir




## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.



# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Nýbýlavegur 6, 2. hæð, 690 fm. Frábært húsnæði sem er innréttað sem líkamsrækt. Stórir gluggar, innkeyrsluhurð og glæsilegt útsýni. Afar áberandi húsnæði.
**Nánar uppl. gretar@lundurfasteignir.is**

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Auðbrekka 21, 330 fm
Mjög gott lager/atvinnuhúsnæði á 1. hæð. Stórt plan og góð innkeyrsluhurð.
**Nánar uppl. gretar@lundurfasteignir.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


# Atvinna

## Atvinna í boði

VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA

**VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA - BÓKARI**
Rótgróið veitingahús í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir að ráða bókara til starfa sem fyrst. Æskilegt að viðkomandi hafa einhverja reynslu af fjárhags- og launabókhaldi. Um er að ræða 50% starf, vinnutími skv. samkomulagi.
**Umsóknir óskast sendar á italia@italia.is**

## Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið:**
Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00

**Framhaldsnámskeið spænska II:**
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

**Framhaldsnámskeið spænska III:**
Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið spænska IV**
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:30 - 15:00

**Framhaldsnámskeið spænska V**
Mánudaga og miðvikudaga 10:00 - 11:30




**Námskeiðin hefjast 29. og 30. október.**
**Verð á mann er 29.000**
**Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com**
***Facebook: Spænskuskólinn Háblame***


Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent
www.capacent.is


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND **Startarar og Alternatorar**
- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
Smiðjuvegur 2 • Kópavogur
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
**íshúsið**



S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**
Hægt að panta tíma á hofdabon.is
Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com
HÖFÐABÓN

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Fasteignir


FAGVIS
FASTEIGNAMIÐLUN
Bæjarlind 2 Kópavogi og Breiðumörk 13 Hveragerði | Sími 483 5900
Kristinn G. Kristjánsson lögg. fasteignasali.



### Hrafnhólar 8, 111 Reykjavík




**Opið hús fimmtud. 25. okt. kl. 17:00-17:30.**
Vel skipulögð og áhugaverð 5 herbergja, 127,3 fm, íbúð á 1. hæð í góðu, mikið endurnýjuðu, fjöleignarhúsi. Nýlegt ljóst plastparket er á allri íbúðinni nema forstofu og baðherbergi, þar eru gólf flísalögð. Eldhús er með hvítri innréttingu og góðum borðkrók. Baðherbergi er með ljósum flísum á veggjum og dökkum á gólfum, þvottaðastaða er á baðherbergi. Svalir eru yfirbyggðar og upphitaðar. **V. 39,8 m.**
**Nánari upplýsingar á skrifstofu í s. 483-5900 eða á fagvis@fagvis.is**

### Helluvað 7, 110 Reykjavík



Fjögurra herbergja, 111,5 fm, íbúð á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi. Eigninni er mjög vel viðhaldið. Stofa og eldhús í sama rými. Gólf eru parket- og flísalögð, fataskápar eru í herbergjum. Sér bílastæði í lokaðri bílageymslu, þvottaaðstaða er í bílageymslunni. Frá íbúðinni er gott útsýni yfir Bláfjöll og Reykjanesfjallgarðinn.
**V. 49,9 m.**
**Nánari upplýsingar veita Skúli í s. 898-7209, og Þórarinn í s. 615-3346, lfs.**

### Dalsbrún 17, 810 Hveragerði



Fjögurra herbergja parhús með bílskúr. Eldhús er rúmgott, með hvítri innréttingu, góðum tækjum og góðu skápaplássi. Baðherbergi er með góðum sturtuklefa og flísalagt. Gólfefni eru parket og flísar. Geymsla og þvottahús inn af holi. Eignin er snyrtileg og vel skipulögð og getur verið laus fljótlega eftir kaupsamning.
**V. 45,9 m. Nánari upplýsingar á skrifstofu í s. 483-5900 eða á fagvis@fagvis.is**

### Borgarhraun 23, 810 Hveragerði



Vorum að fá í einkasölu áhugavert einbýli. Eignin er steinsteypt, alls 189,5 fm. Í eldhúsi er ljós viðar innrétting með góðum tækjum og góðu skápaplássi. Loft eru upptekin í stofu og borðstofu. Baðherbergi er allt flísalagt. Fataskápar í herbergum, gólfefni eru flísar og parket. Tvöfaldur bílskúr.
**V. 49,8 m.**
**Nánari upplýsingar á skrifstofu s. 483-5900 eða á fagvis@fagvis.is**

**Pantið skoðun á þessum eignum í s. 483-5900 og við finnum hentugan skoðunartíma.**

**Farsæl þjónusta í 30 ár**


## Þjónusta





SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


## Tilkynningar

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Auglýsing

**Um tillögu að deiliskipulagi Goðaneslands á Eyrarbakka í Sveitarfélaginu Árborg.**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 17. október 2018 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Goðaneslands á Eyrarbakka samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða deiliskipulag svæðis sem staðsett er norðan við Eyrarbakkaveg (34) og vestan við hesthúsahverfið á Eyrarbakka. Deiliskipulagssvæðið er lögbýlið Goðanes og er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og er skipulagssvæðið 12,86 ha að stærð. Aðkoma að lóðinni er frá vegi að hesthúsahverfi og er gert ráð fyrir nýrri aðkomu inn á landi frá þeim vegi að byggingareit fyrir íbúðarhús. Fyrir er aðkomuvegur inn á landið að núverandi landbúnaðarbyggingu. Deiliskipulagið er slétt að mestu og allt hentugt til byggingar en deiliskipulagið gerir þó ráð fyrir takmörkun á því svæði sem heimilt er að byggja. Byggingarreit R1 sem er fyrir einbýlishús með bílageymslu og R2 fyrir landbúnaðarbyggingu.

Innan skipulagssvæðisins er sú takmörkun á fjölda bygginga að innan R1 er aðeins heimilt að byggja einbýlishús með bílgeymslu allt að 250 m2 . Innan R2 þar sem nú stendur hesthús 104 m2 byggt 1995 er aðeins heimilt að byggja við hesthúsið eða eina byggingu tengda landbúnaði allt að 300 m2.
Húsagerð er gefin frjáls utan þess sem skilmálar þessir og lög og reglugerðir segja til um. Þó er aðeins heimild fyrir einnar hæða húsum með hámarkshæð 8 m frá núverandi jarðvegsyfirborði.

Teikningar ásamt greinargerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá fimmtudeginum 25. október 2018 til fimmtudagsins 6. desember 2018. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.
Frestur til að skila athugasemdum rennur út fimmtudaginn 6. desember 2018 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma eru teikningar, greinargerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna.

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi*


**ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?**
Finndu þitt starf á Job.is
FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

# Frá Brasilíu til Lissabon

Í DAG

Þorvaldur Gylfason



Lissabon – Hér í Lissabon eru landkönnuðir enn á allra vörum. Það var árið 1492 að Kristófer Kólumbus hélt hann hefði siglt skipi sínu til Vestur-Indía sem við köllum nú Karíbahafseyjar. En það var ekki alls kostar rétt því skipið kastaði akkerum við Bahama-eyjar úti fyrir ströndum Flórída, ekki heldur langt frá Kúbu, og gerði þar stuttan stanz. Kólumbus hafði ekki hugmynd um að Leifur Eiríksson, okkar maður á staðnum, hafði numið land í Ameríku tæpum 500 árum fyrr, nánar tiltekið Vínland þar sem nú heitir Nýfundnaland. Ekki fékk Ameríka að heita í höfuðið á Kristóferi Kólumbusi, heldur eftir Amerigo Vespucci, ítölskum landkönnuði sem var í siglingum þar vestra nokkru síðar. Kaninn má þykjast hafa sloppið vel því álfan hefði getað hlotið heldur nafnið Vespússía eftir þeirri reglu sem tíðkast víðast hvar utan Íslands að kenna lönd og staði við eftirnöfn manna frekar en fornöfn.

**Síðasta vígi þrælahalds**

Nokkrum árum eftir síðari fund Ameríku 1492 sigldi portúgalski landkönnuðurinn Vasco da Gama fyrstur manna suður fyrir Góðrarvonarhöfða syðst í Afríku og áfram upp til Indlands. Á leiðinni heim aftur sigldi hann nálægt Brasilíu en nam þar þó ekki land. Það gerðu aðrir landar hans um 1500 og var Brasilía upp frá því portúgölsk nýlenda allar götur til 1822 og gekk á ýmsu. Þrælahald lagðist ekki af í Brasilíu fyrr en 1888 og féll þá síðasta vígi þrælahalds á vesturhveli jarðar. Landeigendur réðu lögum og lofum. Eftir síðari heimsstyrjöldina fékk Brasilía loksins að kynnast lýðræði frá 1946 til 1964 þegar herforingjar hrifsuðu til sín völdin og stjórnuðu landinu með harðri hendi til 1985. Þá komst lýðræði aftur á og stendur sú skipan enn.

**Blendinn árangur**

Brasilískir stjórnmálamenn og flokkar hafa ekki farið vel með umboð kjósenda. Brasilía hefur dregizt aftur úr Portúgal í efnahagslegu tilliti og langt aftur úr Argentínu í næsta nágrenni. Brasilía og Argentína stóðu jafnfætis 1990 en nú er að meðaltali fjórðungsmunur á lífskjörum í löndunum tveim Argentínu í hag. Brasilíu hefur samt farið fram að ýmsu öðru leyti. Brasilískur hvítvoðungur gat vænzt þess að lifa 11 árum skemur en argentínskur hvítvoðungur 1960, en nú er munurinn kominn niður í eitt ár, 77 ár í Argentínu og 76 í Brasilíu. Lengri ævir vitna um aukna velsæld.

Stjórnmálin eru kafli út af fyrir sig. Einn fv. forseti Brasilíu, Lula da Silva, situr nú í fangelsi vegna aðildar að spillingu. Annar fv. forseti var dæmdur frá embætti fyrir sömu sakir. Hinn þriðji, sá sem nú situr, er í rannsókn. Fáir virðast hafa hreinan skjöld. Kjósendur hugsa margir sem svo: Allt er betra en þetta. Og þá siglir inn í upplausnarástandið fv. hermaður og þingmaður frá 1991, Jair Bolsonaro heitir hann, sveiflar biblíunni og lofar að hreinsa til. Hann formælir með grófu orðalagi blökkumönnum, afkomendum þrælanna, og öðrum minnihlutahópum og mærir herforingjana og pyndingarnar sem þeir voru þekktir fyrir 1964-1985. Hann blæs á alla umhverfisvernd. Hann er kallaður brasilískur Trump og virðist nú líklegur til að ná kjöri í síðari umferð forsetakosninganna á sunnudaginn kemur. Þá getur margt enn farið úrskeiðis.

**Spilling hefur afleiðingar**

Hér birtist ein hættan sem stafar af stjórnmálaspillingu. Þegar Ítalar losuðu sig við gerspillta stjórnmálamenn og flokka árin eftir 1990 kusu þeir Silvio Berlusconi, auðmann af sama sauðahúsi, til að taka við taumunum með þeim árangri að Ítalía hefur í efnahagslegu tilliti dregizt aftur úr öðrum Evrópulöndum. Kaupmáttur þjóðartekna á mann á Ítalíu var svipaður 1990 og hann var í hinum þrem stærstu löndum ESB, Bretlandi, Frakklandi og Þýzkalandi, sem hefur öllum vegnað nokkuð vel. Nú er kaupmáttur þjóðartekna á mann á Ítalíu engu meiri en fyrir 20 árum líkt og í Grikklandi, fjórðungi minni en í Þýzkalandi og 10% minni en í Frakklandi. Í sumar leið gerðu ítalskir kjósendur aðra tilraun til landhreinsunar svo af hlauzt ný ríkisstjórn tveggja gerólíkra uppreisnarflokka sem virðast til alls vísir nema ESB setji þeim stólinn fyrir dyrnar. Þá getur hitnað í kolunum. Dæmi Ítalíu og Grikklands vitna um hættuna sem fylgir því að spilling festi rætur.

**Tíu töpuð ár, og þó ekki**

Portúgal hefur dregizt lítillega aftur úr Spáni í efnahagslegu tilliti frá því bæði löndin hrundu herforingjastjórnum af höndum sér um miðjan áttunda áratug síðustu aldar og lýðræði komst á og bæði gengu inn í ESB 1986. Kaupmáttur þjóðartekna á mann er nú ívið minni í báðum löndum en hann var 2007. Portúgal hefur þó dregið á Spán að öðru leyti. Nýfæddur Portúgali gat vænzt þess að lifa sex árum skemur en nýfæddur Spánverji 1960, en nú er munurinn kominn niður í tvö ár, 83 ár á Spáni líkt og hér heima og 81 ár í Portúgal. Lengri ævir segja stundum meira en þurrar hagtölur.






**Gríska liðið átti fá svör við Arnari Frey Arnarssyni sem var afar öflugur inni á línunni hjá íslenska liðinu í gær og skilaði fimm mörkum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Stígandi í stórsigri á Grikkjum

Ísland bar sigurorð af Grikklandi, 35-21, í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 2020 í handbolta í gær. Eftir bras í byrjun leiks spilaði íslenska liðið mjög vel í seinni hálfleik og vann á endanum stórsigur.

**HANDBOLTI** „Byrjunin var erfið eins og var viðbúið. Við höfum ekki komið saman síðan í júní. Ég var ekki ánægður með varnarleikinn og sóknarleikinn fyrstu 15-20 mínúturnar. Svo varð þetta betra og betra. Við sóttum í okkur veðrið í vörninni og seinni hálfleikurinn var mjög góður," sagði Guðmundur Guðmundsson eftir öruggan sigur íslenska karlalandsliðsins í handbolta, 35-21, á Grikklandi í undankeppni EM 2020 í gær.

Það tók íslenska liðið um 20 mínútur að ná almennilegum takti í sinn leik. Íslendingar voru alltaf með frumkvæðið en slakur varnarleikur og lítil markvarsla varð til þess að þeir náðu ekki að slíta Grikki af sér. Eftir 20 mínútna leik, í stöðunni 9-8, tók Guðmundur leikhlé og hristi upp í liðinu. Rúnar Kárason átti góða innkomu í sóknina og Aron Rafn Eðvarðsson kom í markið í stað Björgvins Páls Gústavssonar sem fann sig ekki.

Þá kom betra flæði í sóknina með innkomu Gísla Þorgeirs Kristjánssonar. Hann reyndi lítið sjálfur en boltinn gekk vel í gegnum hann og þá skilaði Hafnfirðingurinn slatta af stoðsendingum. Ísland vann síðustu tíu mínútur fyrri hálfleiks 8-5 og leiddi með fjórum mörkum í hálfleik, 17-13. Íslenska liðið byrjaði seinni hálfleikinn af krafti, skoraði fyrstu þrjú mörk hálfleiksins og náði sjö marka forskoti, 20-13. Bilið milli liðanna breikkaði eftir því sem leið á seinni hálfleikinn og á endanum munaði 14 mörkum á liðunum, 35-21.

Varnarleikurinn var allt annar og betri í seinni hálfleik en þeim fyrri. Guðmundur segist hafa skerpt á áherslunum í vörninni í hálfleik og það skilaði sér í bættum varnarleik. Grikkir skoruðu aðeins átta mörk í seinni hálfleik og áttu erfitt uppdráttar gegn sterkri íslenskri vörn.

„Á tímabili vorum við ekki nógu grimmir og spiluðum ekki eins og við ætluðum okkur. Við vorum hikandi. Ég sagði að við þyrftum að ganga rösklega til verks og fara í tæklingarnar. Línan hjá dómurunum var mjög hörð og við fengum mikið af brottvísunum sem gerði þetta ekki auðveldara. En mér fannst við leysa þetta mjög vel," sagði Guðmundur.

Bjarki Már Elísson var markahæstur í íslenska liðinu með sex mörk. Rúnar skoraði fimm sem og Arnór Þór Gunnarsson og Arnar Freyr Arnarsson sem átti góða innkomu. Hann nýtti öll skotin sín og fiskaði tvö vítaköst. Ýmir Örn Gíslason byrjaði á línunni en var kominn með tvær tveggja mínútna brottvísanir eftir stundarfjórðung og lék lítið eftir það. Ólafur Gústafsson lék í vörninni þar til hann fékk rauða spjaldið í upphafi seinni hálfleiks. Aron Rafn varði níu af þeim 19 skotum sem hann fékk á sig (47%).

Íslenska liðið heldur til Ankara á morgun en fram undan er leikur gegn Tyrkjum í undankeppninni á sunnudaginn. **ingvithor@frettabladid.is**

### Undankeppni EM 2020

**Ísland 35-21 Grikkland**
(17-13)

**Mörk Íslands:** Bjarki Már Elísson 6, Arnar Freyr Arnarsson 5, Rúnar Kárason 5, Arnór Þór Gunnarsson 5, Aron Pálmarsson 4, Stefán Rafn Sigurmannsson 4, Sigvaldi Björn Guðjónsson 3, Elvar Örn Jónsson 2, Ómar Ingi Magnússon 1.
**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 9, Björgvin Páll Gústavsson 3.

> Við sóttum í okkur veðrið í varnarleiknum og seinni hálfleikurinn var mjög góður í kvöld.
>
> Guðmundur Þ. Guðmundsson

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Fleiri myndir frá leik gærkvöldsins má sjá á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

# Salah bætti enn eitt metið í gær

**FÓTBOLTI** Mohamed Salah, markahrókurinn frá Egyptalandi, skrifaði nafn sitt enn einu sinni í sögubækur Liverpool í gær þegar hann skoraði tvö mörk Liverpool í 4-0 sigri á Crvena Zvezda, Rauðu Stjörnunni frá Belgrad í gær. Annað mark hans í leiknum var hans 50. fyrir félagið og varð hann um leið sá fljótasti til að skora fimmtíu mörk fyrir Bítlaborgarfélagið.

Salah, sem er á sínu öðru tímabili á Englandi, sló í gegn með Liverpool í fyrra þegar hann bætti markametið í ensku úrvalsdeildinni. Á sama tíma daðraði hann við að bæta markametið á einu tímabili hjá félaginu með 44 mörk en náði ekki meti Ians Rush sem skoraði 47 mörk fyrir 34 árum.

Egyptinn Salah skoraði fimmta og sjötta mark tímabilsins í gær og um leið fimmtugasta mark sitt fyrir félagið í 65. leiknum. Bætti hann með því sjötíu ára gamalt met Alberts Stubbins sem skoraði 50. mark sitt í 77. leiknum sínum árið 1948. – **kpt**




**Leikmenn Liverpool fagna með Salah á Anfield í gær.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Nýjast

### Domino's-deild kvenna

**Stjarnan - Haukar 61-58**
**Stigahæstar:** Danielle Victoria Rodriguez 36/11 fráköst, Bríet Sif Hinriksdóttir 9, Maria Florencia Palacios 7 - LeLe Hardy 14/15 fráköst, Þóra Kristín Jónsdóttir 13, Sigr´n Björg Ólafsdóttir 11 .

**Keflavík - Valur 77-69**
**Stigahæstar:** Brittanny Dinkins 27/13 fráköst, Embla Kristínardóttir 10, Bryndís Guðmundsdóttir 9 - Brooke Johnson 13, Hallveig Jónsdóttir 13, Simona Podesvova 12/12 fráköst, Ásta Júlía Grímsdóttir 10/12.

**Snæfell - Skallagrímur 81-78**
**Stigahæstar:** Kristen Denie McCarthy 42/24 fráköst, Katarina Matijevic 11, Angelika Kowalska 10 - Shequila Joseph 22/15 fráköst, Bryesha Blair 19, Ines Kerin 16, Maja Michalska 10, Karen Dögg Vilhjálsmdóttir 4.

**Breiðablik - KR 66-73**
**Stigahæstar:** Björk Gunnarsdóttir 16, Kelly Faris 14/!3 fráköst, Ísabella Ósk Sigurðardóttir 12/14 fráköst - Kiana Johnson 26/13, Orla O'Reilly 19, Perla Jóhannsdóttir 16, Unnur Tara Jónsdóttir 4.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Snæfell | 8 | Haukar | 4 |
| KR | 8 | Valur | 4 |
| Keflavík | 6 | Skallagr. | 4 |
| Stjarnan | 6 | Breiðablik | 0 |

### Meistaradeild Evrópu

**A-riðill**

**Club Brugge - Monaco 1-1**
0-1 Moussa Sylla(31.), 1-1 Wesley (39.)

**Dortmund - Atl. Madrid 4-0**
1-0 Axel Witsel (38.), 2-0 Raphael Guerreiro (73.), 3-0 Jadon Sancho (83.), 4-0 Guerreiro (89.).

**Staðan:** Dortmund 9, Atletico Madrid 6, Monaco 1, Club Brugge 1

**B-riðill**

**PSV - Tottenham 2-2**
1-0 Hirving Lozano (30.), 1-1 Lucas Moura (39.) 1-2 Harry Kane (55.), 2-2 Luuk de Jong (87.).

**Rautt spjald:** Hugo Lloris, Tottenham (79.).

**Barcelona - Inter 2-0**
1-0 Rafinha (32.), 2-0 Jordi Alba (83.).

**Staðan:** Barcelona 9, Inter 6, Tottenham 1, PSV 1

**C-riðill**

**PSG - Napoli 2-2**
0-1 Lorenzo Insigne (29.), 1-1 Mario Rui (61., sjálfsm.), 1-2 Dries Mertens (77.), 2-2 Angel Di Maria (90+3.).

**Liverpool - Rauða stj. 4-0**
1-0 Roberto Firmino (20.), 2-0 Mohamed Salah (45.), 3-0 Salah (51., víti), 4-0 Sadio Mane (80.).

**Staðan:** Liverpool 6, Napoli 5, PSG 4, Rauða Stjarnan 1

**D-riðill**

**Lokomotiv - Porto 1-3**
0-1 Moussa Marega (26., víti), 0-2 Hector Herrera (35.), 1-2 Anton Miranchuk (38.), 1-3 Jesus Corona (47.)

**Rautt spjald:** Solomon Kvirkvelia, Lokomotiv (76.).

**Galatasary - Schalke 0-0**

**Staðan:** Porto 7, Schalke 5, Galatasaray 4, Lokomotiv Moskva 0

# HM í Katar hefst í dag

**FIMLEIKAR** Keppni á heimsmeistaramótinu í áhaldafimleikum hefst í dag. Mótið fer fram í Doha í Katar.

Ísland á átta keppendur á HM, þrjá karla og fimm konur. Karlarnir hefja leik í dag. Valgarð Reinhardsson og Eyþór Örn Baldursson keppa á öllum áhöldum (gólfi, bogahesti, hringjum, stökki, tvíslá og svifrá). Jón Sigurður Gunnarsson glímir við smávægileg bakmeiðsli og ekki liggur fyrir á hversu mörgum áhöldum hann keppir. Ákvörðun verður tekin um það í dag.

„Keppnin leggst ótrúlega vel í mig. Það er rosalega heitt hér en það er gott að hafa fengið nokkra daga til að venjast hitanum. Undirbúningur hefur gengið frekar vel eftir langt og strangt keppnistímabil,“ segir Valgarð sem er að keppa á sínu þriðja heimsmeistaramóti. Hann lenti í 8. sæti á EM í sumar.

Keppnin í hópi 4, sem Íslendingarnir eru í, hefst klukkan 14.00 að íslenskum tíma.

Kvennaliðið, sem er skipað þeim Dominiqua Ölmu Belányi, Margréti Leu Kristinsdóttur, Agnesi Suto-Tuuha, Sonju Margréti Ólafsdóttur og Thelmu Aðalsteinsdóttur, keppir á laugardaginn. – iþs


Valgarð Reinhardsson keppir í dag. MYND/FIMLEIKASAMBAND ÍSLANDS


Guðný í Valstreyjunni. MYND/VALUR

## Valur fær öflugan varnarmann

**FÓTBOLTI** Kvennalið Vals í knattspyrnu gekk í gær frá samningi við varnarmanninn Guðnýju Árnadóttur sem verið hefur einn af máttarstólpum FH-liðsins undanfarin ár. Guðný gerir samning til þriggja ára við Val.

Guðný, sem er fædd árið 2000, hefur mikla reynslu í meistaraflokki þrátt fyrir ungan aldur. Hún hefur leikið 68 leiki fyrir FH og skorað í þeim leikjum átta mörk.

Þá hefur hún leikið 34 leiki fyrir yngri landslið Íslands og þrjá leiki fyrir A-landsliðið.

Guðný er annar leikmaðurinn sem Valur fær í sínar raðir í vikunni, en Skagakonan Bergdís Fanney Einarsdóttir skrifaði sömuleiðis undir þriggja ára samning við Hlíðarendaliðið fyrr í þessari viku. – hó

## KR úr leik eftir tap í Svíþjóð

**FÓTBOLTI** KR er úr leik í Evrópukeppni unglingaliða eftir 0-1 tap gegn Elfsborg í Svíþjóð í gær. Sænska liðið vann fyrri leik liðanna á Íslandi 2-1 og því einvígið 3-1. Fær KR því ekki að spreyta sig gegn enska stórveldinu Chelsea á næsta stigi keppninnar.

Eftir sigur sænska liðsins á KR-vellinum fyrir þremur vikum var ljóst að staðan var erfið fyrir KR. KR-ingar mættu óhræddir til leiks í gær og sóttu stíft en náðu ekki að brjóta ísinn þrátt fyrir sautján marktilraunir.

Elfsborg gerði svo gott sem út um leikinn með marki frá framherjanum Jesper Sandberg Hesselgren á 61. mínútu leiksins.

Er þetta fjórða árið í röð sem íslenskt lið tekur þátt í þessari keppni og hefur engu liði tekist að komast lengra en í fyrstu umferð.

Tvisvar hafa örlög íslenskra liða ráðist gegn Elfsborg, Stjarnan féll sömuleiðis úr keppni eftir samanlagt 2-1 tap gegn sænska félaginu fyrir þremur árum. – kpt






# Rúlluðu Grikkjum upp í seinni hálfleik

Strákarnir okkar í íslenska handboltalandsliðinu voru lengi í gang en unnu að lokum fjórtán marka sigur á Grikklandi í gærkvöld. Eyþór Árnason, ljósmyndari Fréttablaðsins, var í Laugardalshöllinni og smellti af þessum myndum.














# Með fingurna á nótnaborðinu í 40 ár

**Quo vadis/Hvert liggur leið þín? er nýr safndiskur með klassískri tónlist sem Selma Guðmundsdóttir píanisti hefur spilað á 40 ára ferli sínum. Útgáfuhóf er á morgun.**

Þarna er yfirlit yfir minn feril. Öll tónlistin er sígild og upptökurnar vandaðar,“ segir Selma Guðmundsdóttir um safndisk með píanóleik hennar. Hann hefur yfirskriftina Quo vadis/Hvert liggur leið þín? Ein upptakan er frá tónleikum í Íslensku óperunni með Kammersveit Reykjavíkur en hinar eru gerðar í Ríkisútvarpinu.

„Útvarpið var með gott stúdíó og fína tækni og fylgdist vel með tónlistarlífinu. Fyrsta upptakan með mér var Carnival eftir Schumann. Þá var ég 21 árs, nýbúin með lokatónleika úr tónlistarskólanum. Magnús Blöndal Jóhannsson tónskáld var upptökustjóri. Svo hefur Bjarni Rúnar Bjarnason, tónmeistari RÚV til margra ára, séð um lokahljóðvinnslu við útgáfuna,“ lýsir Selma. „Þetta er svo mikið efni að diskurinn varð fjórfaldur. Þar er meðal annars stór konsert eftir Khatsjatúrjan sem ég spilaði með Sinfóníuhljómsveitinni 1988. Hann tekur næstum 40 mínútur.“

Selma segir tilviljun að af útgáfunni varð. „Þegar geisladiskur með Árna Kristjánssyni, gamla píanókennaranum mínum, kom út, hitti ég Bjarna Rúnar sem sagði margar upptökur til hjá útvarpinu með minni spilamennsku. Ég ætlaði ekki að þora að hlusta á þær en svo fannst mér þær mun betri en ég bjóst við og af því að það voru 40 ár frá því ég hafði debúterað langaði mig að gefa þær út.“

Titil diskanna rekur Selma til sumardvalar í Róm þar sem hún kveðst hafa farið að líta í huganum til baka yfir líf sitt og feril.

„Það var ekkert auðveldasta leiðin sem ung kona gat valið sér að ákveða að verða píanóleikari. Ég fann að sumum fannst það ekkert sniðugt, einkum af því að ég var orðin tveggja barna móðir um tvítugt og komin með fjölskyldu. En löngunin til náms var sterk og margir hvöttu mig. Meðal annars stóðu foreldrar mínir alltaf við bakið á mér og hjálpuðu mér mikið, enda er diskasafnið tileinkað þeim og börnunum mínum fjórum.

Selma ber lof á kennarana sína. „Árni Kristjánsson var ekki aðeins besti kennari sem ég gat haft heldur var hann líka mikill áhrifavaldur í lífi mínu. Svo kom einn virtasti kennari Evrópu, Hans Leygraf, til landsins, og var með meistaranámskeið, hann bauð mér að verða nemandi sinn og að hjálpa mér að útvega styrki. Því boði var ekki hægt að hafna, enda lögðust margir á eitt. Þá var ég orðin 23 ára.

Það er Polarfonia Classics sem gefur diskinn út og hann er til sölu í 12 tónum. Útgáfuhóf er á afmælisdaginn minn, 26. október, í Listasafni Einars Jónssonar á Skólavörðuholti.“

**gun@frettabladid.is**



**Selma tileinkar diskinn foreldrum og börnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Það var ekkert auðveldasta leiðin sem ung kona gat valið sér að ákveða að verða píanóleikari. Ég fann að sumum fannst það ekkert sniðugt ...

## Lögin á diskinum

Á diskinum eru 10 einleiksverk sem spanna tímabil frá Bach til Scriabins, fiðlusónata eftir Mozart með Sigrúnu Eðvaldsdóttur, sellósónata eftir Chopin með Gunnari Kvaran og tvö kammerverk með Kammersveit Reykjavíkur. Allt stúdíóupptökur nema Píanókvintett eftir Cesar Franck með kammersveitinni sem er beint af tónleikum. Með diskunum fylgir 48 síðna bæklingur með minningabrotum Selmu auk viðtals og greinar eftir Elísabetu Indru Ragnarsdóttur.

---



✝

Eiginkona mín, móðir okkar, dóttir og systir,

**Lilja Grétarsdóttir**

búvísindakandidat,
Hávarsstöðum, Hvalfjarðarsveit,

lést á sjúkrahúsinu á Akranesi þann 19. október. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju í Hvalfjarðarsveit þriðjudaginn 30. október kl. 14.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Julio Gutierrez**
**Narcisa Gutierrez**
**Emiliano Gutierrez**
**Hólmfríður Gísladóttir**
**Grétar Jónsson**
**Sigríður Hilda Radomirsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, sambýliskona, tengdamamma, amma, langamma og systir,

**Steingerður Jónsdóttir**

frá Húsanesi,

síðar Hjallabraut 33, Hafnarfirði, lést á Hrafnistu 21. október. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 30. október kl. 13.

**Sveinn Gunnlaugsson**
**Sigríður Sigtryggsdóttir** **Pétur Pétursson**
**Agnes Sigtryggsdóttir** **Siamack Atiabi**
**Björg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Guðrún Frances Ágústsdóttir Nielsen**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þriðjudaginn 23. október 2018. Jarðarför auglýst síðar.

**Katrín Þ. Magnúsdóttir** **Magnús S. Kristinsson**
**Guðjón H. Magnússon**
**Ágústa S. Magnúsdóttir** **Hafsteinn K. Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar,

**Þórólfur Jóhannsson**

Austurbyggð 17, Akureyri,

lést 12. október. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Beykihlíð fyrir góða umönnun.

**Hannes Heiðar Þórólfsson**
**Eva María Þórólfsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristjana Helga Guðmundsdóttir**

Núpalind 6, Kópavogi,

lést miðvikudaginn 3. október. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 29. október kl. 15.00.

**Kristjana Bjarnadóttir** **Þorsteinn Sigurðsson**
**Ólöf Bjarnadóttir** **Guðlaugur G. Jónsson**
**Ása Bjarnadóttir** **Árni Valur Árnason**
**Elín Hreindal Bjarnadóttir**
**Birna Bjarnadóttir** **Gísli Örn Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Lára Vilhelmsdóttir**

ljósmóðir,
Ægisgötu 14, Ólafsfirði,

lést föstudaginn 19. október. Útför hennar fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 27. október kl. 14.00.

**Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir**
**Sigfríður Héðinsdóttir** **Ingimundur Sverrisson**
**Lára og Héðinn Ingimundarbörn**

---



Minn heittelskaði lífsförunautur, dóttir mín og systir okkar,

**Jóhanna Björg Pálsdóttir**

Mánatúni 1,

verður jarðsungin frá Langholtskirkju mánudaginn 29. október kl. 13.00. Þau sem vilja minnast hennar eru beðin um að láta Kattholt, Geitfjársetrið á Háafelli eða MS-félagið njóta þess.

**Lana Kolbrún Eddudóttir**
**Páll Brekkmann Ásgeirsson**
**Svala Pálsdóttir**
**Páll Pálsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorkell Skúlason**

endurskoðandi,

sem lést 13. október sl., verður jarðsunginn föstudaginn 26. október nk. kl. 13.00 frá Hjallakirkju, Kópavogi.

**Ólafía Katrín Hansdóttir**
**Valdís Brynja Þorkelsdóttir**
**Ingiríður H. Þorkelsdóttir**
**Elsa Sigurveig Þorkelsdóttir** **Már Guðmundsson**
**Indriði Þorkelsson** **Anna María Soffíudóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



∞

Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**Jón Hafsteinn Jónsson**

stærðfræðingur,

lést að Droplaugarstöðum 17. október síðast liðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 29. október klukkan 13.

**Guðmundur Karl Jónsson**
**Olga Björg Jónsdóttir**
**Nanna Ingibjörg Jónsdóttir**
**Jón Ingvar Jónsson**
**Brigitte M. Jónsson**
**Ingvar Gýgjar Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



# Vertu öruggur á baðherberginu

## - ekki bara byggingavöruverslun



careosan
**Hringlóttur baðkollur**
Hvítur. Þv. 31,5 cm. Hringlóttur, stillanlegur kollur sem hægt er að hækka um 35,5 cm - 51 cm. Þolir allt að 150 kg. Gerður úr bæði plasti og áli.

**4.795.-**



**4.995.-**

careosan
**Baðtrappa**
Hvít. Stillanleg trappa úr plasti og áli sem hægt er að hækka um 23,5 - 27,5 cm. Þolir allt að 110 kg.



**4.945.-**

careosan
**Baðkollur**
Hvítur. Stillanlegur baðkollur.



careosan
**Baðvog**
Svört/krómuð. Auðvelt er að lesa af stórum skermi og vogin gengur ekki fyrir rafhlöðum. Fótaflöturinn er með grófkornayfirborði, sem kemur í veg fyrir slys í bleytu og er bakteríudrepandi. Mælir upp í 160 kg.

**7.495.-**



**7.395.-**

careosan
**Baðkarssæti**
Hvítt/krómað. H:18 x L: 75 x B:22 cm. Sætið er gert úr gæðaplastefni. Með grófkornayfirborði svo hver og einn situr öruggur á plastinu. Burðargeta 110 kg.



**8.795.-**

careosan
**Samanleggjanlegt handfang hjá salerni**
Ryðfrítt stál. L:60 cm. Burðarþol 100 kg. Gott handfang sem hægt er að leggja upp að vegg. Tilvalið til notkunar hjá salerni.



**1.695.-**

careosan
**Handföng 2 stk**
Hvít. Tvö góð handföng. L: 27 cm. Gerð úr plasti og festist með skrúfum.



**3.445.-**

careosan
**Baðhandfang**
Hvítt/nylon. B:25 cm. Burðarþol 120 kg. Handfangið er rifflað sem gerir það að verkum að takið verður öruggara.



**3.845.-**

careosan
**Baðhandfang**
Ryðfrítt stál. 30 cm langt handfang með svörtu gúmmí fyrir öruggara tak. Burðarþol er 120 kg.



**5.395.-**

careosan
**Baðhandfang**
Ryðfrítt stál. 30 cm langt handfang með riffluðu gripi úr hvítu nylon. Festist með skrúfum. Burðarþol 120 kg.

**BAUHAUS®**

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðan og norðvestan 8-13 og él eða dálítil snjókoma norðantil, en yfirleitt bjartviðri syðra. Hiti nálægt frostmarki.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -3° | -3° |
| ↓3 | ↙5 | ↓3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 0° | -6° |
| ↓4 | ↘5 | ↓6 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -3° | -4° |
| ←4 | ↑3 | ↑2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | -0° | -6° |
| →3 | ←1 | ↗7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | 5 | | | | | |
| | 9 | | | | 4 | 8 | 6 | |
| | 4 | 7 | | 8 | 3 | 9 | | |
| 7 | | | | 9 | 6 | | 3 | |
| | 3 | | 1 | | 2 | | | |
| 8 | 5 | | | 4 | 7 | | 2 | |
| | | 4 | | | | | 8 | 7 |
| | | | | 7 | 1 | | 5 | |
| 1 | | | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | 9 | 5 | | |
| 7 | | | 4 | | | | | 3 |
| | 9 | | | | 1 | 4 | | 7 |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 3 | | | 7 | | 5 | | 2 | 1 |
| | | | | | 2 | | | |
| | 1 | 4 | 8 | | | | 5 | 9 |
| | | 5 | 2 | | 4 | | | 6 |
| | 8 | | | | 6 | | 3 | 4 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | | | | 9 | |
| | | | | 6 | | | | 7 |
| | | | 9 | 2 | 4 | | | 6 |
| | | | | | 5 | 3 | | |
| 9 | | | 4 | 1 | 8 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | 8 | 2 |
| | | 4 | | | | 7 | | 1 |
| | 7 | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. fita
5. fæða
6. í röð
8. lyf
10. hvort
11. flumbrugangur
12. högg
13. svín
15. málmur
17. nafnbót

**LÓÐRÉTT**
1. helmingafélag
2. skref
3. skjól
4. lofa
7. lindýr
9. blekking
12. skurður
14. bók
16. ekki

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. skvap, 5. ala, 6. rs, 8. morfín, 10. ef, 11. así, 12. slag, 13. grís, 15. nikkel, 17. titil. **LÓÐRÉTT:** 1. sameign, 2. klof, 3. var, 4. prísa, 7. snigill, 9. falskt, 12. síki, 14. rit, 16. ei.

## Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Möller átti leik gegn Hansen í Danmörku árið 1962.

**1...Hxg2! 2. Hxg2 f2! 0-1.**

Vignir Vatnar Stefánsson gerði í gær jafntefli við sænsku goðsögnina Piu Cramling á alþjóðlega mótinu á Mön.

**www.skak.is:** Íslendingar á Mön.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 2 | 9 | 8 | 4 | 6 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 | 4 |
| 1 | 5 | 4 | 3 | 2 | 9 | 8 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 6 | 4 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 1 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 9 | 3 |
| 1 | 9 | 2 | 7 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 3 | 6 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 3 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 3 | 4 | 5 | 1 |
| 3 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 4 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







Í NETTRI SVEIFLU

ÍSLENSK, SÆNSK OG AMERÍSK DÆGURLÖG

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK, 1. NÓVEMBER KL. 12

Flytjendur:
Kristín Sigurðardóttir, Lilja Eggertsdóttir og Særún Harðardóttir, söngur
Gunnar Gunnarsson, píanó
Þorgrímur Jónsson, kontrabassi
Erik Qvick, trommur

METSÖLUVARA UM ALLAN HEIM*

# Double Serum

Í okkar öflugasta serumi hingað til eru 21 innihaldsefni úr náttúrunni.
Aukinn ljómi, húðholur minna sjáanlegar, fallegri áferð og sléttari húð eftir aðeins 7 daga.**




*Yfir 1.000 stykki seld.
**Niðurstöður prófana – fjölþjóðlegt úrtak – 362 konur.

CLARINS.COM

It's all about you.

CLARINS



Clarins kynningardagar 25. – 28. október.

**20% afsláttur af öllum Clarins vörum á meðan á kynningunni stendur.**

Veglegur kaupauki fylgir þegar verslað er í Clarins fyrir 7.800 krónur eða meira.*

*Gildir á meðan birgðir endast

Lyf & heilsa
Kringlunni

**KOSTIR OG GALLAR**

**NISSAN NAVARA**

- **2,3 LÍTRA DÍSILVÉL**
- **190 HESTÖFL**
- **FJÓRHJÓLADRIF**

**Eyðsla frá:** 7,0 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 183 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 10,8 í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 180 km/klst.
**Verð frá:** 5.790.000 m. kr.
**Umboð:** BL

- Aksturseiginleikar
- Innrétting
- Burðar- og toggeta

- Dýr í flottustu útfærslu

# Fágaður vinnuþjarkur

Vinnuþjarkurinn Navara er svo miklu meira en það, hann er í senn fágaður, vel búinn, með flotta innréttingu og líklega með bestu aksturseiginleikana meðal pallbíla. Góður kostur með miklu verðbili.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Þó svo eftirspurnin á Íslandi eftir pallbílum sé ekki eins gríðarleg og í Bandaríkjunum er sala þeirra góð hér á landi, enda mikil þörf fyrir duglega slíka bíla bæði í atvinnustarfsemi og fyrir ferðaglaða og athafnasama einstaklinga. Úrvalið hér á landi í minni pallbílum er ágætt og dugar að nefna Toyota Hilux, Mitsubishi L200, Volkswagen Amarok, Isuzu D-Max og Mercedes Benz X-Class, auk Nissan Navara, í því sambandi. Talsverður innflutningur er svo bæði hjá umboðunum og á gráa markaðnum á stærri pallbílum eins og Ford F-150-350, RAM og GMC bílum.

Pallbílar voru hér á árum áður frekar hráir bílar, vinnuþjarkar sem fyrst og fremst voru hugsaðir fyrir atvinnustarfsemi, en það hefur aldeilis breyst og flestir þeirra orðnir jafn huggulegir að innan og venjulegir fólksbílar. Það á sko við þann bíl sem hér er til umfjöllunar. Nissan Navara hefur í fullu tré við aðra Nissan-fólksbíla og fólksbíla almennt að þessu leyti og hefur því mikið notagildi. Enda nota margir eigendur hans bílinn til jafns í borgarsnattinu og þar sem hann á öllu heldur heima, á erfiðari vegum landsins. Það var einmitt þannig sem Navara var notaður í reynsluakstri, til að klöngrast upp og niður með laxveiðiá af lengra taginu og þar fékk hann að finna fyrir íslenskum slóðum.



Navara var notaður til að klöngrast upp og niður með laxveiðiá af lengra taginu og fékk að finna fyrir íslenskum slóðum.

## Lítil eyðsla sannreynd

Vart er reyndar hægt að hugsa sér þægilegri bíl til slíkrar notkunar, í það er hann hæfilega stór, lipur þar sem pláss er ekki mikið, hefur mikla drifgetu og er sprækur ef á að haska sér. Svo er náttúrulega yfrið pláss fyrir farangurinn, hvort sem er á pallinum eða bara í aftursætunum ef aðeins tveir ferðast.

Nissan Navara kom af núverandi kynslóð árið 2014 en hefur nú verið uppfærður. Hann má fá bæði með 160 og 190 hestafla dísilvél, en báðar eru þær með 2,3 lítra sprengirými. Munurinn liggur í einni eða tveimur forþjöppum. Reyndur var bíllinn með öflugri vélinni og hana skortir ekki afl. Bíllinn er fljótur úr sporunum, áreynslulaus á lengri leiðum á malbikinu og þrusuöflugur þegar tekið er á honum í torfærunum. Með þessari vél er hann gefinn upp með 7 lítra eyðslu og það var sannreynt í þessum reynsluakstri. Þó svo bílnum hafi verið ekið að Langá á Mýrum og upp og niður með ánni í þrjá daga og aftur í bæinn var tankurinn enn hálfur er heim var komið. Fáránlega flott það.

Navara með aflminni vélinni selur BL aðeins beinskiptan og kostar hann þá frá 5.790.000 kr. Með þeirri aflmeiri er hann aðeins seldur með 7 gíra sjálfskiptingu og kostar frá 7.290.000 kr. og er á 7.790.000 í Tekna-útfærslu. Þar er sannarlega kominn eigulegur bíll en jafnframt tveimur milljónum dýrari en í sinni ódýrustu mynd.



Innréttingin er lagleg, virðist vel smíðuð og ætti að þola talsvert jask.

## Innréttingin ferlega flott

Aðeins að útlitinu, en líklega mun flestum finnast Navara fremur laglegur bíll, án þess að sprengja neinn fegurðarskala. Það á reyndar við flesta keppinauta hans, enginn þeirra er ljótur en enginn sláandi flott hönnun. Líklega verður þó D-Max að falla neðst á skalann, en hinir allir prýðilegir útlits. Innanrými Navara ber að hrósa – vel fer um fjóra farþega en ef til vill er dálítið þröngt um fimm. Höfuð- og fótarými aftur í duga vel fyrir fullorðna svo fremi sem ekki er ferðast með körfuboltalið. Í öðru lagi er innréttingin lagleg, virðist vel smíðuð og ætti að þola talsvert jask. Það er sko enginn landbúnaðarfílingur í útliti innréttingarinnar og Nissan hefur lagt sig fram um að hann standi ekki að baki sínum fólksbílum eða jeppum. Afar mikil líkindi eru með X-Trail jeppanum þar.

Pallurinn er stór og lengdist um 7 cm frá síðustu kynslóð. Þar má setja allt að 1.074 kg farm, sem verður að teljast ansi gott fyrir ekki stærri pallbíl. Annað gott við pallinn er að hann er fóðraður með grófmynstruðu plasti sem heldur mörgum farangrinum kyrrum í akstri. Enn fremur eru festingar í hliðunum til að halda öllu á sínum stað.

## Vel vandað til fjöðrunar

Aðalatriðið við hvern bíl er hvernig er að aka honum og þar olli Navara ekki vonbrigðum. Stundum fannst mér eins og ég væri á fólksbíl, svo fyrirhafnarlaus og léttur var akstur hans. Stýrið er nákvæmt og fjöðrunin ferlega góð og kom það best í ljós þegar jaskast var upp ósléttа slóðana upp með ánni. Þar át hann vel upp ójöfnurnar og stóð sig vel þegar tekið var á og krappar beygjur teknar á talsverðri ferð. Fimm liða gormafjöðrun að aftan á þar stóran þátt. Tilfinningin var þannig að töluvert mikið mætti misbjóða þessum sterka bíl, hann færi í gegnum það allt með stæl. Líklega er hann bestur meðal keppinauta sinna hvað þetta varðar. Oft er betra fyrir akstursgetu pallbíla að þyngja þá með farangri í skúffuna, en fyrir þessum ókosti fannst ekki því svo til ekkert var þar. Hann kastaði að minnsta kosti aldrei til rassinum, þó tilefni hafi stundum verið til.

Nissan hefur greinilega vandað sig vel við þróun þessa heimsbíls sem fæst svo víða. Hann er smíðaður á Spáni, í Bandaríkjunum, S-Afríku, Taílandi, Kína, Malasíu, Mexíkó, Argentínu og Egyptalandi. Líklega er það þess vegna sem hann er svona góður. Svo er ekki verra til þess að vita að Navara getur togað 3,5 tonna aftanívagn, sem og að hann er með 5 ára ábyrgð eða upp að 100.000 km akstri.




Kragelund stólar
K 406
BELLUS VISBY
Hornsófi
Klassísk gæða húsgögn á góðu verði
Sófasett
Borðstofuborð
Stólar
Skenkar/skápar
Hvíldarstólar
Kommóður/hillur
o.m.fl.
KRAGELUND OTTO
KRAGELUND K371
GLOBL VIKTOR
Hvíldarstóll
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is


-6°
-7°
-8°
21° Tilfinning
Segðu bless við sköfuna og hitaðu bílinn
með Webasto bílahitara
BÍLASMIÐURINN HF
BÍLDSHÖFÐA 16
SÍMI: 567-2330
Webasto
Feel the Drive
www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

# Finnum vonandi sameiginlegan hljóm

**Einungis allir er alþjóðleg sýning sem verður opnuð í Gerðarsafni í Kópavogi. Þar veltir fólk fyrir sér ættjarðarást, tungumálum, fólksflutningum, frelsi og uppflosnun. Jonatan Habib Engqvist er sýningarstjóri.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Gullskip, Dulbreiða, Af Vopnum og Hringvellir eru nöfn nokkurra íslenskra listaverka á hinni fjölradda sýningu Einungis allir sem verður opnuð klukkan 19 í kvöld í Gerðarsafni í Kópavogi. Þar eru vídeóverk, skilti og skúlptúrar, líka hljóðverk og olía á striga. Listamennirnir eru ekki bara af myndlistarsviðinu heldur líka hönnuðir, tónlistarmenn og skáld. Sýningin er liður í hátíðinni Cycle 2018 og sækir hugmyndir sínar meðal annars í fjölmenningu. Þemað er þjóð meðal þjóða.

Hinn sænski en íslenskumælandi Jonatan Habib Engqvist er sýningarstjóri. Hann mætir mér í forsal safnsins. Þar eru tvær manneskjur á vinnupalli að hengja upp stórt textíllistaverk úr mörgum taubútum. Á það hefur listakonan Melanie Ubaldo skrifað í flýti með olíulitum: Er einhver Íslendingur að vinna hérna?

Úr fordyrinu inn í stóra salinn göngum við gegnum perluhengi eftir Önnu Júlíu Friðbjörnsdóttur. „Svona glerperlur eru á grænlenska þjóðbúningnum. Þær eru frá Feneyjum en hafa orðið að grænlensku þjóðartákni,“ segir Jonatan og bendir líka á málverkið Saumaklúbb eftir Erlu Haraldsdóttur, þar er fólk í íslenskum þjóðbúningum í sterkum litum og með þekktu mynstri frá Ndbele-fólkinu í Suður-Afríku.



**Móðurmál nefnist þetta listaverk eftir Lap-See Lam & Wingsee. Það er að hluta vídeóverk.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON



**Andvari, verk eftir Pinar Öğrenci. Þar er hljóðfæri á reki.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Jonatan Habib er sýningarstjóri Einungis allir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í stóra salnum snúast verkin mikið um tungumál, breytingar og samruna. Þar bregður fyrir páfagauk að fljúga um íslenskt landslag. Lap-See Lam, sem er af þriðju kynslóð Kínverja í Svíþjóð, er með stórt vídeóverk sem snýst um breytingar í samfélaginu. Lap-See er búin að ákveða að vera listamaður en ekki veitingamaður eins og móðir hennar og amma. „Amma Lap-See kallar hana bananabarn, það merkir að hún sé gul að utan en hvít að innan. Í verkinu eru meðal annars þrjár tímalínur, ein táknar 1978, ein nútíðina og ein framtíðina þegar afgreiðslan á veitingastaðnum er orðin tölvustýrð,“ útskýrir Jonatan.

Ljóðið Evrópa eftir sænska skáldið Athena Farrokzhad er prentað á filmu og það heyrist lesið af Sönnu Magdalenu Mörtudóttur þegar gengið er yfir brúna út við gluggann.

Tyrkneska listakonan Pinar Öğrenci á tvö verk á sýningunni. Á myndbandi er ungur maður að smygla sér milli Tyrklands og Grikklands en hann er með mjög fallegt hljóðfæri og verður að skilja það eftir. Svo sést bara hafið og hljóðfærið á reki. „Pinar fjallar oft um erfið efni án þess að hafa ofbeldi af nokkru tagi í verkunum. Þau snerta samt djúpt,“ segir Jonatan og bætir við að lokum: „Sýningin er innblásin af hugmyndum um hið opna samfélag heimsins og tungumálin. Við finnum auðvitað aldrei sameiginlegt tungumál en vonandi sameiginlegan hljóm.“

## Listamenn sýningarinnar

**Anna Júlía Friðbjörnsdóttir, Anna Rún Tryggvadóttir, Athena Farrokzhad, Bryndís Björnsdóttir, Childish Gambino, Erla S. Haraldsdóttir , Joseph Beuys, Libia Castro & Ólafur Ólafsson, Magnús Sigurðarson, Melanie Ubaldo , Meric Algün, Sara Kramer, Sarah Rosengarten & Hrefna Hörn Leifsdóttir, Slavs and Tatars, Steinunn Gunnlaugsdóttir, Lap-See Lam & Wingsee, Þráinn Hjálmarsson & Brynjar Sigurðsson & Veronika Sedlmair, Pinar Öğrenci, Julius von Bismarck and Julian Charriere , Hulda Rós Guðnadóttir, Jeannette Castioni & Þuríður Jónsdóttir.**

# Fingraför á sálinni

**BÆKUR**

**Rof**

★★★★☆

**Bubbi Morthens**

**Útgefandi:** Mál og menning

**Fjöldi síðna:** 64

Fátt er karlmannlegra í íslenskri þjóðarsál en Bubbi Morthens, þessi vöðvastælti, hranalegi rokkari, sem vann í fiski, slóst og notaði fíkniefni, liggur ekki á skoðunum sínum og hefur hátt grófri röddu um samtímann, ekki síst í tónlist sinni. Þessi staðalmynd af karlmennsku hefur þó ekki komið í veg fyrir að Bubbi sýni einnig á sér viðkvæmari hliðar, fyrst á plötunni Kona sem kom út árið 1986 og oft síðan, við mismiklar undirtektir.

Hann var einn af þeim fyrstu til að bæta við karlmennskuhugtakið sýnilegri blíðu og viðkvæmni sem hefur eflaust orðið einhverjum sem voru læstir inni í ímyndinni lykill til að horfast í augu við hið blíða í sjálfum sér. Og nú sendir hann frá sér bók um kynferðisofbeldi sem hann varð fyrir í æsku og áhrifin sem það hafði á líf hans. Bók þar sem einmitt er fjallað um lása en líka lykla. Hann hleypir sjálfum sér út úr þögninni þar sem eina lausnin var að „grafa dýpra“ eins og segir í ljóðinu Boðflenna á bls. 50. Orðið Rof vísar til þess sem gerðist: daginn eftir var kominn/brestur þvert yfir/spegilmyndina (bls. 7) og mörg ljóðanna fjalla um hvernig ljóðmælandi hefur falið sig síðan, átt erfitt með nánd, borið skugga gerandans og þess sem gerðist með sér hvert sem hann fór, ekki síst inn í sambönd við annað fólk.

Ljóðin eru meitluð, fá orð en hvert um sig þrungið og valið, og myndirnar skýrar og sterkar. Myndmálið er einfalt, hreint og áhrifamikið enda er Bubbi Morthens auðvitað ekki ókunnugur orðinu, en það verður að segjast að þetta knappa form klæðir hann afskaplega vel.




Í sumum ljóðanna er hægt að sjá eða finna bergmál frá Bubba annars tíma, þeim sem söng um fingraförin á sálinni, eins og í ljóðinu Fótspor á bls. 17:

*á yfirborði tunglsins*
*er fótspor*
*eins er fótspor*
*í kjarna mín sjálfs*

Það er eins og það að viðurkenna atvikið fyrir sjálfum sér opni augu ljóðmælanda fyrir fleiri atvikum og fleiri þolendum, þannig er ljóðið Framheilaskaði á bls. 34 ekki endilega um ljóðmælanda heldur um sögu annarra og fleiri, og það sama má segja um ljóðin Hófaför við altarið (bls. 44) og Í felulitum (bls. 41)

Hann fjallar einnig um að þolandinn getur verið Hver sem er (bls. 24) og í raun er eins og þolendurnir verði skyndilega sýnilegir í kringum hann, ekki ósvipað því sem gerðist þegar #metoo-byltingin fyrir ári gerði heiminum skyndilega ljóst að nánast allar konur og margir karlar áttu sér sárar og stundum mjög bældar minningar um kynferðislegt eða kynbundið ofbeldi sem loksins fengu lit og orð. En bókin er ekki bara myrkar minningar og þrúgandi heimsmynd, þar eru líka lyklar, eins og áður sagði, von um að hægt sé að komast út.

*Kveðjustund*
*Biðstofan er full*
*Röðin er löng*
*Fullorðnir menn*
*að kveðja skemmda*
*drenginn inni í sér*
*(bls. 47)*

Í seinni hluta bókarinnar er vonin að glæðast, og tengir í upphafsorð bókarinnar: Það er aldrei of seint/að byrja að elska sjálfan sig.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Sársaukafull, falleg og mikilvæg ljóðabók, einlægt innlegg í eitt brýnasta málefni samtímans.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 25. OKTÓBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Frönsk kaffihúsalög
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svitan, Ingólfsstræti
Söngkonan Unnur Sara Eldjárn og píanóleikarinn Birgir Þórisson spila frönsk kaffihúsalög frá kl. 21-23. Þau flytja þekkt lög frá listamönnum á borð við Edith Piaf og lög af plötunni „Unnur Sara syngur Gainsbourg“ sem kom út í ágúst.

**Hvað?** Hauststilla
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Deiglan, Akureyri
Mikil gróska er nú í norðlensku tónlistarlífi og hafa margir efnilegir listamenn gert vart við sig á undanförum misserum. Markmið hátíðarinnar er að gefa tónlistarfólki tækifæri á að koma fram og spila eigið efni. Lögð er áhersla á hlýja og þægilega stemningu, lifandi hljóðfæraleik og síðast en ekki síst frumsamda tónlist.

**Hvað?** Bismút X Murder Magazine presents TKB
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Bismút, Hverfisgötu
Pop-up og partí þar sem TKB spilar.

**Hvað?** Freyjujazz – Brynhildur Oddsdóttir
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Listasafn Íslands
Fimmtudaginn 25. október kemur fram söngkonan og gítarleikarinn Brynhildur Oddsdóttir. Brynhildur hlaut Gullnóglina í ár, gítarverðlaun sem veitt eru í tengslum við gítarhátíð Björns Thoroddsen, fyrir áræði, kjark og þor í tónlistarsköpun sinni. Á Freyjujazzi mun hún leika djass úr ýmsum áttum ásamt Söru Mjöll Magnúsdóttur píanista og Birgi Bragasyni kontrabassaleikara.

### Viðburðir

**Hvað?** Klám og hnignun: Forseti Íslands tekur til máls
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókabúð Forlagsins, Fiskislóð
Stund klámsins: Klám á Íslandi á tímum kynlífsbyltingarinnar eftir sagnfræðinginn Kristínu Svövu Tómasdóttur er fyrsta fræðilega verkið um sögu kláms á Íslandi og Hnignun, hvaða hnignun? Goðsögnin um niðurlægingartímabilið í sögu Íslands eftir sagnfræðinginn Axel Kristinsson fjallar á gagnrýninn hátt um hugmyndina um eymdarskeið í sögu Íslands. Þær verða báðar til sölu á góðu tilboði í útgáfuhófinu í kvöld. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, er sérstakur heiðursgestur og flytur ávarp við þetta tilefni.

**Hvað?** Auður Íslands – Tíminn og hafið
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Auður Íslands er nýr dagskrárliður í Hannesarholti sem lítur til lands, þjóðar og tungu út frá sjónarhornum náttúruvísinda, félagsvísinda og lista. Andri Snær Magnason ríður á vaðið með þremur kvöldum á haustönninni undir þessum hatti. Kvöld Andra Snæs eru nokkurs konar þríleikur sem gengur undir heildarheitinu „Tíminn og vatnið“. Þann 25. október er annar hluti þríleiks Andra Snæs Magnasonar um tímann og vatnið. Að þessu sinni er fjallað um Tímann og hafið. Pálmasjóður styrkir fyrirlestraröðina og eru færðar þakkir fyrir.



**Tvær nýjar bækur Sagnfræðifélagsins verða kynntar í kvöld og tekur Guðni Th. til máls.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hvað?** Götubitinn 2018
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Íslenski sjávarklasinn, Grandagarði
Hlemmur mathöll og Grandi mathöll efna til opinnar umræðu um götubitann og íslenska matarmenningu hinn 25. október við Grandabryggju (fiskmarkaðinn) og hefst hann kl. 17.00.

**Hvað?** Lífsstílskaffi með Ingrid Kuhlman um jákvæða sálfræði
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið Sólheimum
Boðið verður upp á Lífsstílskaffi í Borgarbókasafninu Sólheimum fimmtudaginn 25. október kl. 17.30. Þar mun Ingrid Kuhlman leiða gesti í allan sannleik um hvernig hægt sé að auka vellíðan með aðferðum jákvæðrar sálfræði. Hún mun m.a. skoða hvað rannsóknir á velferð einstaklinga hafa leitt í ljós og fjalla um hamingjuaukandi leiðir. Auk þess fer hún í mikilvægi þess að þekkja og efla styrkleika sína, en með því er hægt að auka líkurnar á að blómstra og lifa sínu besta lífi.

**Hvað?** Fílalag Live á Kex Hostel
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Fílalagsmenn hafa svarað kalli Fílahjarðarinnar og fært sig um set frá gamla vatnsbóli okkar á Húrra yfir í stærri húsakynni Gamla Nýló salsins á Kexi Hosteli. Þetta er s.s. nýuppgerður salur á jarðhæðinni við aðalinnganginn á Kexi frá Skúlagötu. Þarna eru öll helstu microbreweri trademörkin klár; gamalt apótekaraborð sem er búið að breyta í bar, óræð uppstoppuð dýr pending, brotnar gamlar stíliseraðar flísar á gólfum og skrítin hljóðvist.

**Hvað?** Meðgönguljóð nr. 32 & 33
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Verið velkomin í síðasta útgáfuhóf seríu Meðgönguljóða, sem hefur frá árinu 2012 fagnað nýjabruminu í íslenskri ljóðlist með ritstjórn og útgáfu á styttri verkum.

### Sýningar

**Hvað?** Þjóð meðal þjóða
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Gerðarsafn, Kópavogi
Opnun sýningarinnar Einungis allir í Gerðarsafni.

**Hvað?** Martyna Daniel // I've been looking for a punch bag all day
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Listastofan, Hringbraut
„I've been looking for a punch bag all day“ er sýning eftir listakonuna Martynu Daniel – stofnanda og meðstjórnanda Listastofunnar. Hún býður ykkur á opnunina þann 25. október frá 18.00. Hnefaleikabúnaður verður í boði til að fá útrás í umhverfi fullu af litum og glimmeri.










GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár
Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni
Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt
Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar












Michael Myers er óstöðvandi og gefst aldrei upp. Honum var lýst sem illsku í sinni tærustu mynd í Halloween 1978. Þá ofsótti hann Jamie Lee Curtis með búrhnífinn á lofti og er enn á hælum hennar 40 árum síðar.

# Hann kemur alltaf aftur

Hrekkjavakan verður haldin hátíðleg víða um heim í næstu viku. Svo skemmtilega vill til að um helgina mætir eitt dáðasta skrímsli hryllingsmyndanna til leiks í bíó enn eina ferðina, þegar Michael Myers bregður búrhnífnum á loft í nýrri Halloween-mynd.

Leikstjórinn John Carpenter kynnti illfyglið Michael Myers fyrst til sögunnar í Halloween 1978. Tímamótaverki í hrollvekjugeiranum sem hefur getið af sér fleiri framhaldsmyndir en tölu verður með góðu móti komið á.

Michael hefur í fjörutíu ár skotið upp sínu hvíta, grímuklædda andliti með illt eitt í huga. Micahel er ekki maður margra orða, í raun segir hann ekki neitt og lætur frekar beittan búrhnífinn tala þegar hann sallar niður alla sem verða á vegi hans í þráhyggjukenndri leit hans að Laurie, systur sinni, sem hann finnur sig knúinn til þess að drepa.

Svo skemmtilega vill til að Michael, snarbilaður og nánast ómennskur, verður jafnan sérstaklega viðskotaillur á hrekkjavökunni enda tók hann búrhnífinn fyrst upp að kvöldi 31. október 1963.

### Tær illska

Þá aðeins barn að aldri í trúðabúningi tók hann sig til og myrti eldri systur sína og var í kjölfarið komið fyrir á geðveikrahæli þar sem dr. Sam Loomis meðhöndlaði hann og reyndi að skilja það mikla myrkur sem mengar huga hans.

Djöfulgangurinn í fyrstu Halloween-myndinni gerist síðan á hrekkjavökunni fimmtán árum síðar þegar Michael hrekkur skyndilega í gírinn, strýkur af hælinu og heldur heim til smábæjarins Haddonfield til þess að drepa yngri systur sína, Laurie, sem Jamie Lee Curtis leikur.

Á meðan fikrar Michael sig nær systur sinni með því að salla niður vini hennar og vinkonur sem eru óþægilega oft við störf sem barnfóstrur þegar hann mætir til leiks. Dr. Loomis er síðan á hælum Michaels, nánast viti sínu fjær af skelfingu, vitandi að illskan í sinni tærustu mynd gengur laus.

### Aftur á byrjunarreit

Framhaldsmyndirnar urðu allnokkrar, þá hefur Halloween verið endurgerð og þau Michael og Laurie verið leidd saman við ýmsar aðstæður í gegnum síðustu fjóra áratugina.

Samt er þetta alltaf tilbrigði við sama blóðuga stefið. Laurie sleppur naumlega frá bjáluðum bróður sínum sem rís alltaf upp sama hversu oft hún eða annað gott fólk „drepur“ hann. Michael gefst aldrei upp. Hættir aldrei og kemur alltaf aftur. Og komi hann fagnandi.

Þessi nýjasta Halloween-mynd er sögð gefa lítið fyrir alla halarófuna af framhaldsmyndunum með beintengingu við þá fyrstu. Hún þykir meira að segja býsna vel heppnuð og sýna þannig brautryðjendaverkinu frá 1978 nokkurn sóma.

Jamie Lee Curtis snýr enn einu sinni aftur í hlutverki Laurie sem er nú orðin amma, árvökul og viðbúin því versta, eða því að bróðir hennar láti sjá sig aftur til þess að ljúka ætlunarverki sínu.

Michael bregst vitaskuld ekki en nú býður hans ættarmót þar sem dóttir Laurie og dótturdóttir standa þétt við hlið ættmóðurinnar þegar sturlaði frændinn snýr aftur. Hverfandi líkur eru þó á því að sameinuðum takist konunum að koma ófeigum Michael í hel og fátt bendir til annars en að hér sé aðeins um kaflaskil að ræða í sögunni endalausu um hrekkjavöku-morðingjann pollrólega Michael Myers.

thorarinn@frettabladid.is





Jamie Lee Curtis var ókrýnd öskurdrottning níunda áratugarins og hefur aldrei tekist að hrista Michael Myers almennilega af sér.

**MICHAEL MYERS HEFUR Í FJÖRUTÍU ÁR SKOTIÐ UPP SÍNU HVÍTA, GRÍMUKLÆDDA ANDLITI MEÐ ILLT EITT Í HUGA. HANN ER MAÐUR FÁRRA ORÐA EN LÆTUR BÚRHNÍFINN TALA.**

# netto

# LJÚFFENGUR HELGARMATUR



**SS LAMBASKROKKUR**
HÁLFUR
**844 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.298 KR/KG~~
**-35%**



**SÆNSK SKINKA**
KJÖTSEL
**998 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.995 KR/KG~~
**-50%**



**LAMBALÆRI STUTT**
KJÖTSEL
**1.090 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.398 KR/KG~~
**-22%**



**ANDABRINGUR**
**2.554 KR/KG**
ÁÐUR: ~~3.649 KR/KG~~
**-30%**



**ANDALEGGIR**
BARBERRY
**1.480 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.898 KR/KG~~
**-22%**




**KJÚKLINGABRINGUR ROYAL**
ÍSFUGL
**1.998 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.498 KR/KG~~
**-20%**



**-30%**

## GIRNILEGT SJÁVARFANG

TÍGRISRÆKJA, SMOKKFISKBOLIR,
RISARÆKJA & HÖRPUSKEL




**SPIGADORO FUSILLLI**
**149 KR/STK**
ÁÐUR: ~~199 KR/STK~~

**SPIGADORO HEILHVEITI FUSILLI**
**187 KR/STK**
ÁÐUR: ~~249 KR/STK~~
**-25%**




**LOYD GROSSMAN**
Tomato & Basil
og Tomato & Roasted Garlic
**299 KR/STK**
ÁÐUR: ~~399 KR/STK~~
**-25%**




**-50%**

**-18%**




**NICE'N EASY**
TILBÚNIR RÉTTIR
**399 KR/STK**
ÁÐUR: ~~479 KR/STK~~

netto
Á NETINU

**Tilboðin gilda 25. – 28. október 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur




**ALEX**
KL. 22:15

Það er ekki hlaupið að því að snúa við blaðinu og gerast heiðarlegur lögregluþjónn eftir að þú ert búinn að flækjast í undirheimana og skjóta félaga þinn fyrir slysni. Glæný og hörkuspennandi sænsk þáttaröð af bestu gerð með frábærum leikurum sem margir kannast við úr þáttunum um Gåsmamman.





Frábær fimmtudagur
Fáðu þér áskrift á stod2.is


**MASTERCHEF USA**
KL. 19:50

Gordon Ramsay og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þátttakenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.



**LETHAL WEAPON**
KL. 20:35

Skemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.






**COUNTERPART**
KL. 21:20

Howard Silk er vansæll fulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum. Hann hefur unnið sama starfið í þrjátíu ár en líf hans tekur stakkaskiptum þegar hann hittir tvífara sinn. Dularfullir og stórskemmtilegir þættir með Óskarsverðlaunahafanum J.K. Simmons í aðalhlutverki.

**HUMANS**
KL. 23:10

Þættirnir gerast í heimi þar sem vélmenni eru notuð sem þjónar en erfitt getur verið að greina á milli hverjir eru mennskir og hverjir ekki.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr. stod2.is

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.40** Strákarnir
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Anger Management
**10.35** Planet's Got Talent
**11.00** Grey's Anatomy
**11.45** Sælkeraferðin
**12.05** Lögreglan
**12.35** Nágrannar
**13.00** Diary of a Wimpy Kid: The Long Haul
**14.30** Foodfight
**16.00** Enlightened
**16.35** Friends
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Kevin Can Wait
**19.45** Masterchef USA
**20.30** Lethal Weapon Önnur syrpa þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapon-myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi – annar varkár og fer með gát að öllu en hinn lifir lífinu á ystu nöf – ná að vinna saman með einstökum árangri. Með aðalhlutverk fara Damon Wayans og Clayne Crawford.
**21.15** Counterpart
**22.00** Alex Hörkuspennandi sænsk þáttaröð um óheiðarlegan lögreglumann sem ákveður að snúa við blaðinu eftir að hafa skotið félaga sinn fyrir slysni en þarf fyrst að glíma við fyrrverandi félaga sína úr undirheimunum til að tryggja öryggi fjölskyldu sinnar.
**22.45** Humans
**23.35** Real Time with Bill Maher: Anniversary Special
**00.35** Keeping Faith
**01.25** Mr. Mercedes
**02.10** Shameless
**03.05** Queen Sugar
**03.50** S.W.A.T.
**04.35** Wyatt Cenac's Problem Areas
**05.05** Diary of a Wimpy Kid: The Long Haul

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** PSV - Tottenham
**08.40** Liverpool - Crvena zvezda
**10.20** PSG - Napoli
**12.00** Meistaradeildarmörkin
**12.30** Breiðablik - KR
**14.10** Chelsea - Manchester United
**15.50** Messan
**16.50** AC Milan - Real Betis
**18.55** Chelsea - BATE
**21.00** Premier League World
**21.30** NFL Gameday
**22.00** Sporting - Arsenal
**23.40** Sarpsborg - Malmö

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.30** Barcelona - Inter
**08.10** Dortmund - Atletico Madrid
**09.50** Real Madrid - Levante
**11.35** Valencia - Leganes
**13.15** Villarreal - Atletico Madrid
**14.55** Spænsku mörkin
**15.20** Seinni bylgjan
**16.50** Sporting - Arsenal
**18.55** Sarpsborg - Malmö
**21.00** AC Milan - Real Betis
**22.40** Chelsea - BATE

## STÖÐ 3

**18.55** Anger Management
**19.20** Curb Your Enthusiasm
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The New Girl
**21.15** Supergirl
**22.00** Arrow
**22.45** Boardwalk Empire
**23.45** The Simpsons
**00.35** American Dad
**01.00** Curb Your Enthusiasm
**01.40** Seinfeld
**02.05** Friends
**02.30** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Tindur
**07.23** Mæja býfluga
**07.35** K3
**07.46** Grettir
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.54** Pingu
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Gulla og grænjaxlarnir
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Stóri og litli
**11.13** Tindur
**11.23** Mæja býfluga
**11.35** K3
**11.46** Grettir
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.54** Pingu
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Gulla og grænjaxlarnir
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Stóri og litli
**15.13** Tindur
**15.23** Mæja býfluga
**15.35** K3
**15.46** Grettir
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.54** Pingu
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Gulla og grænjaxlarnir
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Ribbit



Mörgæsirnar
08.24, 12.24 og 16.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.05** Swinging Skirts LPGA Taiwan Championship
**12.05** World Golf Championship
**18.05** Inside the PGA Tour 2018
**18.30** Sanderson Farms Championship
**21.35** Swinging Skirts LPGA Taiwan Championship
**01.35** Inside the PGA Tour
**02.00** World Golf Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50** Ordinary World
**13.15** The Little Rascals Save the Day
**14.50** Gold
**16.50** Ordinary World
**18.20** The Little Rascals Save the Day
**20.00** Gold Skemmtileg spennumynd frá 2016 með Matthew McConaughey í hlutverki Kenny Wells, misheppnaðs viðskiptamanns sem í leit að fljótfengnum auði fór ásamt jarðfræðingnum Michael Acosta til Indónesíu í gullleit. Eftir mikla erfiðleika og mótvind fundu þeir æð sem var á þeim tíma talin einn mesti gullfundur aldarinnar.
**22.00** Baby Driver
**23.50** Masterminds Gamanmynd frá 2016 með Zach Galifianakis og Kristen Wiig og fjallar um David Ghantt sem er næturvörður hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í flutningum í brynvörðum bílum. Honum finnst líf sitt frekar tilgangslaust.
**01.25** Dying of the Light
**03.00** Baby Driver

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2009-2010
**13.55** Úr Gullkistu RÚV: 360 gráður
**14.25** Úr Gullkistu RÚV: Flikk flakk
**15.05** Úr Gullkistu RÚV: Popppunktur
**16.00** Úr Gullkistu RÚV: Orðbragð
**16.30** Sætt og gott
**16.50** Úr Gullkistu RÚV: Tíu fingur
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Gullin hans Óðins
**18.24** Hvergidrengir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.05** Íþróttafólkið okkar
**20.40** Nýja afríska eldhúsið
**21.10** Indversku sumrin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Glæpahneigð
**23.00** Ófærð
**23.55** Kastljós
**00.10** Menningin
**00.20** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.15** Everybody Loves Raymond
**12.35** King of Queens
**12.55** How I Met Your Mother
**13.20** Dr. Phil
**14.05** America's Funniest Home Videos
**14.30** The Voice
**16.05** Everybody Loves Raymond
**16.25** King of Queens
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Dr. Phil
**17.55** The Tonight Show
**18.40** The Late Late Show
**19.25** Ný sýn - Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir
**20.00** Með Loga
**21.00** 9-1-1
**21.50** Moonraker
**23.55** The Tonight Show
**01.25** Scandal
**02.10** Marvel's Cloak & Dagger
**02.55** Marvel's Agent Carter
**03.40** Marvel's Inhumans
**04.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ALLAR FERÐA TÖSKUR Í MIÐSTÆRÐ

# 40% VILDAR AFSLÁTTUR



Ferðataska Kite
4 hjól
**VILDARVERÐ: 17.399.-**
Verð: 28.999.-



Ferðataska Cross
4 hjól
**VILDARVERÐ: 21.599.-**
Verð: 35.999.-



Ferðataska Capri
4 hjól
**VILDARVERÐ: 15.599.-**
Verð: 25.999.-






Ferðataska Cloud
4 hjól, 69 cm
**VILDARVERÐ: 9.599.-**
Verð: 15.999.-



Ferðataska Ulite
4 hjól, 68 cm
**VILDARVERÐ: 23.399.-**
Verð: 38.999.-



Ferðataska Turenne
4 hjól, 65 cm
**VILDARVERÐ: 35.999.-**
Verð: 59.999.-



Ferðataska LW
8 hjól, 70 cm
**VILDARVERÐ: 11.099.-**
Verð: 18.499.-



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 29. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Martin Cabejsec yfirbarþjónn og Ivan Svanur Corvasce einn eigenda Miami fyrir Halloween. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Millie Bobby Brown fór með stórleik í þáttaröðinni Stranger Things.








# Upplifðu eina kvöldstund í Hawkins á Halloween

Miami bar á Hverfisgötu ætlar að tjalda öllu til næstkomandi laugardag og blása til gleðistundar í anda Stranger Things. Þemað verður að sjálfsögðu 80's sem smellpassar við stíl staðarins.

Halloween verður haldið með pompi og prakt í fyrsta sinn á Miami bar næsta laugardagskvöld. Staðnum verður breytt í 80's paradís í anda litla smábæjarins úr þáttaröðinni vinsælu um Stranger Things sem flestir ættu að kannast við.

„Við ætlum að halda risastórt Stranger Things halloween partí á Miami. Okkar fannst það skemmtilega öðruvísi og passa sérstaklega vel inn í konsept staðarins sem er einmitt síðari hluti níunda áratugarins eða „mid-late eighties“. Það verður ekkert til sparað svo það er upplagt að leggja leið sína til okkar og upplifa eina kvöldstund í Hawkins,“ segir Ivan Svanur Corvasce, einn eigenda Miami á Hverfisgötu en allir eru velkomnir sem hafa aldur til.

Þrátt fyrir að yfirskrift kvöldsins sé Stranger Things þá verður búningaþema sem hægt er að tengja við árin 1980-1990 í kvikmyndum, tónlist og þess háttar. En að sjálfsögðu er allt leyfilegt.

„Barþjónar og aðrir þjónar verða að sjálfsögðu í búningi og það kemur bara í ljós hvernig búningar það verða, en það verður þema yfir þeim líka,“ segir Ivan Svanur. „Okkur finnst halloween skemmtileg hefð þar sem fullorðnir geta farið í búning líka. Öskudagurinn góði er fyrir börnin en halloween er fyrir alla. Svo er líka bara svo gaman að fara í búning og gera eitthvað öðruvísi einu sinni á ári.“

Ivan Svanur segir alla á Miami bar spennta fyrir komandi kvöldi enda mikil vinna lögð í að gera staðinn eins líkan þáttunum vinsælu, Stranger Things.

„Við verðum með tvo kokteila á 1.500 kr. Á meðan birgðir endast. Það verður einn hvítur fyrir Hawkins og svo einn svartur fyrir „the upside down“. Sjáumst hress á Miami,“ segir Ivan Svanur kátur að lokum. gunnthorunn@frettabladid.is





Cocoa Puffs
Algjört súkkulaði!
General Mills
Whole grain as the first ingredient
With 15 vitamins and minerals
Only natural flavors
Cocoa Puffs
Cocoa flavoured frosted corn puffs
MADE WITH REAL COCOA
1 skammtur (30 g) inniheldur
465 g (16.4 oz)
















David Gilmour, einn af bestu gítarleikurum allra tíma. NORDICPHOTOS/GETTY

# David Gilmour hrósar Todmobile

**David Gilmour**, gítarleikari Pink Floyd, henti í hrós við útgáfu Todmobile á stórvirkinu Awaken á YouTube. Horft hefur verið á útgáfu lagsins um 600 þúsund sinnum á YouTube. Hljómsveitin fagnar 30 ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg í næstu viku.

Ef ég myndi vilja fá hrós frá einhverjum gítarleikara, þá væri það frá David Gilmour. Nema að það væri frá sjálfum Steve Howe sem á þessar krefjandi laglínur sem ég er að flytja í þessum tilteknu vídeóum,“ segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, gítarleikari Todmobile, en í ummælum við myndbandið Awaken er að finna ummæli frá Gilmour, sem er gítarleikari Pink Floyd.

Gilmour segist í ummælum sínum alltaf setja upp efasemdagleraugun þegar hann heyri aðra tónlistarmenn flytja tónlist Yes en þetta sé besta útgáfan af laginu sem hann hafi heyrt, fyrir utan Yes að sjálfsögðu. Gítarleikarinn neglir það sem Steve Howe gerði og flutningurinn er mjög áhrifamikill.

„Ég þurfti nú alveg að fara á tærnar þarna í Yes-meistarverkinu Awaken, maður minn,“ segir Þorvaldur.

Todmobile fagnar 30 ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg föstudaginn 2. nóvember en sérstakur heiðursgestur á tónleikunum verður skoski tónlistarmaðurinn Midge Ure, söngvari og lagahöfundur hljómsveitarinnar Ultravox. Hann er með merkari tónlistarmönnum Bretlands á níunda áratugnum og einn af stofnendum Live Aid. Þá samdi hann lagið Do they know it's Christmas ásamt Bob Geldof sem allir syngja um jólin.

Todmobile hefur áður haldið tónleika í Eldborg ásamt erlendum listamönnum sem meðlimir hljómsveitarinnar líta á sem áhrifavalda sína. Árið 2013 var það Jon Anderson, söngvari hljómsveitarinnar Yes. Í janúar 2015 var komið að Steve Hackett, gítarleikara Genesis, og haustið 2016 var Nik Kershaw sérstakur gestur Todmobile í Eldborg.

„Það er líka sérlega gaman hvað við erum að fá mikið af áhorfi á rokksögumyndböndin okkar, þetta er samanlagt komið í nærri milljón áhorf á YouTube, og það er fyrir utan áhorf á annað Todmobile-efni,“ segir Þorvaldur.

**benediktboas@frettabladid.is**



Todmobile ásamt Jon Anderson sem flutti Awaken. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**I AM ALWAYS A BIT SUSPICIOUS WHEN I HEAR OTHER MUSICIANS PERFORM 'YES MUSIC' BUT THIS IS THE BEST VERSION OF THIS SONG OTHER THAN YES THAT I HAVE EVER HEARD. THE GUITAR PLAYER NAILS WHAT STEVE HOWE PLAYS AND ALL CREDIT TO HIM. A VERY MOVING RENDITION.**

David Gilmour, gítarleikari Pink Floyd

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

# Vetur kemur

## Vetrardagurinn fyrsti 27. október

# Vetrartilboð



Það er kuldi í kortunum

**Tilboðsverð**

**Softshell jakki**

Fox, S/M/L/XL/2XL.

**7.865**

93460140-4

Almennt verð: 10.495



**Tilboðsverð**

**Kuldagalli**

Microflex, S/M/L/XL/2XL/3XL.

**18.745**

93451719-24

Almennt verð: 24.995

**25% afsláttur**
af kuldagöllum og regnfatnaði

**25% afsláttur**
af merino ullarnærfatnaði frá Dovre

**Tilboðsverð**

**Langermabolur eða buxur**

Merino ull, S/M/L/XL/2XL.

**5.245**

93598600-4

Almennt verð: 6.995



Mikið úrval af sköfum



**Gott verð**

**Hálkusalt**

10kg. fata.

**1.395**

54710127




**Gott verð**

**Rúðuvökvi 3l.**

**595**

42382328



**25% afsláttur**
af bökunarvörum*
gildir ekki af raftækjum

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land

Tilboð gilda til 31. október eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Þorbjargar Gunnlaugsdóttur



# Með ljósin kveikt

Haustið er erfiður tími fyrir okkur myrkfælna fólkið. Í myrkrinu leynast hætturnar nefnilega nokkurn veginn alls staðar. Auðvitað er til það fólk sem finnst rökkrið huggulegt og við kertaljós vopnuð nokkrum rauðvínsflöskum getur það svo sem verið. Flestar stundir sitjum við samt stjörf af hræðslu, viðbúin hinu allra versta.

Það þarf að opna umræðuna um okkur sem sofum með ljósið kveikt á svefnherbergisganginum. Þvoum þvottinn að morgni því við höfum ekki taugar í þvottahúsið í kjallaranum á kvöldin. Förum helst ekki út eftir rökkur nema að tala við einhvern í síma. Horfum ekki á draugamyndir eða einhvern skepnuskap í sjónvarpinu á kvöldin því söguhetjurnar eiga það til að verða eftir í stofunni þegar myrkrið skellur á. Lítum ekki Bruce Willis sömu augum eftir að hann reyndist draugur í einni bíómyndinni. Getum ekki treyst honum. Og getum ekki sofið með drauga gangandi um stofuna.

Auðvitað fer maður ekki alveg óundirbúinn inn í haustið, því hætturnar hafa leynst víðar. Sem barn hræddist ég unglinga. Í dag frekar tölvupóst. Finnst erfitt að ýta á send því pósturinn gæti farið eitthvert vitlaust. (Hef óvart sent fundarboð á hálft stjórnkerfið sem og starfsmenn Reykjavíkurborgar og er að vinna mig frá þeim kvíða.) Hræðist hurðir á almenningssalernum og kíki ofan í klósettskálar, þar gætu leynst rottur. Hræðist lífsógnandi smit sem Google-leitin sefar sjaldnast óttann við. Er hrædd við hákarla í sundi en sit örugg í heita pottinum og fylgist með hvort kríur sjáist á flugi. Ég fer varlega í lífinu og vil ekki glannaskap. Og þó ég geti kannski ekki synt mér til heilsubótar hleyp ég allt sem ég fer á haustin. Logandi hrædd að vísu.










Sóma Veislubakkar

★ FERSKAR HUGMYNDIR ★

— FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

**GAMLI GÓÐI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Hangikjöt, eggjasalat.
Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.
Rækjusalat.

**EÐALBAKKI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Hangikjöt, lauksósa, salatmix.
Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.
Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

**LÚXUSBAKKI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.
Kjúklingur, egg, lauksósa.
Reyktur lax, íssalat.

**PÍTUBAKKI**
3.980 kr.

24 bitar fyrir 5 manns
Tikka masala kjúklingur og íssalat.
Reykt skinka.
Eggja- og íssalat.

**PARTÝBAKKI**
4.430 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.
Fetaostur, rauðlaukur, spínat.
Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

**VEISLUBAKKI**
4.430 kr.

30 bitar fyrir 5 manns
Reykt skinka, egg, íssalat.
Tikka masala kjúklingur, íssalat.
Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

**ÁVAXTABAKKI**
4.430 kr.


40 - 60 bitar fyrir 5 - 8 manns
Mangó, ananas, melónur, vínber og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

**DESERTBAKKI**
2.450 kr.

50 bitar fyrir 10 manns
Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
Kókostoppar með súkkulaði.

**KÖKUBAKKI**
3.550 kr.

24 bitar fyrir 10 manns
Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.
Gulrótarkaka með rjómaostakremi.
Eplakaka með kanilkeim.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

